










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. apríl 2008 — 88. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Mæðravernd í Níkaragva



Þróunarsamvinnustofnun Íslands hefur staðið fyrir byggingu mæðrahúsa í Níkaragva og var hið fimmta opnað á dögunum.

TÍMAMÓT 18

### Tímamót hjá lífeyrisþegum

Í dag eru fyrstu skrefin stigin í þá átt að að bæta hag lífeyrisþega og einfalda almannatryggingakerfið, skrifar Jóhanna Sigurðardóttir.

UMRÆÐAN 16

### Verum í sambandi



Farsímasambandi hefur verið komið á við Hótel Bjarkarlund, þar sem tökur á Dagvaktinni hefjast hvað úr hverju.

FÓLK 30

### Háspenna í körfunni



Snæfellingar mokuðu Njarðvíkingum út úr úrslitakeppninni.

ÍÞRÓTTIR 26

**VEÐRIÐ Í DAG**





**VÍÐA BJART VEÐUR** Í dag verður norðaustan 10-18 úti við suðausturströndina annars 5-10. Stöku él norðaustan og austan til annars víða bjart veður, einkum sunnan og vestan til. Hiti breytist lítið.

VEÐUR 4

# Fasteignaviðskiptin 25 milljörðum minni

**Fasteignamarkaðurinn hefur snöggkólnað á fyrstu þremur mánuðum ársins. Greiningardeildirnar gera ráð fyrir allt að fimm prósenta lækkun á fasteignaverði að nafnvirði á árinu. Óvissan mikil, segir aðjúnkt í viðskiptafræði.**

**FASTEIGNIR** Velta á fasteignamarkaði hefur verið um 25 milljörðum minni það sem af er þessu ári, miðað við sama tímabil í fyrra. Veltan hefur verið rúmlega 37 milljarðar á þessu ári en hún var rúmlega 62 milljarðar á fyrstu þremur mánuðum ársins í fyrra.

Samtals var 1.110 kaupsamningum þinglýst á fyrstu þremur mánuðum ársins en 2.143 á fyrstu þremur mánuðum ársins í fyrra. „Það eru miklir óvissutímar í efnahagsmálum og ljóst að erfitt er að spá um þróun mála. Líklegt má þó telja að fasteignaverð muni lækka en það er erfitt að segja hversu mikið," segir Oddgeir Ágúst Ottesen, aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík.

Ásdís Kristjánsdóttir, hjá greiningardeild Kaupþings, segir kólnunina vera mikla en hún sé í takt við það sem gert var ráð fyrir í hagspá bankans frá því í febrúar. Í sama streng taka Hörður Garðarsson hjá greiningardeild Glitnis og Kristrún Tinna Gunnarsdóttir hjá greiningardeild Landsbankans. Deildirnar gera allar ráð fyrir að verð á fasteignum muni lækka að nafnvirði á þessu ári, Kaupþing um tvö til þrjú prósent, Landsbankinn um allt að fimm prósent og Glitnir um þrjú prósent.

Deildirnar gera allar ráð fyrir því að munur á fasteignaverði milli hverfa og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu muni aukast; það verði hærra á stöðum þar sem eftirspurn er tiltölulega stöðug en lækka, jafnvel skarplega, þar sem eftirspurnin er lítil en framboðið mikið. Fasteignamat ríkisins hefur ekki tekið saman hvernig fasteignaverð hefur þróast milli sveitarfélaga og hverfa.

Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir „frost" ríkja á fasteignamarkaðnum og það geti haft alvarlegar afleiðingar. „Stjórnvöld hafa sagst ætla að fella niður stimpilgjaldið og eftir því bíða fjölmargir kaupendur. Það getur haft alvarlegar afleiðingar ef algjör doði ríkir í langan tíma á markaðnum. Það er líka óábyrgt af hálfu stjórnvalda að stuðla að því að gera ástandið verra en það gæti verið, með því að segjast ætla að fella niður gjöld en tímasetja það ekki nánar." **- mh**

Dýrkeypt grín:

## Rekinn fyrir ritstuld

**HÖFUNDARRÉTTUR „Hann sendi mér póst þessi strákur. Baðst afsökunar á að hafa stolið brandaranum mínum. Og spurði hvort ég gæti reddað honum úr þessari klípu," segir Hugleikur Dagsson, rithöfundur og teiknari.**



HUGLEIKUR DAGSSON

**Fyrir skömmu barst Hugleiki sem sagt tölvupóstur þar sem nemandi við California Polytechnic State University sagði sínar farir ekki sléttar. Hann hafði freistast til að endurteikna brandara úr bókinni Should You Be Laughing at this?, fyrstu bók Hugleiks, og birta í skólablaðinu sem sinn. Upp komst um verknaðinn og skólayfirvöld vísuðu honum umsvifalaust úr skólanum. „Þarna eru vissulega önnur viðhorf en hér eru," segir Hugleikur.** - jbg/sjá síðu 30



**MÓTMÆLI Á LANGHOLTSVEGI** Menn láta heyra í sér við Langholtsveg en þar voru tvenn mótmæli í gær á einum gatnamótum. Helgi Hóseasson var þar öðrum megin en ungir piltar sem mótmæltu hækkun bensínverðs hinum megin. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ungir piltar á Langholtsvegi:

## Mótmæltu háu bensínverði

**MÓTMÆLI** Þeir Jón Karl Einarsson og Atli Óskar Fjalarsson mótmæltu hækkun bensínverðs með því að þrengja að umferð á Langholtsvegi í gær.

„Hækkunin fer ekkert framhjá okkur því ég er á vespu og hann Jón er með æfingaleyfi á bíl," segir Atli Óskar. „Við ætluðum fyrst að stoppa umferð en létum svo nægja að vera á hálfri akrein svo fólk þurfti að sveigja fram hjá okkur. Lögreglan kom og var með einhvern skæting og við viljum ekki komast í kast við lögin. Við gerum þá kannski eins og Helgi Hóseasson og stöndum á gangstéttinni."

Helgi var einmitt hinumegin við götuna með sín reglulegu mótmæli og segir Atli að hann hafi tekið félagsskap þeirra vel. **- jse**

Skeljungur lækkar verð á bensíni og dísilolíu sem nemur olíugjaldi:

# Bensínlítrinn á 107,20 krónur

**NEYTENDAMÁL** „Okkur finnst tímabært að almenningur átti sig betur á því hversu stóran hlut ríkið hrifsar til sín," segir Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri neytendasviðs Skeljungs.

Milli klukkan hálfátta og hálftíu í dag verður bensínlítrinn seldur á 107,20 krónur og dísilolía á 117,40 krónur hjá Skeljungi við Bústaðaveg, sem samsvarar því að ekki séu greidd eldneytisgjald í ríkissjóð heldur aðeins virðisaukaskattur. Fullt sjálfsafgreiðsluverð með olíugjaldinu er 149,40 fyrir bensín og 158,40 krónur fyrir olíuna.

„Skeljungur mun að sjálfsögðu greiða gjöldin eftir sem áður og tekur því á sig þann kostnað sem lækkuninni fylgir. Því miður höfum við ekki bolmagn til að bjóða þetta lengur en í tvo tíma en allir sem koma í röðina fyrir hálftíu fá afgreiðslu," segir Stefán Karl.

Mikill þrýstingur hefur verið á ríkisstjórnina að lækka olíu- og bensíngjald vegna hækkandi olíuverðs ytra og gengisfalls íslensku krónunnar.

„Olíufélögin eru tilneydd að hækka sitt útsöluverð í takt við hækkandi heimsmarkaðsverð en ríkið hins vegar getur vel lagt sitt af mörkum með því að draga úr þessari skattpíningu," segir Stefán Karl. **- gar/jse**




## SPURNING DAGSINS



*Óttarr, er þetta þitt útrásarverkefni?*

„Þetta á nú meira skylt við útferð en útrás.“

Óttarr Hrafnkelsson, forstöðumaður Ylstrandarinnar í Nauthólsvík, hefur áhyggjur af frárennslisröri sem veitti menguðu vatni í sjó rétt við Ylströndina í vetur.

Samningsmarkmið vegna aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði skilgreind:

# Þjóðin kjósi um samningsmarkmið

**STJÓRNMÁL** Magnús Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins, vill að ríkisstjórnin láti vinna samningsmarkmið fyrir hugsanlegar aðildarviðræður við Evrópusambandið. Að vinnunni komi allir stjórnmálaflokkar, aðilar vinnumarkaðarins, sveitarfélög og fleiri.

Magnús, sagðist í samtali við Fréttablaðið, telja Evrópuumræðuna of ómarkvissa; leiðarsteina vanti til að þoka henni áfram. „Ég tel að það verði best gert með því að móta samningsmarkmið þar sem dregið verður fram hvað leggja ætti áherslu á í viðræðum.“ Í framhaldinu yrðu samningsmarkmiðin borin undir þjóðaratkvæðagreiðslu og niðurstöðurnar réðu hvort sótt yrði um aðild og aðildarviðræður hafnar.



> Ég held að bæði þeir sem eru hlynntir og andvígir aðild ættu að fagna svona tillögu því þá fá menn tækifæri til að vinna sínum sjónarmiðum fylgi.
>
> MAGNÚS STEFÁNSSON
> ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

„Ég held að bæði þeir sem eru hlynntir og andvígir aðild ættu að fagna svona tillögu því þá fá menn tækifæri til að vinna sínum sjónarmiðum fylgi,“ segir Magnús sem sjálfur lætur ekkert uppi um eigin afstöðu til aðildar.

Samþykki þjóðin að hefja viðræður við ESB á grundvelli skilgreindra markmiða þurfi að breyta stjórnarskránni. Þjóðin fái svo endanlegan samning við Evrópusambandið til atkvæðagreiðslu.

Magnús hefur hugleitt að leggja fram þingsályktunartillögu um að ríkisstjórnin stigi þetta skref en óvíst er hvort af því verður nú á vorþingi. **- bþs**

Valgerður Sverrisdóttir:

## Telur starfslokin grunsamleg

**ALÞINGI** Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins, telur að Magnús Pétursson sé að láta af starfi forstjóra Landspítala vegna breyttrar stefnu stjórnvalda í heilbrigðismálum.

Á Alþingi í gær setti hún málið í samhengi við ummæli Geirs H. Haarde forsætisráðherra, sem gat þess við kynningu á ríkisstjórnarsamstarfinu að stjórnarflokkarnir væru sammála um að standa að breytingum í heilbrigðiskerfinu.

Geir sagði þetta dylgjur, hann hefði á sínum tíma verið að tala um breytingar á sjúkratryggingakerfinu. Annars væri málið á forræði heilbrigðisráðherra. **- bþs**

# Krefjast bóta vegna nagandi veggjatítlu

**Veggjatítla hefur tekið sér bólfestu í húsi á Skólavörðuholti og er ekki vitað hve miklar skemmdirnar eru. Eigendurnir höfða skaðabótamál þar sem vitað var um títlurnar áður en viðskipti áttu sér stað. Málið verður dómtekið í vor.**

**REYKJAVÍK** Fjölbýlishús á Skólavörðuholti liggur undir skemmdum vegna þess að veggjatítla hefur tekið sér bólfestu í húsinu. Ekki er vitað hversu miklar skemmdirnar eru og kemur það ekki almennilega í ljós fyrr en farið verður í viðgerðir. Á meðan þrífast veggjatítlurnar í húsinu.

Verið er að skipuleggja framkvæmdir til að ráða niðurlögum títlunnar en ekki er ljóst hvenær þær munu eiga sér stað. Eigendur hússins hafa höfðað skaðabótamál gegn seljanda tveggja íbúða og fasteignasala á þeim forsendum að vitað hafi verið um veggjatítlurnar árið 2004 þegar fasteignaviðskiptin áttu sér stað og að það sé galli sem hefði átt að taka fram áður en viðskiptin áttu sér stað. Ekki er vitað hvenær veggjatítlurnar bárust í húsið en ljóst er að vitað var um þær fyrir 2004.

Skaðabótamálið verður dómtekið í vor og standa vonir til að dómur verði kveðinn upp í haust. Í millitíðinni hafa íbúarnir og dómskveðin matsnefnd kannað hvað hægt er að gera og hvernig brugðist er við veggjatítlum í öðrum löndum, til dæmis í Bretlandi.

Veggjatítlur eru algengar víða um heim, bæði í timburhúsum og timburhúsgögnum, og hafa þær borist til svæða eins og Grænlands og Íslands sem eru þeim óbyggileg ef þær þyrftu að komast af úti í náttúrunni, að sögn Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun.

Í lok júní og snemma í júlí klekjast út púpur sem eru inni í viðnum og út skríða bjöllur. Bjöllurnar naga sig upp að yfirborði viðarins og við það myndast göt sem valda eyðileggingu í húsum.

Á tveimur vikum makast veggjatítlur og kvendýrin verpa eggjum í sprungur eða göt í viðnum. Eggin klekjast út á þremur til fjórum vikum og lirfurnar fara að éta sig inn í viðinn. Talið er að þrjú til átta ár líði þar til lirfurnar fara að púpa sig en á meðan éta þær sig um viðinn. Hita- og rakastig hefur afgerandi áhrif á afkomu veggjatítlunnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að kjöraðstæður séu í húsinu á Skólavörðuholti til að veggjatítlurnar geti þrifist þar, mikill raki og hiti í veggjunum á ákveðnum tímum árs.

Nokkur tilfelli af veggjatítlum hafa komið upp hér á landi síðustu ár, að sögn Erlings. Athygli vakti fyrir um tíu árum þegar timburhús í Hafnarfirði var brennt vegna veggjatítlu.

ghs@frettabladid.is



**Á SKÓLAVÖRÐUHOLTI** Veggjatítla hefur tekið sér bólfestu í húsi á Skólavörðuholti í Reykjavík. Ekki er vitað hversu miklar skemmdirnar eru. Skaðabótamál hefur verið höfðað og verður dómtekið í vor þar sem vitað var um veggjatítlurnar fyrir árið 2004 en þess ekki getið þegar fasteignaviðskipti áttu sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**BÍLSTJÓRAR SNÚSSA** Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir neftóbak oft virka til að slíta mótmælum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vörubílstjórar mótmæltu:

## Geir Jón gaf bílstjórum í nefið

**MÓTMÆLI** Vörubílstjórar mótmæltu hækkandi bensínverði með því að stöðva umferð í báðar áttir í Ártúnsbrekku á áttunda tímanum í gærmorgun. Sturla Jónsson, talsmaður hópsins, var færður í lögreglubíl en ekki handtekinn.

Mótmælunum lauk skömmu fyrir klukkan átta og umferð komst smám saman í samt lag. Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn gaf mótmælendum í nefið og að því loknu kvöddust þeir og vörubílstjórarnir keyrðu á brott. Geir Jón sagði þetta ekki vera í fyrsta sinn sem neftóbak hefði bundið enda á mótmælaaðgerðir.

Boðað hefur verið til fjöldamótmæla á Austurvelli klukkan 16 í dag vegna málsins. **- sgj**

Rafmagnsleysi í Reykjavík:

## Rafmagn fór af í fjóra tíma

**RAFMAGNSLEYSI Rafmagn fór af Mosfellsbæ, Kjalarnesi, Grafarholti og Grafarvogi um rúmlega fjögurra klukkustunda skeið vegna bilunar í háspennustreng í gær. Rafmagnið fór af laust eftir hádegi, en ekki er vitað hvað olli biluninni. Á fjórða tug þúsunda búa á svæðinu. - sgj**



**FRJÁLST TÍBET** Mótmælendur hvöttu stjórnvöld til aðgerða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Vinir Tíbets:

## Hvetja yfirvöld til aðgerða

**MÓTMÆLI Hópur fólks, sem kallar sig Vini Tíbets, afhentu ríkisstjórninni í gær bréf með ákalli um aðgerðir til stuðnings Tíbet. Nærri ein og hálf milljón manns hafa skráð sig á bænaskrá Avaaz um að mannréttindi Tíbeta verði virt og að kínversk stjórnvöld hefji viðræður við Dalai Lama.**

**Bréfið verður sent öllum alþingismönnum, en í því eru tillögur um hvernig beita megi kínversk stjórnvöld þrýstingi, meðal annars í tengslum við Ólympíuleikana sem fram fara í Beijing í sumar. - sgj**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Strætóbílstjóri hlýddi ekki**

Lögreglumenn þurftu að aka í veg fyrir strætisvagn til að stöðva strætóbílstjóra sem hlýddi ekki stöðvunarmerkjum lögreglu í Reykjavík í gær. Lögreglan vildi tala við hann vegna umferðarlagabrots og var hann kærður áður en hann keyrði farþegana áfram sína leið.

**97 óku of hratt í göngunum**

97 ökumenn voru myndaðir á of miklum hraða í Hvalfjarðargöngum frá föstudegi til mánudags. Meðalhraði hinna brotlegu var 84 kílómetrar á klukkustund, en hámarkshraðinn í göngunum er 70 kílómetrar. Sá sem hraðast ók var á 109 kílómetra hraða.


Gott á þriðjudegi




NÓATÚN

www noatun.is LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ


Skýr krafa um að samgöngumiðstöðin sé ekki einungis hugsuð sem flugstöð:

# Segir samgöngumiðstöðina skárri kostinn af tveimur slæmum

**SAMGÖNGUMÁL** „Ef þetta hús á að rísa er það skýr krafa að þetta sé ekki bara flugstöð og að byggingin geti gegnt hlutverki samgöngumiðstöðvar þótt flugvöllurinn fari,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur. Á fundi Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra og Kristjáns Möller samgönguráðherra í gær voru kynntar tillögur að samgöngumiðstöð sem ætlað er að hýsa alla samgöngustarfsemi borgarinnar.

„Þarna má sjá fyrir sér umferðarmiðstöð þar sem rútur og strætóar stoppa og einnig hugsanlega tengingu við hraðlest til Keflavíkur eða aðra samgöngumöguleika sem við kynnum að nýta í framtíðinni,“ segir Gísli og bendir á að af tveimur slæmum kostum sé betra að ein miðstöð rísi en að bráðabirgðarflugstöðvar séu reistar „hér og þar í Vatnsmýrinni eins og menn hafa verið að biðja um á undanförnum vikum.“

Í tilkynningu um málið segir að æskilegt sé að miðað sé við að fyrsti áfangi samgöngumiðstöðvarinnar verði tilbúinn í lok næsta árs. Lóðin sem afmörkuð hefur verið er sjö hektarar og sú stærð miðast við flugrekstrarstarfsemi. Flytjist hún hins vegar úr Vatnsmýrinni er gert ráð fyrir því að lóðin minnki um þrjá hektara vegna flughlaða og aukabílastæða. Deiliskipulagsvinna vegna samgöngumiðstöðvar er þegar hafin. **- kdk**



**SAMÖNGUMIÐSTÖÐ** Borgaryfirvöld gerðu bindandi samning við samgönguráðuneytið um samgöngumiðstöð þegar Steinunn Valdís Óskarsdóttir var borgarstjóri. Samgöngumiðstöðin mun taka að rísa á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Lækkaðu verðið!

# -2kr.




ÓB stöðvarnar kappkosta að bjóða sem lægst eldsneytisverð hverju sinni og þú getur lækkað það enn frekar með ÓB-lyklinum sem veitir 2 króna afslátt af hverjum lítra.

**Aukaafsláttur**

Til viðbótar við 2 krónu afsláttinn getur þú safnað Vildarpunktum Icelandair eða Aukakrónum hjá Landsbankanum með því að tengja lykilinn við annað hvort kortið.




**20 stöðvar um land allt**

## Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is
## eða hringdu í síma 515 1141

TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA \ 9080374

## GENGIÐ 31.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 76,49 | 76,85 |
| Sterlingspund | 152,21 | 152,95 |
| Evra | 120,94 | 121,62 |
| Dönsk króna | 16,221 | 16,315 |
| Norsk króna | 15,041 | 15,129 |
| Sænsk króna | 12,878 | 12,954 |
| Japanskt jen | 0,7682 | 0,7726 |
| SDR | 125,77 | 126,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
155,5023

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Mál Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar, prófessors við Háskóla Íslands:

# Rektor tekur sér lengri tíma

**MENNTUN** Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, vill taka sér enn lengri tíma til að ákveða hvernig brugðist verði við dómi Hæstaréttar yfir Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni prófessor. Hún hefur þó sagt að hún líti dóminn alvarlegum augum.

Rektor hafði áður gefið út að ákvörðunar væri að vænta eftir páskana, en seinna sagði hún að það yrði í gær, mánudag. Nú heitir hún niðurstöðu fyrir lok vikunnar.

Hannes var dæmdur í Hæstarétti 13. mars til að greiða Auði Sveinsdóttur, ekkju Halldórs Laxness, bætur fyrir að brjóta gegn höfundarrétti að verkum hans.



KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Háskólayfirvöld hafa verið gagnrýnd fyrir að hafa ekki brugðist við umræðunni um vinnubrögð prófessorsins, og sérstaklega við skýrslu Helgu Kress um vinnubrögð Hannesar, sem kom út árið 2004. Í henni er því haldið fram að Hannes hafi nýtt sér verk fjölda annarra höfunda og fræðimanna, án þess að geta heimildar með fullnægjandi hætti. Helga hefur bent á að þessi brot kunni að standa menntastofnun nær en brot gegn höfundarrétti Laxness.

Rektor hefur ekki viljað tjá sig um áhrif dómsins á trúverðugleika skóla sem stefnir í hóp bestu háskóla heims og Hannes sjálfur segist ekki ætla að tjá sig um málið fyrr en á fimmtudag, þegar hann hafi farið yfir það með sínu fólki. **- kóþ**

Íbúar fengu nóg af bola:

## Naut fangelsað fyrir óspektir

**MEXÍKÓ, AP Íbúar bæjarins Canalumtic í Mexíkó fengu sig fullsadda af óðu nauti sem reif í sig kornuppskeru og bramlaði kofana þeirra. Þeir afréðu því að henda því í fangelsi. Nautið hafði gengið laust í tæpan mánuð.**

**Nautinu verður ekki sleppt úr fangaklefanum fyrr en eigandi þess borgar fyrir skemmdirnar, sagði lögreglustjóri fyrir helgi. Þær eru að andvirði rúmlega 30 þúsund krónur, sömu upphæð og hann borgaði fyrir nautið fyrir fjórum mánuðum.**

**Í fyrra var hundur tekinn fastur fyrir að bíta mann. Þurfti hann að dúsa í steininum í tólf daga. - sgj**



ÁRNI M. MATHIESEN



LÚÐVÍK BERGVINSSON

Uppskipti löggæslunnar:

## Kallar á breytingar á lögum

**ALÞINGI Breyta þarf lögum svo ákvörðun stjórnvalda um uppskiptingu á embætti Lögreglustjórans á Suðurnesjum nái fram að ganga.**

**Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, vakti á því athygli á Alþingi í gær, um leið og hann lýsti efasemdum sínum um að rétt sé að skilja á milli lög- og tollgæslu á Keflavíkurflugvelli.**

**Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra sagði málið eiga eftir að koma fyrir þingið en þegar þar að kæmi gæfist gott tækifæri til að ræða það. - bþs**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Datt úr stiga á steinsteypu**

Maður hlaut höfuðverka í vinnuslysi í fyrirtæki við Gagnheiði á Selfossi í gær. Stigi sem hann stóð í rann undan honum og féll hann fjóra metra niður á steinsteypt gólf.

### ÁRÉTTING

Dómstólar hafa eftirlit með því hvort hlerunarheimild, sem þeir veita lögreglu, er beitt. Samkvæmt lögum ber lögreglu að láta þá sem hafa verið hleraðir vita eins fljótt og auðið er, hafi þeir verið hleraðir en rannsóknin ekki leitt til neins. Eftirlitið með því hvort menn eru látnir vita er hjá lögreglu. Þetta skal áréttað hér með en skilja mátti frétt á síðu sex í Fréttablaðinu í gær, þar sem vitnað var í ríkissaksóknara, með öðrum hætti.

# Reyndur sérfræðingur segir Sundagöng óráð

**Fyrrum forstöðumaður Jarðborana ríkisins segir lagningu Sundabrautar í göng óráð. Vegna leka í bergi yrðu þau fokdýr og hætta á mannskaða í jarðskjálftum. Bergið er þétt og göngin yrðu trygg svarar forsvarsmaður rannsóknarteymis.**

**SAMGÖNGUMÁL** Ísleifur Jónsson, verkfræðingur og fyrrverandi forstöðumaður Jarðborana ríkisins í þrjátíu ár, segir mikinn vafa leika á því að hægt sé að leggja Sundabraut að hluta til í neðansjávargöng.

Hópur undir forystu Árna Hjartarsonar, jarðfræðings hjá Íslenskum orkurannsóknum, skilaði Vegagerðinni greinargerð í haust um að hægt væri að gera göng undir Elliðavog.

Ísleifur gagnrýnir að aðeins hafi verið boruð ein rannsóknarhola í Elliðavogi. Það sé alls ekki nóg.



ÁRNI HJARTARSON

„Menn vita ekkert hvaða berg er undir Elliðavoginum. Það hefur aðeins ein hola verið boruð og það er ekki nóg. Það þarf miklu meiri rannsóknir. Bergið getur verið svo lekt og vatnsaginn getur verið svo mikill að alls ekki sé hægt að ráða við hann í gangnagerðinni,“ segir Ísleifur.

Um þetta atriði segir Árni að auk holunnar í Elliðavogi hafi tvær skáholur verið boraðar á ströndinni sitt hvoru megin. „Það er rétt að þetta eru dálítið fáar holur en hins vegar sýndu okkar boranir að það eru samhangandi jarðlög þvert yfir voginn. Bergið er ekki það besta sem sést hefur en þokkalegt jarðgangaberg eigi að síður, tveggja til þriggja milljón ára gamalt og vel þétt,“ segir Árni.



**ÍSLEIFUR JÓNSSON** Forstöðumaður Jarðborana ríkisins í þrjátíu ár segir alls ónógar rannsóknir að baki væntanlegri ákvörðun um það hvort Sundabraut verði að hluta í neðansjávargöngum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ísleifur segir enga reynslu vera af jarðgangagerð í sunnlensku bergi sem sé allt annað en til dæmis í Hvalfirði. „Heilbrigð skynsemi segir manni að við erum á jarðskjálftasvæði og ef það kemur stór jarðskjálfti geta komið rifur inn í göngin neðansjávar og þau gætu þá orðið ansi fljót að fyllast. Það getur enginn ábyrgst annað. Ekki vildi ég vera að standa í því að drekkja fólki,“ segir Ísleifur sem telur að menn ættu að halda sér við brýr. Af þeim hafi íslenskir verkfræðingar reynslu auk þess sem þær geti verið mjög fallegar.

Árni á hinn bóginn telur göngin myndu verða öruggari en brýr með tilliti til jarðhræringa:

„Það er verkfræðileg staðreynd að neðanjarðarmannvirki standa betur af sér jarðskjálfta en þau sem eru á yfirborðinu. Auk þess hafa ekki orðið slíkir jarðskjálftar hér á sögulegum tíma að það myndist gapandi sprungur í jörðina,“ segir Árni, sem kveðst búast við að borgaryfirvöld taki fljótlega ákvörðun á grundvelli áðurnefndar rannsóknar sem lauk í haust. **gar@frettabladid.is**

Útibú ÍSOR á Akureyri:

## Sérfræðingar vilja ekki flytja

**ORKUMÁL** Erfiðlega hefur gengið að fá hæft starfsfólk til starfa hjá útibúi Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR) á Akureyri. Þetta kom fram í máli Ólafs G. Flóvenz, forstjóra ÍSOR, á ársfundi stofnunarinnar.



ÓLAFUR G. FLÓVENS

„Því er ekki að leyna að fremur erfiðlega hefur gengið að fá fólk með viðeigandi menntun til starfa við útibúið,“ sagði Ólafur.

„Reynslan virðist vera að kenna okkur að erfiðlega gangi að fá fólk til að flytja að sunnan til Akureyrar þannig að nauðsynlegt er að byggja á fólki sem á rætur í Eyjafirði eða nálægum byggðum.“ **- bj**

Nýr minningasjóður:

## Styrkja veika til Anfieldferða

**MANNÚÐAMÁL** Vinir og fjölskylda Þórs Willemoes Petersen, sem lést á annan í páskum aðeins sautján ára að aldri eftir tíu ára baráttu við krabbamein, hafa nú stofnað minningasjóð í samvinnu við Liverpoolklúbbinn á Íslandi.

„Markmiðið er að styrkja börn og unglinga sem eiga við erfiðleika að etja til ferða á Anfield að fylgjast með leikjum Liverpool,“ segir Jón Óli Ólafsson, formaður klúbbsins. „Þór fór sjálfur á Anfield í nóvember síðastliðnum og átti þar skemmtilegar stundir og okkar von eru að sem flestir sem við vanda eiga að etja geti gert það sömuleiðis.“

Tekið er á móti framlögum í sjóðinn á bankareikningi 140-26-9140 í Landsbankanum og kennitala eiganda er 131155-3369. **- jse**






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson
Veðurfræðingur

**YFIRLEITT HÆGARI VINDUR**

Í gær var víða vonskuveður á fjöllum á Vestfjörðum og síðan á Austurlandi. Í dag verður vindur hins vegar yfirleitt mun hægari en þó má búast við allhvössum vindi úti við suðaustur- og austurströndina með snörpum hviðum við fjöll. Einnig er mun minni úrkoma í kortunum.



Á MORGUN
Vaxandi A-átt. 13 -18 m/s sunnan til síðdegis.

FIMMTUDAGUR
13-18 m/s NV-til annars mun hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Billund | 11° |
| Ósló | 6° |
| Stokkhólmur | 10° |
| Gautaborg | 9° |
| London | 15° |
| París | 12° |
| Frankfurt | 14° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Berlín | 16° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 19° |
| Basel | 15° |
| Eindhoven | 13° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 18° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

www.toyota.is

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 9 betri notaða bíla á sérkjörum



**Lexus GS300 EXE**
Sóllúga, 18" álfelgur
3000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 10.01 Ekinn: 80.000 km
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. JE-317



**Toyota Corolla Sol**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 03.07 Ekinn: 7.000 km
Verð: 2.490.000 kr. Skr.nr. TI-774



**Lexus IS250**
Leður, sóllúga
2500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 09.07 Ekinn: 10.000 km
Verð: 5.710.000 kr. Skr.nr. NA-X87



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 32.000 km
Verð: 1.950.000 kr. Skr.nr. UJ-916



**Toyota Avensis W/G Sol**
17" álfelgur, leður og dráttarbeisli
2000 Dísel 6 gíra
Á götuna: 05.07 Ekinn: 59.000 km
Verð: 3.550.000 kr. Skr.nr. TJ-951



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 58.000 km
Verð: 3.330.000 kr. Skr.nr. SM-261



**Toyota Corolla W/G**
1600 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.03 Ekinn: 79.000 km
Verð: 1.320.000 kr. Skr.nr. PR-733



**Toyota RAV4**
Vindskeið, filmur
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 04.04 Ekinn: 65.000 km
Verð: 2.330.000 kr. Skr.nr. AU-674



**Toyota Hilux**
33" breyttur, pallhús, dráttarbeisli, grillgrind, kastarar, toppgrind og húddhlíf
2500 Dísel 5 gíra
Á götuna: 08.06 Ekinn: 28.000 km
Verð: 3.450.000 kr. Skr.nr. AV-106

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41794 03.2008

## KJÖRKASSINN



*Ferð þú á ylströndina í Nauthólsvík á sumrin?*

| | |
|---|---|
| Já | 19,7% |
| Nei | 80,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ertu hlynnt(ur) byggingu samgöngumiðstöðvar í Vatnsmýri?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Maður á áttræðisaldri dæmdur í óskilorðsbundið fangelsi:

# Tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot

**DÓMSMÁL** Karlmaður á áttræðisaldri var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í tveggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gagnvart tveimur stúlkum þegar þær voru á aldrinum 10-12 ára. Önnur stúlkan var stjúpbarnabarn mannsins. Maðurinn var jafnframt dæmdur til að greiða stúlkunum samtals 1200 þúsund krónur í bætur vegna brotanna gegn þeim.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa káfað innan klæða á stjúpbarnabarni sínu á heimili barnsins í eitt sinn þegar hún var á aldrinum 10-12 ára. Þótti dómnum framburður mannsins ótrúverðugur í málinu og þá benti vottorð sálfræðings til þess að stúlkan hefði orðið fyrir erfiðri lífsreynslu.

Maðurinn var auk þess ákærður fyrir að hafa á heimili sínu káfað innan klæða á annarri stúlku þegar hún var ellefu ára og brotið gróflega gegn henni með öðrum hætti árið 1994. Hann bjó með ömmusystur hennar.

Maðurinn neitaði einnig sök í þessu tilviki en út frá framburði stúlkunnar og vitnisburði sálfræðings var hann sakfelldur. Honum var jafnframt gert að greiða sakarkostnað, samtals að upphæð tæplega 1,3 milljónir króna. - jss



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Dæmdi manninn í tveggja ára óskilorðsbundið fangelsi.

Eldflaugaárás í Bagdad:

# Enn ráðist á „græna svæðið“

**ÍRAK, AP Hið svokallaða „græna svæði“ í Bagdad, höfuðborg Íraks, varð fyrir eldflaugaárás í gær, en engan sakaði. Hryðjuverkamenn hafa undanfarið herjað á svæðið, sem hýsir sendiráð Bandaríkjanna og Bretlands auk stjórnsýslubygginga írösku ríkisstjórnarinnar.**

**Skærum í borginni Basra lauk að mestu í gær, en fyrir viku hóf íraski herinn áhlaup gegn hersveitum sjíaklerksins Muqtada al-Sadr. Á sunnudag fyrirskipaði al-Sadr hersveitum sínum að leggja niður vopn. Yfirmenn íraska hersins segja að aðgerðum ljúki á næstunni. - sgj**

Byggðarráð í Norðurþingi:

# Gefur grænt ljós á áætlun

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Byggðarráð Norðurþings gerði engar athugasemdir við drög að áætlun vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu að Bakka við Húsavík og 150 megavatta jarðhitavirkjun við Þeistareyki. Fulltrúi Vinstri grænna í ráðinu lét bóka að hann mótmælti því að afgreiða umsagnir án þess að fulltrúar „fái tækifæri til að kynna sér fylgigögn málsins“.

Meirihluti byggðarráðs Norðurþings, fulltrúar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, svaraði því til í bókun að þar sem drög að tillögu að matsáætlun hefðu legið fyrir frá 3. janúar þá væri því hafnað að fulltrúar hefðu ekki haft tækifæri til þess að kynna sér gögnin. - mh

Fóstureyðingum fjölgar lítið:

# Um 900 fóstrum eytt 2006

**HEILBRIGÐISMÁL** Fóstureyðingum fjölgaði lítillega á árinu 2006 samanborið við tvö árin þar á undan. Fram kemur í Fréttabréfi landlæknis að þrátt fyrir þetta hafi fóstureyðingum fækkað sé miðað við hverja 1.000 lifandi fædda. Alls voru 894 fóstureyðingar framkvæmdar árið 2006. - bj



**SAMDRÁTTUR** Um 7,6 prósentum minni verðmæti fengust fyrir útfluttar sjávarafurðir fyrstu tvo mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P.

Vöruskiptajöfnuður í febrúar:

# Tvöfalt óhagstæðari en 2007

**EFNAHAGSMÁL Vörur að andvirði um 32 milljarða króna voru fluttar til landsins í febrúar, en á sama tíma voru fluttar út vörur fyrir 19,5 milljarða króna. Vöruskiptajöfnuður var því neikvæður um 12,5 milljarða króna.**

**Þetta er ríflega tvöfalt hærri upphæð en í febrúar í fyrra, þegar vöruskiptajöfnuður var óhagstæður upp á 5,5 milljarða króna á sama gengi, samkvæmt frétt á vef Hagstofu Íslands.**

**Fyrstu tvo mánuði ársins var verðmæti útflutnings 8,9 milljörðum króna minna en á sama tíma í fyrra, á sama gengi. Það nemur um sautján prósentum. - bj**

# Útlit fyrir að botni þrenginga sé náð

**Formaður Framsóknarflokksins kallar eftir þjóðarsátt um aðgerðir gegn efnahagsvandanum. Formaður VG telur jákvætt fyrir ástandið að Samfylkingin tjái sig ekki um það. Forsætisráðherra segir útlit fyrir að botninum sé náð.**

**ALÞINGI** Styrking krónunnar og gengishækkun hlutabréfa í gær bendir til þess að botninum sé náð, að mati Geirs H. Haarde forsætisráðherra.

Rætt var um efnahagsmál á Alþingi í gær að beiðni Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins. Guðni sagðist í ræðu sinni kjósa að tala um raunhæfar leiðir til lausnar fremur en að hafa allt á hornum sér. Kvaðst hann jafnframt óttast að ríkisstjórnin ætlaði að láta reka á reiðanum og almenningur og launafólk borgaði brúsann. „Lausatök ríkisstjórnarinnar blasa við, forsendur fjárlaga eru brostnar,“ sagði Guðni og lagði til aðgerðir í efnahagsmálum sem hann vonaðist til að sátt mætti nást um.

Geir H. Haarde rakti aðstæður á erlendum fjármálamörkuðum og áhrif þeirra á íslenskt efnahagskerfi. Sagði hann ánægjulegt að krónan og hlutabréfamarkaðurinn hefðu styrkst í gær - á fyrsta viðskiptadegi eftir ársfund Seðlabankans. „Það bendir til þess að botninum í þessum efnum sé náð.“

Geir sagði fáránlegt að segja stjórnvöld ekki aðhafast neitt, ýmislegt væri gert þó ekki væru um það upphrópanir í fjölmiðlum. Sagði hann jafnframt að margt væri í undirbúningi á vettvangi ríkisstjórnar og Seðlabanka sem ekki væri hægt að greina frá fyrirfram.

Um leið og Steingrímur J. Sigfússon, formaður VG, fagnaði að á vettvangi ríkisstjórnarinnar væri unnið að tillögum sem flokkur hans hefði kynnt fyrir nokkrum vikum lagði hann til að Samfylkingin fjallaði ekki um efnahagsmál í um það bil hálft ár. Slíkt gæti haft jákvæð áhrif á efnahagsástandið í för með sér.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, sagði Steingrím skorta trúverðugleika; mikilvægt væri að snúa bökum saman í að verja heimilin í landinu og standa vörð um bankana. Sagði hún ákveðið að auka gjaldeyrisforða Seðlabankans, líkt og hún gat um í ræðu á flokksráðsfundi á sunnudag.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sagði mikilvægt að verja krónuna en um leið að lækka verðbólgu og treysta stöðu. Mælti hann fyrir lækkun álaga á olíu og bensín, lækkun skatta á vöruflutningum og tolla og vörugjalda á matvöru.

bjorn@frettabladid.is



**LAUSNIR FREMUR EN REIÐILESTUR** Guðni Ágústsson segir forsendur fjárlaga brostnar og vonast til að sátt náist um tillögur Framsóknarflokksins um aðgerðir í efnahagsmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Spennandi starf inni í blaðinu.

Hive SKO





Framsóknarmenn leggja til aðgerðir vegna aðstæðna í efnahagslífinu:

# Tekið verði 500 milljarða lán

**ALÞINGI** Framsóknarflokkurinn hefur kynnt tillögur að aðgerðum til að bregðast við vanda efnahagslífsins.

Meðal annars vill flokkurinn að gjaldeyrisforði Seðlabankans verði efldur með erlendum lántökum upp á allt að 500 milljarða króna.

Framsóknarmenn vilja að Íbúðalánasjóður taki yfir fasteignalán banka undir tilteknum fjárhæðarmörkum og lengi í lánunum. Þannig verði, með félagslegum hætti, komið að vanda tekjulægra fólks. Einnig vilja þeir afnema tengingu lána við brunabótamat og rýmka heimildir til hámarkslána.

Í tillögunum er líka gert ráð fyrir lækkun álaga á eldsneyti, niðurfellingu virðisaukaskatts á matvæli og niðurfellingu stimpilgjalda. - bþs

## ÞJÓÐARSÁTT GEGN EFNAHAGSVANDANUM



**GUÐNI ÁGÚSTSSON** Formaður Framsóknarflokksins.

- Gjaldeyrisforði Seðlabanka verði efldur.
- Íbúðalánasjóður yfirtaki íbúðalán bankanna, sé það vilji bankans eða lántakandans.
- Peningamálastefnan verði endurskoðuð.
- Forsendur fjárlaga verði endurskoðaðar.
- Sértækir neysluskattar verði lækkaðir eða felldir á brott.
- Tekið verði upp öflugt verðlagsog verðmerkingaeftirlit.
- Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið verði efld.
- Áfram verði unnið að undirbúningi stórframkvæmda.
- Hvatt verði til sparnaðar með skattalegum aðgerðum.


MÍLA ER EINS ÁRS Í DAG
Míla er lífæð samskipta á Íslandi. 1. apríl 2007 var fjarskiptanet Símans skilið frá annarri starfsemi félagsins og fyrirtækið Míla stofnað. Þrátt fyrir ungan aldur hefur Míla því yfir hundrað ára reynslu sem leiðtogi á sviði samskipta á Íslandi.
Míla er í forystu á fjarskiptamarkaði og rekur eitt fullkomnasta fjarskiptakerfi í heimi, sem tryggir hröð, traust og fjölbreytt samskipti milli fólks í landinu, hvort sem það er heima eða í vinnunni.
Míla veitir fyrirtækjum eins og Símanum, Vodafone, Hive, Nova, RÚV og Tetra, þá þjónustu sem þau þurfa til að geta selt fjarskiptaþjónustu til sinna viðskiptavina.
Ef að þú vilt vita meira um okkur þá bendum við þér á heimasíðuna okkar www.mila.is
Afmæliskveðjur frá starfsfólki Mílu
míla
EINS ÁRS
Míla er aðalstyrktaraðili Fimleikasambands Íslands.
Míla ehf. | Stórhöfða 22-30 | Sími 585-6000 | www.mila.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða bankastofnun sagði nýlega upp eða gerði starfslokasamninga við fjórtán konur?*
2. *Hver höfðar nú mál gegn Vegagerðinni vegna nýs Gjábakkavegar við Þingvelli?*
3. *Hvert er aðalstarf Zlatkos Krickic, sem fer með hlutverk handrukkara í Stóra planinu?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Breskri réttarrannsókn á láti Díönu prinsessu lokið:

# Engin merki um samsæri

**BRETLAND, AP** Réttarrannsókn á láti Díönu prinsessu hefur ekki leitt í ljós neinar sannanir um að samsærismenn hafi skipulagt dauða hennar.

„Það eru engar vísbendingar um að hertoginn af Edinborg hafi skipað fyrir um aftöku Díönu, né heldur eru neinar vísbendingar um að leyniþjónustan eða nokkur önnur ríkisstofnun hafi skipulagt það,“ segir áfrýjunardómarinn Scott Baker, sem stjórnaði réttarrannsókninni.

Díana prinsessa fórst, ásamt kærasta sínum Dody Fayed og bílstjóra þeirra, í bílslysi í París árið 1997.



**ÞUNGUR Á BRÚN** Mohamed Al Fayed, faðir kærasta Díönu prinsessu, fékk ekki grunsemdir sínar staðfestar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mohamed Al Fayed, faðir Dodys, hefur lengi haldið því fram að Filippus drottningarmaður og breska leyniþjónustan hafi staðið á bak við dauða þeirra. Hann ítrekaði þessar ásakanir í vitnisburði sínum við réttarrannsóknina.

Nærri 250 manns báru vitni í tengslum við rannsóknina, þar á meðal nánir vinir Díönu, einkaritari Filippusar, fyrrverandi yfirmaður bresku leyniþjónustunnar og Paul Burrell, fyrrverandi einkaþjónn Díönu.

Baker sagði kviðdómi að sýnt hafi verið fram á að sumar af ásökunum Al Fayeds væru „svo gjörsamlega úr lausu lofti gripnar að lögfræðingur hans fylgir þeim ekki lengur eftir, jafnvel þótt hann haldi í hjarta sínu áfram að trúa á sannleiksgildi þeirra“. - gb

Samfylkingin í Hafnarfirði:

# Tveir bjóða sig til formanns

**HAFNARFJÖRÐUR Líkur eru á því að tekist verði á um formennsku í Samfylkingarfélaginu í Hafnarfirði á aðalfundi félagsins 9. apríl. Til greina kemur að Gunnari Axel Axelssyni, ritara félagsins, verði stillt upp til formanns og að Valgerður Halldórsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi, bjóði sig fram. Guðni Kjartansson, formaður uppstillingarnefndar, segir að venjan sé að uppstillingarnefnd leggi fram lista á aðalfundi. Átta sitji í stjórn Samfylkingarfélagsins; fimm í aðalstjórn og þrír í varastjórn. Listinn verði ekki gerður opinber fyrr en á aðalfundinum.** - ghs



**HUNDRUÐ BÍÐA** Hundruð íbúa bíða eftir því að fá að flytja heim til sín eftir að klettar hrundu á fjölbýlishúsið í Álasundi í síðustu viku.

Álasund í Noregi:

# Enn mikil sprengihætta

**NOREGUR Rífa verður fjölbýlishúsið, sem hrundi í bergskriðu í Álasundi í Noregi í síðustu viku, til að finna þá sem óttast er að liggi þar látnir. Niðurrifið getur ekki byrjað fyrr en brunanum úr gastanknum í kjallara hússins er lokið, segir í vefútgáfu Dagens Nyheter.**

**Björgunarstarfið á svæðinu er enn mjög áhættusamt þar sem hætta er á því að þrír klettar á bak við húsið geti hreyft sig frekar og aukið þar með líkurnar á skriðu og frekara hruni og slysum á svæðinu. Mikil sprengihætta er talin fyrir hendi.**

**Hundruð íbúa bíða eftir því að fá að flytja í hús sín í nágrenni fjölbýlishússins.** - ghs

## BANDARÍKIN

### Guantanamo fangi ákærður

Bandarísk yfirvöld hafa ákært Ahmed Khalfan Ghailani, fanga í Guantanamo-búðunum á Kúbu, fyrir aðild að mannskæðri árás á sendiráð Bandaríkjanna í Tansaníu árið 1998. 11 manns fórust í árásinni.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Sæta lengra varðhaldi

Mennirnir sex sem eru grunaðir um fólskulega líkamsárás gegn íbúum í Keilufelli munu sæta gæsluvarðhaldi til 14. apríl. Tveir þeirra kærðu úrskurðinn, en Hæstiréttur staðfesti hann í gær.



**HLUTI KJALVEGAR** Sextán þingmenn vilja að hagkvæmni nýs heilsársvegar yfir Kjöl verði könnuð. Skiptar skoðanir eru innan ferðaþjónustunnar um hvort slíkur vegur sé greininni til góðs eða ills. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vegagerðin efast um heilsársveg yfir Kjöl

**SBA-Norðurleið telur heilsársveg yfir Kjöl geta aukið vaxtarmöguleika ferðaþjónustunnar. Samtök ferðaþjónustunnar telja slíkan veg svipta hálendið öræfastemningu. Vegagerðin telur ýmis verk brýnni.**

**STJÓRNMÁL** Það er býsna mikið verk að meta umhverfisáhrif heilsársvegar yfir Kjöl og hæpið að ráðast í það nema að sérstökum fjárheimildum fengnum, segir í umsögn Vegagerðarinnar um þingsályktunartillögu um heilsársveg yfir Kjöl. Í henni er ríkisstjórninni falið að kanna þjóðhagslega hagkvæmni slíks vegar auk þess sem gerð verði forkönnun á umhverfisáhrifum og samfélagsleg áhrif könnuð á atvinnustarfsemi og byggðir.

Sextán þingmenn úr öllum flokkum, utan VG, flytja tillöguna. Kjartan Ólafsson Sjálfstæðisflokki er fyrsti flutningsmaður.

Í umsögn Vegagerðarinnar segir að ef eigi nýr Kjalvegur að bera þungaflutninga kosti hann líklega á milli sex og sjö milljarða og að nefnt hafi verið að kostnaður vegna vetrarþjónustu verði um 100 milljónir á ári. Þá segir að lengstum hafi verið lögð meiri áhersla á að bæta vegi um byggðir landsins en hálendisvegi. „Þó vegakerfið hafi batnað verulega á síðustu áratugum er enn talin ærin þörf fyrir margs konar úrbætur, ekki síst á aðal flutningaleiðum,“ segir í niðurlagi umsagnar Vegagerðarinnar.

Fjölmargir umsagnaraðilar leggjast gegn tillögu Kjartans og félaga. Í þeim hópi eru Landvernd, Ferðaklúbburinn 4x4 og Ferðafélag Íslands. Samtök ferðaþjónustunnar eru einnig andvíg, á þeim forsendum að samkvæmt tillögunni yrði nýr vegur lagður yfir ósnortið land sem myndi skera í sundur allar helstu göngu- og reiðleiðir norðan Hofsjökuls. „Vegur af þeirri gerð sem hér er rætt um sviptir hálendið sérkennum sínum og þeirri öræfastemningu sem ferðamenn sækjast eftir,“ segja Samtök ferðaþjónustunnar.

Rútufyrirtækið SBA-Norðurleið er á öðru máli. „Ferðaþjónusta á Norðurlandi kemst í betra samband við stærsta markaðssvæði landsins, sem eykur vaxtarmöguleika hennar í fjórðungnum. Þá er ljóst að með lagningu þessa vegar sparast háar fjárhæðir í eldsneyti sem lækkar flutningskostnað verulega,“ segir í umsögn fyrirtækisins.

Fleiri eru hlynntir, til dæmis Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og Samtök verslunar og þjónustu, sem segja í sinni umsögn fulla ástæðu til að hvetja til að byltingarkenndar hugmyndir í samgöngumálum séu skoðaðar. bjorn@frettabladid.is

Viðkomuleysi Hrunamanna:

# Skora á fólk að geta fleiri börn

**SVEITARSTJÓRNIR** Áhyggjur eru í Hrunamannahreppi af lítilli viðkomu og hefur fræðslunefndin óskað eftir fleiri börnum með ákalli í smáauglýsingu á heimasíðu hreppsins:

„Nú er svo komið að lítið er af barnsfæðingum í Hrunamannahreppi og sjáum við fram á fækkun barna í leik- og grunnskólanum. Til dæmis eru einungis fjögur börn sem byrja í 1. bekk haustið 2008. Viljum við taka undir þær hvatningar sem við fengum frá leikskólakonunum á hjónaballinu og hvetja fólk á öllum aldri til að leggjast á .... eitt og fjölga barneignum í sveitinni. Minnum á að um ókeypis líkamsrækt er að ræða. Með von um góða skemmtun.“ - gar



**ÍSÓLFUR GYLFI PÁLMASON** Sveitarstjórinn í Hrunamannahreppi.

## UNGVERJALAND

### Heilbrigðisráðherra rekinn

Ferenc Gyurcsany, forsætisráðherra Ungverjalands, hefur rekið Agnesi Horvath fjármálaráðherra úr ríkisstjórn sinni. Hætta er á stjórnarkreppu, þar sem Bandalag frjálsra demókrata, samstarfsflokkur Sósíalistaflokks forsætisráðherrans í ríkisstjórninni, er afar ósátt við brottvísun fjármálaráðherrans, sem er úr röðum frjálsra demókrata.




Styttri siglingatími, bætt þjónusta.

Jónar Transport bjóða nú upp á mun styttri afhendingartíma á sjóflutningum frá Bretlandi. Vegna breytinga á siglingaáætlunum getum við nú komið vörum frá Immingham á fimmtudegi og haft þær tilbúnar til losunar í Reykjavík á mánudagsmorgni. Nýttu þér hraða, trausta og persónulega þjónustu okkar.

Jónar Transport

www.jonar.is

# ENGAR HÆKKANIR HÉR.




Gengi krónunnar hefur fallið og hækkanir hafa orðið á innfluttum vörum og eru enn frekari hækkanir boðaðar. Við hjá IKEA segjum stolt frá því að verðið á 2.901 vöru sem við lofuðum Íslendingum í vörulista okkar, útgefnum í ágúst 2007, er í fullu gildi. Og verður í fullu gildi allt fram í ágúst á þessu ári. Hvað sem krónan segir. Það köllum við verðöryggi.

ÍSLENSKA SIA.IS IKE 41662 ©Inter IKEA Systems B.V. 2008

Opið 10:00-20:00 virka daga | Laugardaga kl. 10:00 - 18:00 | Sunnudaga kl. 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is

IKEA®



**HLAUPIÐ UNDIR FORMANNINN** Kínverski hlauparinn Liu Xiang hljóp í gær með ólympíueldinn gegnum hlið hins himneska friðar. Yfir honum vakti Mao Zedong heitinn, fyrrverandi leiðtogi kínverskra kommúnista. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forstjóri Íslenskra orkurannsókna segir erfiðleika á fjármálamarkaði ekki koma illa við orkugeirann:

# Orkuiðnaður styrkist frekar en veikist

**ORKUMÁL** Erfiðleikar í fjármálakerfinu munu ekki koma illa við orkugeirann, segir Ólafur G. Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR). Hann segir fyrirtæki í orkuiðnaði frekar koma til með að styrkjast en veikjast.

„Að öllu samanlögðu virðist mér blasa við að íslenskur orkuiðnaður með sterkar rætur í kunnáttu á virkjun jarðhita eigi bjarta framtíð fyrir sér, bæði innanlands og í útrás til annarra landa,“ sagði Ólafur á ársfundi ÍSOR nýverið.

Ólafur sagði gengisfall krónunnar hafa lítil áhrif á orkufyrirtækin, þó skuldir í erlendri mynt hækki. Á móti komi að tekjur af stóriðju séu í erlendri mynt.

Þá muni gengislækkunin styrkja samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja á borð við ÍSOR. Hátt gengi krónunnar hafi verið farið að verða fyrirtækinu talsverður fjötur um fót.

Aukist atvinnuleysi hér á landi vaxa frekar en minnka líkur á frekari uppbyggingu á orkumannvirkjum, ekki síst með virkjun háhitasvæða, sagði Ólafur.

Hann benti á að orkuþörf heimsins sé mikil, og aukin brennsla jarðefnaeldsneytis magni loftslagsvandann. Orkuverð muni halda áfram að stíga, sem og áhersla á endurnýjanlega orku.

„Það þýðir að hvernig svo sem fjármálakreppan mun birtast okkur þá mun orkuiðnaðurinn standa hana af sér og ef til vill fremur eflast en hitt,“ sagði Ólafur. - bj

### VILJA AÐ ÍSOR VERÐI EINKAVÆDDAR

Vonir standa til að iðnaðarráðherra ljúki vinnu við frumvarp um einkavæðingu Íslenskra orkurannsókna (ÍSOR), og það verði lagt fram á Alþingi í upphafi haustþings, sagði Ólafur G. Flóvenz, forstjóri ÍSOR, á ársfundi stofnunarinnar.

Hann sagði stjórn og starfsmenn ÍSOR hafa látið skoða kosti og galla þess að einkavæða stofnunina. Í leynilegri atkvæðagreiðslu síðastliðið haust hafi 94 prósent starfsmanna óskað eftir því við iðnaðarráðherra að ÍSOR verði breytt í hlutafélag í sameiginlegri eigu ríkisins, starfsmanna og fyrirtækja í orkuiðnaði.

KAUPTHING BANK

// 4. apríl 2008 //

Seed Forum

FJÁRFESTINGAÞING NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKJA

KAUPÞING Borgartúni 19, Reykjavík

DAGSKRÁ

08:30 Skráning

09:00 Opnun
Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins

Stjórnvöld og nýsköpun
Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra

Englanet og Mótframlagssjóður
Mr. David Grahame, CEO of LINC
National Business Angel Network Scotland

09:45 Nýsköpunarfyrirtæki kynna viðskiptahugmyndir sínar:
Hersir Invest
Accel Jet
Mentis Cura

10:15 Kaffihlé

EFF2
Oppdal Naturstein
Inveco Nord
MIND

11:30 Léttur hádegisverður fyrir frumkvöðla og fjárfesta

12:30 Ráðstefnulok

SKRÁNING
Þar sem sæti eru takmörkuð eru þátttakendur beðnir um að skrá sig á http://www.seedforum.is

RÆÐUMENN



Hr. Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra



Hr. David Grahame CEO of LINC

Breski sendiherrann, Alp Mehmet býður ráðstefnugestum til móttöku á heimili sínu kl. 17.00.

Léttur kvöldverður að Höfða kl. 19.00.

KAUPTHING BANK Landsbankinn klak NÝSKÖPUNARMIÐSTÖÐ EYRIR INVEST ParX NÝSKÖPUNARSJÓÐUR brú VENTURE CAPITAL Nýsköpunarmiðstöð Íslands

nánari upplýsingar á www.seedforum.is

vísir.is
„...ég sá það á vísi“



**LITLA-HRAUN** Lögreglan á Selfossi rannsakar árás á fanga þar sem útskurðarsporjárni var stungið í rasskinn hans.

# Árásin í fangelsi fordæmd

**Árás á Litla-Hrauni á föstudag, þegar fangi stakk annan með útskurðarsporjárni, er hörmuð og fordæmd af Afstöðu, félagi fanga. Málið er í rannsókn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Við hörmum þennan atburð og fordæmum hann,“ segir Magnús Einarsson, formaður Afstöðu, félags fanga, um atvik sem varð í fangelsinu á Litla-Hrauni á föstudag þegar fangi var stunginn með útskurðarsporjárni í rasskinn.

Atburðurinn varð með þeim hætti að fjórir fangar komu inn í söluturn í fangelsinu þar sem fyrir voru þrír fangar. Einn hinna síðarnefndu vissi svo ekki fyrr en hann fékk sting í aðra rasskinnina. Þegar hann fór að huga betur að varð hann var við að í rasskinninni stóð útskurðarsporjárn sem einn mannanna fjögurra hafði stungið í hann.

Fanginn gerði þegar vart við hvernig komið var og var fluttur á Heilsugæsluna á Selfossi þar sem gert var að sárinu en það reyndist minni háttar. Hinir fjórir voru settir í einangrun og yfirheyrðir sem sakborningar. Þeir fengu að fara í klefa sína að lokinni yfirheyrslu.

Enn er ekki ljóst hver fjögurra fanganna var valdur að verknaðinum. Grunur leikur á að þarna hafi menn talið sig vera að jafna gamalt ósætti, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Lögreglan á Selfossi rannsakar málið.

„Niðurstaða lögreglu um hver beitti sporjárninu liggur ekki fyrir,“ segir Margrét Frímannsdóttir, fangelsisstjóri á Litla-Hrauni.

„Svona nokkuð á ekki að viðgangast, hvorki í fangelsinu né úti í samfélaginu,“ segir Magnús, sem kveður Afstöðu hafa fjallað um þetta mál. „Við höfum verið að reyna að bæta ímynd fanga og sýna fram á að við getum snúið til betra lífs,“ segir hann enn fremur. „Atvik af þessum toga eru ekki til þess fallin að hjálpa til í þeirri baráttu.“

Magnús segir að atvikið hljóti að hafa gerst í hita leiks. Atburðir af þessu tagi séu betur fer ekki algengir í fangelsum.

„Ástandið hér á Litla-Hrauni hefur verið nokkuð gott, andrúmsloft og hegðun manna mjög góð. Því er mjög slæmt þegar þetta gerist og við erum ekki sáttir við svona atburði.“ jss@frettabladid.is

16% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is
ÁRGUS / 08-0100



Braust inn í sumarhús:

## Fékk átta mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í gær dæmdur í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði skilorðsbundna, fyrir að brjótast inn í tvö sumarhús í landi Öndverðarness og Miðengis á Suðurlandi.

Samkvæmt því sem fram kemur í dómi Héraðsdóms Suðurlands stal maðurinn, ásamt félaga sínum, áfengi, hljómflutningstækjum, verkfærum og öðru lauslegu úr sumarhúsunum.

Í dómnum kemur fram að refsingin taki mið af því að maðurinn hefur tvisvar áður fengið dóma fyrir þjófnaði og með athæfi sínu var hann að rjúfa skilorð. - mh

Franska hjálparstarfsfólkið:

## Fékk náðun frá forseta Tsjad

**TSJAD, AP** **Idriss Deby, forseti Tsjads, hefur náðað sex franska hjálparstarfsmenn, sem höfðu hlotið dóm fyrir að ætla að ræna 103 börnum til ættleiðingar í Frakklandi.**

**Hjálparstarfsmennirnir sex voru framseldir til Frakklands þar sem þeir áttu að afplána dómana. Deby sagði náðun koma til greina eftir að franski herinn kom Tsjad til hjálpar í febrúar síðastliðnum, þegar uppreisnarmenn réðust inn í höfuðborg landsins.**

**Hjálparstarfsmennirnir sögðu börnin 103 vera munaðarleysingja frá Darfúr-héraði, en við rannsókn kom í ljós að flest þeirra áttu í það minnsta annað foreldranna á lífi eða annan náinn ættingja.** - gb



**LAUS ÚR STOFUFANGELSI** Fyrsta verk nýju stjórnarinnar var að fá Iftikhar Muhammad Chaudhry dómara lausan úr stofufangelsi. NORDICPHOTOS/AFP

Nýir ráðherrar í Pakistan:

## Vilja þrengja að völdum forseta

**PAKISTAN, AP** Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar í Pakistan sóru embættiseiða sína í gær frammi fyrir Pervez Musharraf forseta, sem er pólitískur andstæðingur þeirra.

Nýja ríkisstjórnin er staðráðin í að þrengja mjög að völdum forsetans, sem um árabil hefur notið stuðnings Bandaríkjanna. Musharraf hafði látið fangelsa suma af ráðherrunum eftir að hann rændi völdum í landinu árið 1999.

Musharraf klappaði stuttlega fyrir nýju ríkisstjórninni, en virtist spenntur og sagði þurrlega: „Þakka ykkur fyrir og til hamingju.“ - gb





Fjarnám á háskólastigi

KYNNINGARFUNDUR Á NORDICA
MIÐVIKUDAGINN 2. APRÍL KL. 17-18

Háskólinn á Akureyri býður upp á fjarnám sem fer að mestu fram í gegnum netið en til stuðnings eru myndfundir, lotur og aðrar samskiptaaðferðir.

Kynntu þér málið!

Í boði er eftirfarandi nám:

- B.Ed. í grunnskólakennarafræði
- B.Ed. í leikskólakennarafræði
- B.S. í iðjuþjálfunarfræði
- B.S. í líftækni
- B.S. í sjávarútvegsfræði
- B.S. í umhverfis- og orkufræði
- B.S. í viðskiptafræði

UMSÓKNARFRESTUR
ER TIL 5. JÚNÍ

Nánari upplýsingar eru á www.unak.is eða í síma 460 8000.

www.unak.is Allir velkomnir

512 Auglýsingasími 50 50



– Mest lesið






**FRJÁLST TÍBET** Lítil stúlka í Genf í Sviss heldur á fána til stuðnings frjálsu ríki í Tíbet. Mótmælendur hvöttu þjóðir heimsins til að sniðganga opnunarhátíð Ólympíuleikanna í Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Obama fær stuðning þingmanns og lýsir yfir sigri í forkosningum í Texas:

# Demókratar óttast sundrung

**BANDARÍKIN, AP** Hillary Clinton segist ekki ætla að gefast upp í baráttunni um útnefningu demókrata fyrir forsetakosningarnar í nóvember. Ýmsir hátt settir demókratar og stuðningsmenn Barack Obama hafa hvatt Clinton til að hætta í þágu Demókrataflokksins.

„Ég ætla ekki að hætta fyrr en við ljúkum við það sem við höfum og sjáum hvað gerist í næstu tíu prófkjörum,“ segir Clinton. Repúblikanar hafa þegar útnefnt John McCain sem frambjóðanda sinn og óttast demókratar að rígur Clinton og Obama muni skaða vinningslíkur demókrata.

Obama hefur nú 125 fulltrúa forskot á Clinton þegar taldir eru saman þeir fulltrúar sem valdir voru í prófkjörum og svokallaðir ofurfulltrúar. Hinir síðarnefndu eru þingmenn og aðrir kjörnir fulltrúar Demókrataflokksins, sem mega styðja þann frambjóðanda sem þeir vilja á landsþingi flokksins í ágúst.




**HILLARY CLINTON** Næstu forkosningar verða í Pennsylvaniu 22. apríl, en þar hefur Clinton nokkuð forskot í könnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr ofurfulltrúi lýsti yfir stuðningi við Obama í gær, Amy Klobuchar, þingmaður frá Minnesota.

Obama lýsti um helgina yfir sigri í forkosningunum í Texas sem fram fóru 4. mars síðastliðinn. Hillary hafði lýst yfir naumum sigri þar, en hún fékk 65 fulltrúa, en Obama 61 í opnu prófkjöri. Sama dag var hins vegar haldinn kjörfundur þar sem 67 fulltrúar voru kjörnir. Obama vann þar afgerandi sigur og endaði því með samanlagt fimm fulltrúa forskot umfram Clinton. **- sgj**

Enn dregst að birta úrslit:

## Mugabe sagður hafa tapað stórt

**SIMBABVE, AP Stjórnarandstaðan í Simbabve lýsti í gær yfir stórsigri í þing- og forsetakosningum sem fram fóru um helgina. Stjórnvöld hafa lítið sem ekkert birt af niðurstöðum kosninganna og óttast stjórnarandstæðingar að forsetinn Robert Mugabe ætli að falsa niðurstöðurnar.**

**Einn af ráðherrum Mugabes hefur misst þingsæti sitt, en kjörstjórn hefur aðeins birt niðurstöður úr 38 kjördæmum. Skiptust sigrar jafnt milli stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar.**

**Ríkisstjórn Mugabes hefur sætt gagnrýni fyrir gerræði og óstjórn í efnahagsmálum. - sgj**

Al Gore gerir víðreist:

## Stýrir herferð gegn útblæstri

**BANDARÍKIN, AP Al Gore, Nóbelsverðlaunahafi og fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, ýtti í gær úr vör þriggja ára herferð til að hvetja bandarísk stjórnvöld til að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda. Herferðin mun kosta milljónir dollara.**



**AL GORE**

**Auglýsingaherferðin mun líkja baráttunni gegn loftslagsbreytingum við önnur stórvirki mannkynsins, svo sem sigurinn gegn nasistum í seinni heimsstyrjöld, endalok þrælahalds í Bandaríkjunum og fyrstu tunglferðina.**

**Al Gore verður á Íslandi 7. til 8. apríl í boði forseta Íslands. - sgj**

Landssamband lögreglumanna:

# Nýr formaður boðar áherslubreytingar

**LÖGREGLUMÁL** „Raddir Landssambandins munu heyrast betur og oftar en áður,“ segir Snorri Magnússon, rannsóknarlögreglumaður og verðandi formaður Landssambands lögreglumanna.

Í gær fór fram talning í stjórnarkjöri Landssambands lögreglumanna. Alls bárust 523 atkvæði og var kosningaþátttaka því 71,64 prósent. Tveir listar voru í kjöri. Listi með Snorra sem formanni fékk yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Hann hlaut 358 atkvæði eða sjötíu prósent gildra atkvæða. Listi með Gils Jóhannssyni sem formanni fékk 151 atkvæði eða þrjátíu prósent. Auðir og ógildir seðlar voru fjórtán.

„Það verða áherslubreytingar hjá LL,“ segir Snorri, sem tekur við formennsku á þingi Landssambandsins síðar í apríl. Hann segir að áhersla verði lögð á að kynna betur og fjalla meira um málefni lögreglumanna.

„Línan verður lögð á þinginu í apríl,“ segir hann enn fremur. „Þar má nefna kröfur í kjarasamningagerð sem fer í hönd í haust. Það er alveg ljóst að farið verður fram á verulega hækkun grunnlauna, tekið á eftirlaunamálum og málum sem við erum að sjá í dómaframkvæmd. Heimildir eru fyrir hendi til miklu harðari refsinga en verið er að beita nú þegar ráðist er á lögreglumenn við störf.“ **- jss**



**SEGJA TILLÖGUM STUNGIÐ UNDIR STÓL** Margrét Sverrisdóttir, Dagur B. Eggertsson, Svandís Svavarsdóttir og Óskar Bergsson gagnrýna að skýrsla til að bæta borgarbraginn, sem unnin var á meðan þau voru við völd í borginni, hafi ekki verið tekin til athugunar hjá núverandi meirihluta þótt vandi miðborgarinnar sé ærinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölgun kráa veldur vanda

**Skýrsla sem fyrrverandi meirihluti borgarinnar lét vinna um miðborgarvanda kveður á um hertar reglur um áfengi. Ekkert fjallað um tillögurnar.**

**REYKJAVÍK** Miðborgarvandamál eru í flestum tilvikum birtingarmynd af enn stærra undirliggjandi vandamáli, það er ofneysluáfengis. Þetta er meðal þess sem kemur fram í fimmtíu síðna skýrslu með tillögum að úrbótum sem fyrrverandi meirihluti, sem starfaði undir stjórn Dags B. Eggertssonar, lét vinna í valdatíð sinni og kynnt var á blaðamannafundi í gær.

Gagnrýnt var að núverandi meirihluti hefði ekki nýtt sér tillögur skýrslunnar, sem lá fyrir tveimur dögum áður en meirihlutaskipti urðu í borginni.

Á fundinum kom fram sú skoðun fulltrúa minnihlutans að umræða og fréttir um miðborg Reykjavíkur undanfarnar vikur bæru vott um ráðaleysi núverandi meirihluta borgarstjórnar. Í raun væri sú staða með ólíkindum því líklega hefði áhugi íbúa fjárfesta og hagsmunaaðila aldrei verið meiri til að nýta tækifæri sem fram undan væru í miðborginni.

Dagur B. Eggertsson sagði að umburðarlyndi gagnvart húsum sem leyft væri að drabbast niður hefði verið of mikið. Þeim húseigendum sem hefðu látið húsin fara svo illa til þess eins að fá leyfi til niðurrifs til að geta selt lóðina til verktaka yrði að senda skilaboð um að slíkt yrði ekki liðið. Það væri fjarri lagi að miðborgin væri að verða fátækrahverfi eins og sumir hefðu haldið fram, auð verslunarhús væru ekki tilkomin vegna áhugaleysi verslunarrekenda heldur vegna þess að þeir vissu ekki hvaða stefna yrði tekin í skipulagsmálum. Það væri því sérstakt athugunarefni hvers vegna niðurstöðum skýrslunnar um betri miðborg sem fyrrverandi meirihluti hefði látið gera virtist hafa verið „stungið undir stól,“ eins og hann orðaði það.

Í skýrslunni er litið til reynslu borga sem markvisst hafa unnið að því að stemma stigu við miðbæjarvandamálum, en þau helstu séu tengd áfengisneyslu, sem komi í beinu framhaldi af auknum fjölda vínveitingastaða. Reynsla annarra borga sé að við slíkt ástand reynist vel að endurskilgreina reglur um leyfisveitingar og kröfur um vínveitingastaði, skoða þéttni slíkra staða, efla samstarf við hagsmunaaðila, setja reglur um meðferð áfengis á götum úti og tryggja sýnilega og öfluga löggæslu.

karen@frettabladid.is





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

Hörkutól

– með rykgrímu, hjálm og vinnuvettlinga

Samsung M110 farsíminn er nýjasta verkfærið í verkfærakassann. Honum er pakkað inn í sterkbyggða umgjörð sem er bæði ryk- og rakavarin (IP54) og hann er fullur af notadrjúgum aukabúnaði. Samsung M110 – er sannkallað hörkutól.

VGA myndavél
Vasaljós
Ryk- og rakavarinn (IP54)
Stereó FM-útvarp
Bluetooth
Innbyggður hátalari

TÆKNIVÖRUR Heildsöludreifing og þjónusta: Skútuvogi 12c

SAMSUNG

Fæst í helstu símaverslunum landsins


Gísli Marteinn Baldursson:

## Þakkar minnihlutanum fyrir

**REYKJAVÍK** „Ég þakka minnihlutanum fyrir að hafa vakið athygli á þessari skýrslu sem við báðum um og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson þáverandi borgarstjóri setti af stað í september,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður samgöngu- og umhverfisráðs Reykjakvíkurborgar en minnihlutinn í borgarstjórn kynnti í gær skýrslu sem tilbúin var í janúr og felur í sér tillögur að lausnum á miðborgarvandanum.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

Á fundi í gær gagnrýndu fulltrúar minnihlutans að ekki hefði verið litið til þess sem hún felur í sér og sögðu að svo virtist sem henni hefði verið stungið undir stól í borgarstjórn. „Skýrslan tekur á ýmsum málum sem varða miðborgina og góðra gjalda vert að á hana sé minnt,“ segir Gísli. **- kdk**




Fiton/SÍA

**PAJERO SAMEINAR KRAFTINN OG ÞÆGINDIN**

Íslenskir vegir gera kröfur um fullkomið fjórhjóladrif með 100% læsingu að aftan og stöðugleikastýringu. Íslenskir ökumenn gera kröfur um 3.300 kílóa dráttargetu og óviðjafnanleg þægindi fyrir allt að sjö manns, magnað 860w Rockford hljómkerfi, 18" álfelgur og dökkar rúður. Þá spillir bakkmyndavél ekki fyrir. Komdu og finndu hvernig Pajero stendur undir þessum kröfum lands og þjóðar.

170 HESTÖFL – DREGUR 3.300 KG – STÖÐUGLEIKASTÝRING
SPÓLVÖRN – ÞAKBOGAR – SUPER SELECT® 4X4 DRIFBÚNAÐUR
SJÖ SÆTA – DÖKKAR RÚÐUR – 100% LÆSING AÐ AFTAN

MITSUBISHI MOTORS

HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Lagaákvæðin virðast fremur sniðin að hagsmunum lögreglunnar en borgaranna.

# Eftirlitslaust eftirlit

JÓN KALDAL SKRIFAR

Heimildir lögreglunnar til að hafa eftirlit með fólki án vitneskju þess eru rúmar samkvæmt íslenskum lögum. Reyndar eru lagaákvæðin svo opin að þau virðast fremur vera sniðin að hagsmunum lögreglunnar en borgaranna.

Til þess að útvega sér dómsúrskurð um símhleranir, ljósmyndun eða hreyfimyndaupptökur á laun þarf lögreglan að sýna fram á að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt: „a. að ástæða sé til að ætla að upplýsingar, sem skipt geta miklu fyrir rannsókn máls, fáist með þessum hætti,“ og „b. að rannsókn beinist að broti sem varðað getur að lögum átta ára fangelsi eða ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjist þess.“

Þetta er ekki flókinn texti og nær fyrir vikið yfir víðfeðmt svið rannsókna á mögulegum afbrotum. Það er dómstóla að meta í hvert sinn hvort réttmætt sé að brjóta á einkalífi hinna grunuðu með eftirlitinu. Hér á landi beitir lögreglan símhlerunum fyrst og fremst í einum málaflokki, við rannsókn mögulegra fíkniefnabrota. Og hafa dómstólarnir verið mjög viljugir til að verða við óskum um hleranir við þær aðstæður.

*Löngu tímabært er að bæta eftirlit með framkvæmd hlerana. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er sá háttur hafður á að um leið og dómsúrskurður fellur er skipaður réttargæslumaður fyrir þann sem á að hlera.*

Í Fréttablaðinu í gær er sagt frá því að lögreglan hafi á síðasta ári sex sinnum fengið heimild til að hlera síma manns sem lá undir grun í tilteknu fíkniefnamáli. Að auki kom lögreglan fyrir svokölluðum eftirfararbúnaði í bíl mannsins og gat því fylgst með ferðum hans. Þegar til kastanna kom reyndist maðurinn ekki viðriðinn málið. Var hann þá búinn að sæta eftirliti svo vikum og mánuðum skipti.

Í greinargerð lögreglunnar, sem lá til grundvallar hlerunarheimildunum, kemur fram að maðurinn á brotaferil að baki. Lítill vafi er á því að sú saga mannsins hefur haft sitt að segja þegar héraðsdómur heimilaði eftirlit með honum, sex sinnum í röð, án þess að neitt kæmi í ljós sem gæfi tilefni til handtöku eða ákæru.

Þolinmæði okkar tíma gagnvart þeim sem mögulega stunda sölu og eða innflutning á fíkniefnum er af ákaflega skornum skammti. Það eru fáir tilbúnir að taka upp hanskann fyrir þá sem stunda slíka iðju. Engu að síður hlýtur það að vera umhugsunarefni ef lögreglan fær mjög frjálsar hendur til hlerana við rannsóknir fíkniefnamála. Slíkt andrúmsloft gagnvart hlerununum getur hæglega smitast milli málaflokka með tíð og tíma.

Meðal þess sem er löngu tímabært að bæta úr er eftirlit með framkvæmd hlerana. Í ýmsum nágrannalöndum okkar er sá háttur hafður á að um leið og dómsúrskurður fellur er skipaður réttargæslumaður fyrir þann sem á að hlera. Réttargæslumaðurinn fylgist þá með því, að skjólstæðingi sínum óafvitandi, að ekki sé brotinn réttur á honum. Þetta er rökrétt fyrirkomulag og dregur úr tortryggni um farið sé frjálslega með hleranir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Á öndverðum meiði

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra er andsnúin byggingu álvers við Helguvík. Hún segir að stóriðjuframkvæmdir á suðvesturhorninu séu ekki góð hagfræði heldur líklegar til að ýta undir enn meiri verðbólgu. Á öndverðum meiði er Geir H. Haarde forsætisráðherra. Hann telur að bygging nýs álvers geti þvert á móti orðið heppileg fyrir efnahagslífið og aukið hagvöxt. Það er því ljóst að hvort sem álver rís í Helguvík eða ekki verður niðurstaðan þvert á vilja annars stjórnarflokksins. Það hlýtur að skapa spennu á stjórnarheimilinu.



### Tossarnir sektaðir

Borgaryfirvöld hyggjast sekta eigendur niðurníddra húsa í miðborginni ef þeir taka ekki á sig rögg. Gott mál. En hversu mörg slík hús ætli séu í eigu borgarinnar? Nú er til dæmis næstum ár liðið frá því að nokkur hús brunnu í Austurstræti. Rústirnar eru enn á sínum stað - í boði borgarinnar, sem keypti að minnsta kosti eina eign. Getur farið svo að Reykvíkingar þurfi ekki aðeins að horfa upp á þetta gapandi sár í hjarta borgarinnar heldur einnig greiða sektir af þeim?

### Nauðbeygðir undir lögin

Egill Helgason spurði ráðherra og þingmenn í Silfrinu á sunnudag hvernig þeir gætu leyft sér að eyða peningum í aðstoðarmenn fyrir þingmenn í þeim efnahagsþrengingum sem nú eru. Atli Gíslason minnti á að Vinstri grænir voru ekki hlynntir þessu fyrirkomulagi á sínum tíma og sátu hjá í atkvæðagreiðslu. Engu að síður hafa þrír þingmenn Vinstri grænna ráðið sér aðstoðarmann, þar á meðal Atli sjálfur. Hann svaraði því til að hann færi að lögum í landinu. Bíðum við, eru þingmenn beinlínis skyldaðir til að hafa aðstoðarmenn? Það hlýtur að vera. Annars væri ekkert því til fyrirstöðu að Vinstri grænir sýndu afstöðu sína í verki með því að ráða ekki aðstoðarmenn.



bergsteinn@frettabladid.is

# Listin að þiggja



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Gjafir

Nokkru eftir að áhrifamaður í viðskiptalífinu sem ég þekki vel fagnaði merkum tímamótum í lífi sínu með fjölsóttri móttöku, kom sameiginlegur vinur okkar að máli við mig. Var að velta fyrir sér hvort maðurinn hefði fengið í hendur kjörgrip sem hann hafði sent honum í tilefni dagsins. Hvort ég hefði vitneskju um það.

Og ef svo væri – hvernig honum líkaði gjöfin. Gefandann hafði langað til að gleðja vin sinn, sem hann metur mikils, og lagt nokkuð á sig til að finna gjöf sem hæfði honum. Þar sem gripurinn sem hann valdi var augljóslega verðmætur þótti honum næstum óhugsandi að þiggjandinn hefði ekki slegið á þráðinn til að þakka fyrir sig, eða segja skoðun sína á honum og var eiginlega orðinn viss um að pakkinn hefði misfarist.

Svo var ekki. Og þiggjandinn var bæði hrifinn og hrærður. En lét þó ekki verða af því að láta gefandann vita af því. Ekki af því að hann meti hann ekki mikils, því að það gerir hann, heldur af einhvers konar meðvitundarleysi sem er orðið útbreytt hér á landi, þegar kemur að því að því þiggja gjafir – nema þegar gjöf er afhent af gefandanum sjálfum og þiggjandinn tekur hana upp í hans viðurvist.

Vísast hefur framangreindur áhrifamaður tjáð sig um gripinn næst þegar fundum þeirra vinanna bar saman, hvenær sem það svo var. En eftir tiltekinn tíma án viðbragða er augnablik eftirvæntingarinnar yfirleitt liðið hjá.

### Gleðin að gefa

Sú hefð hefur skapast að veislugestir í brúðkaupum, stórafmælum, fermingum og útskriftum komi færandi hendi og leggi gjafir sínar á sérstakt borð. Pakkarnir eru opnaðir eftir að veislunni lýkur og hreint ekki víst að gefendunum berist til eyrna hvernig viðleitni þeirra til að gleðja brúðhjónin, fermingarbarnið, afmælisbarnið eða stúdentinn lukkaðist. Á þessu eru auðvitað margar og góðar undantekningar og ýmislegt bendir til að hitt sé að verða algengara. Gestir eru boðnir velkomnir þegar þeir mæta, kvaddir og þakkað fyrir komuna og síðan ekki söguna meir. Þetta er hvorki vitnisburður um vanþakklæti eða virðingarleysi heldur tíðaranda.

Til eru þeir sem leggja umtalsverða vinnu og fyrirhöfn í að finna nógu góða gjöf fyrir vin eða ættingja, eitthvað sem hentar sérstaklega þeirra smekk og þörfum, eitthvað sem virkilega gleður þiggjandann, og kemur honum á óvart. Það eru nefnilega ekki orðin tóm að það sé meira gaman að gefa en þiggja. Þessir gefendur eru ekki endilega að búast við aðra sækjast eftir upphrópunum og yfirdrifnu þakklætismálæði. En það er dálítið spennufall fyrir þá að fá engin viðbrögð.

### Pöntunarlistinn

Þrátt fyrir framansagt er algengast í hraða og erli nútímans, að haft sé samband við aðstandendur og spurt um óskir tilvonandi brúðhjóna, afmælisbarna eða fermingarbarna. Gjarnan er þá vísað í tiltekna verslun sem er með lista yfir það sem brúðhjónin vilja fá. Fermingarbörn vita að á þessum tímamótum er óþarfi að halda aftur af sér þegar óskalistinn er saminn. Séu óskagjafirnar of dýrar fyrir eina fjölskyldu, taka fleiri fjölskyldur sig saman til að unglingurinn fái það sem hann raunverulega langar í á þessum degi.

Allt er þetta hagkvæmt, skilvirkt og gott og blessað. Allir fá það sem þeir vilja. Þiggjendurnir eru ánægðir með að fá óskir sínar uppfylltar og gefendurnir fegnir að losna við umstangið af því að leita að gjöfum.

En er þetta ekki orðið dálítið sjálfvirkt og ópersónulegt? Að fá í hendur pöntunarlista, í stað þess að þurfa að setja sig í spor þiggjendanna og og leggja það við eigið gildismat hvað er besta gjöfin. Hvaða skilaboð eru þetta til nýrrar kynslóðar á þröskuldi fullorðinsáranna? Hugsar þetta unga fólk hlýlega til gefendanna þegar það opnar pakkana sína, eða er þetta sjálfsagður afrakstur fermingar, giftingar og annarra tímamóta? Nokkurs konar fjölskyldu- og vinaskattur sem öllum ber að standa skil á. Ræða foreldrar þeirra við þau um að þetta séu væntumþykjugjafir en ekki skyldusendingar eða aðgöngumiði að veislunni. Hvetja þau börn sína sem eru að fermast, giftast eða útskrifast til að þakka fyrir sig. Og láta vita að þau séu ánægð með gjöfina, ef þau eru það í raun og veru. Ef ekki með símtali, þá með samskiptaæð nútímans, tölvupósti eða SMS-skeyti.

Spurningin er hvort foreldrarnir sjálfir átta sig á þessu, en það er náttúrulega lykilatriði. Það er mikill sannleikur í því sem góður vinur minn, sem nú er látinn, Kristján skáld frá Djúpalæk, sagði einhverju sinni við mig: „Eplið fellur sjaldan langt frá eikinni, Jónína mín, og það besta sem maður getur gert fyrir börn sín – og kannski það eina – er að vera sæmileg eik!“

# Vegvísir eða farartálmi?

**UMRÆÐAN**
Evrópumál



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Fleiri og fleiri stjórnmálamenn og skríbentar lýsa sig nú reiðubúna til að ræða vegvísi um hvernig unnt gæti verið að haga umsóknarferli um aðild að Evrópusambandinu. Það er góðs viti. Leiðari Þorsteins Pálssonar um þetta efni á sunnudag kallar hins vegar á nokkrar athugasemdir.

Í fyrsta lagi virðist Þorsteinn ganga út frá því að ekki sé unnt að taka ákvörðun um aðild fyrr en stjórnarskrá hafi verið breytt. Ekkert hindrar ríkisstjórn á hverjum tíma í að sækja um aðild að ESB, svo fremi hún hafi til þess meirihlutafylgi á Alþingi. Þannig hafa nágrannalönd okkar borið sig að við aðildarumsókn og ekkert mælir með því að við höfum annan hátt á. Ekki verður heldur séð af hverju hér á landi eigi að þurfa þjóðaratkvæðagreiðslu til að heimila umsókn.

Í annan stað mælir Þorsteinn með því að meiri hluti þjóðarinnar þurfi að mæta á kjörstað og greiða atkvæði með aðild. Ég spyr á móti: Af hverju á að telja þá sem ekki hafa nægilegan áhuga á að mæta á kjörstað til andstæðinga málsins? Þvert á móti má ætla að í heimasetu felist vísbending um að sá hluti þjóðarinnar sé bærilega sáttur við tillöguna.

Eftir að aðildarsamningur liggur fyrir þarf að bera hann undir þjóðaratkvæði. Ekkert girðir fyrir að slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram þótt stjórnarskrárbreyting hafi ekki verið gerð. Ef þjóðin hafnar samningnum er sjálfhætt. Ef þjóðin samþykkir samninginn kemur til kasta Alþingis að samþykkja stjórnarskrárbreytingu. Að því verki loknu er hægt að rjúfa þing og boða til kosninga – nú eða einfaldlega bíða til loka fyrirliggjandi kjörtímabils ef ekkert liggur meira á. Aðildin tekur náttúrulega ekki gildi fyrr en Íslendingar hafa gert stjórnskipulegar ráðstafanir sem gera þjóðinni kleift að starfa innan ESB.

Umræða um vegvísi er nauðsynleg. Hún leysir menn hins vegar ekki undan raunsæju mati á þjóðarhagsmunum. Með sama hætti á umræða um vegvísi ekki að snúast um að setja upp frekari farartálma eða hraðahindranir á leið þjóðarinnar að aðild að ESB, ef vilji þjóðarinnar stendur til aðildar.

*Höfundur er alþingismaður.*

# KAUPDAGAR

## KYNNIÐ YKKUR SÉRKJÖR Á GLÆNÝJUM, SÉRVÖLDUM JEPPLINGUM



EINN VINSÆLASTI JEPPLINGURINN Á LANDINU

### Nissan Qashqai

Þetta er einn mest seldi fjórhjóladrifni bíllinn á Íslandi. Rúmgóður bíll með öllu sem hugurinn girnist.

**VIÐ BJÓÐUM ÞÉR MESTA ÚRVAL LANDSINS AF FJÓRHJÓLADRIFNUM BÍLUM AF ÖLLUM STÆRÐUM**

### Subaru Outback

Þetta er bíll sem óhætt er að mæla með. Þessi mikli bíll frá Subaru er til í tveimur útfærslum með 2,5 lítra eða 3,0 lítra bensínvél. Outback er flottasti kosturinn í sínum flokki sé tekið mið af verði, gæðum og útbúnaði.



EF WAGON ER MÁLIÐ ÞÁ ER OUTBACK MÁLIÐ



FALLEGUR JEPPLINGUR SEM KEMUR Á ÓVART

### Opel Antara

Opel Antara er einn fallegasti jepplingurinn á markaðnum. Ef þú vilt eignast þennan fallega jeppling skaltu koma til okkar núna! Þú sérð ekki eftir því.

### Nissan X-Trail

Nissan X-trail er mitt á milli hefðbundinna jeppa og jepplinga í stærð. Hann er sem sagt stærri en hinir og þegar þú ekur honum finnst þér hann vera meiri jeppi en þú bjóst við.



STÆRRI EN HINIR

ENNEMM / SÍA / NM32539

### GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

IH INGVAR HELGASON

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

# Bændasamtökin grunuð um að starfa fyrir bændur

**UMRÆÐAN**
Hagsmunagæsla

Samkeppnisstofnun hefur minnt á sig. Hinn 7. mars síðastliðinn birtist frétt í Morgunblaðinu undir fyrirsögninni, „Sátt um hækkanir nauðsynleg“. Hér var vísað til hækkunar á mjólkurverði sem þá var til umræðu. Og Bændasamtökin vildu samkvæmt Morgunblaðinu sátt um verðhækkanir.

Samkeppnisstofnun þótti nú mælirinn fullur og hefur óskað eftir því að fá í hendur afrit af þingskjölum og fundargerðum nýafstaðins búnaðarþings svo og samþykktir og ályktanir, minnisblöð og tölvupósta sem ritaðir hafa verið eftir 1. september á síðasta ári!

Í yfirlýsingu Samkeppniseftirlitsins í tilefni af frétt Morgunblaðsins þar sem hvatt er til sátta um verðbreytingar segir m.a.: „Að mati Samkeppniseftirlitsins gefur fréttin til kynna að Bændasamtök Íslands og einstök búnaðar- og búgreinasamtök hafi seilst of langt í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn sína...“



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Og nú þarf að leggjast í rannsóknir – eða hvað? Er verið að hafa okkur að háði og spotti? Er Samkeppniseftirlitið orðið endanlega galið? Eru Bændasamtök Íslands ekki hagsmunasamtök íslenskra bænda? Hef ég misskilið eitthvað? Ber þeim ekki beinlínis skylda til að vinna að hagsmunum bænda?

Í Verðlagsnefnd búvara eiga sæti fulltrúar íslensks launafólks. Þeirra á meðal fulltrúi BSRB. Sá fulltrúi, Elín Björg Jónsdóttir, varaformaður bandalagsins, tók

*Er Samkeppniseftirlitið orðið endanlega galið? Eru Bændasamtök Íslands ekki hagsmunasamtök íslenskra bænda? Hef ég misskilið eitthvað? Ber þeim ekki beinlínis skylda til að vinna að hagsmunum bænda?*

þátt í ströngum samningaviðræðum um mjólkurverðið. Fyrir sitt leyti var hún, sem aðalsamningamaður BSRB, ætíð í nánu samráði við sitt bakland. Að lokum varð því til niðurstaða í lýðræðislegu samhengi. Bændasamtökin fengu sínum ítrustu kröfum ekki framgengt. En fallist var á málamiðlun í anda þess sem Bændasamtök Íslands höfðu hvatt til: Að málalyktir yrðu í eins mikilli „sátt“ og kostur væri.

Nú spyr ég í fullri hógværð. Er forsvaranlegt að verja fjármunum almennings í rannsókn á því hvort Bændasamtök Íslands hafi beitt sér í þágu bænda? Í mínum huga hefðu samtökin brugðist hlutverki sínu ef þau hefðu ekki gert það. En hvað með hlutverk Samkeppniseftirlitsins? Er ekki tími til kominn að fara að hyggja að því?

*Höfundur er formaður BSRB.*

# *Um eignarrétt og stuld*

**UMRÆÐAN**
Hjálparsöfnun



GUÐMUNDUR J. GUÐMUNDSSON

Í dagblöðunum laugardaginn 29. mars sl. birtist auglýsing frá nokkrum stuðningsmönnum Hannesar Gissurarsonar prófessors þar sem boðuð er fjáröflun honum til stuðnings vegna dóms Hæstaréttar yfir honum fyrir ritstuld. Auglýsingunni var síðan fylgt eftir með viðtali við einn forsvarsmanna söfnunarinnar, Friðbjörn Orra Ketilsson, en hann hefur víða látið til sín taka og talað máli frjálshyggju og kapitalisma.

Þetta er gott framtak því það verður að segjast eins og er að dómur Hæstaréttar í máli erfingja Halldórs Laxness gegn Hannesi var í harðasta lagi og ekki hlaupið að því fyrir launamann, jafnvel þótt hann sé á prófessorslaunum, að greiða svo háar upphæðir eins og réttilega er bent á í auglýsingunni. Það eru hins vegar nokkur atriði í þessari auglýsingu sem orka tvímælis.

Um dóm Hæstaréttar segir að Hannes hafi verið dæmdur fyrir að skrifa bók sem „hann mátti víst ekki skrifa“. Sé dómurinn lesinn fjallar hann þó alls ekki um þetta heldur er Hannes sakfelldur fyrir að eigna sér texta annars höfundar, hugverk hans. Allir sem komnir eru til vits og ára vita að grundvöllur kapitalísks frjálshyggjusamfélags eins og Hannes og Friðbjörn Orri tala fyrir er einkaeignarréttur og þessi eignarréttur gildir ekki bara um efnislega hluti svo sem bíla heldur einnig hugverk manna. Ef undirritaður tæki bíl Friðbjörns Orra traustataki og færi með fjölskylduna í sunnudagsbíltúr í honum myndi Friðbjörn að sjálfsögðu kæra mig og ég fengi dóm fyrir tiltækið enda þjófnaður. Nákvæmlega það sama gildir um hugverk manna, þau eru í einkaeign og þeim má ekki stela.

Í auglýsingunni er einnig talað um að auðmenn vilji valda Hannesi fjárhagslegu tjóni. Þar er væntanlega vísað til málaferla Jóns Ólafssonar gegn Hannesi vegna þess að Hannes gaf í skyn á opinberum vettvangi að Jón væri eiturlyfjasali. Það er skemmst frá því að segja að Hannes hafði engar sannanir fyrir málflutningi sínum nema gamlan dóm yfir Jóni sem hafði verið nappaður með hass. Svona málflutningur heitir á íslensku rógur og þótt tjáningarfrelsið sé mikils virði þá er slíkt háttalag ólíðandi hvernig sem á málið er litið. Spyrja mætti hvernig Friðbirni Orra yrði við ef undirritaður setti upp vefsíðu þar sem því væri haldið fram að hann dreifði klámi. Ég efast ekki um að hann færi í mál við mig fyrir meiðyrði sem eðlilegt væri og fengi mig að öllum líkindum dæmdan. Það sama á við um ásakanir Hannesar Gissurarsonar á hendur Jóni Ólafssyni og viðbrögð Jóns við þeim.

Að efna til söfnunar til stuðnings Hannesi í fjárhagslegum hremmingum hans er lofsvert framtak en útúrsnúningar af því tagi sem vaða uppi í auglýsingunni og hér hafa verið raktir eru Hannesi Gissurarsyni til lítils gagns og stuðningsmönnum hans ekki til sóma. Að lokum er það von mín að breskir dómstólar láti sér það nægja að dæma ummæli Hannesar dauð og ómerk svo ekki komi til frekari fjárútláta af hans hálfu þannig að Friðbjörn Orri og félagar hans þurfi ekki að efna til annarar söfnunar og þar með verði þetta leiðindamál úr sögunni.

*Höfundur er kennari.*

# Tímamót hjá lífeyrisþegum

**UMRÆÐAN**
Kjaramál



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

Í dag, þegar þrír mánuðir eru liðnir síðan málefni lífeyrisþega færðust undir mína stjórn, koma til framkvæmda fyrstu stóru áfangarnir í boðuðum endurbótum ríkisstjórnarinnar á almannatryggingum ásamt þeim almennu hækkunum lífeyris sem ákveðnar voru í kjölfar kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Sjaldan eða aldrei hafa á Íslandi verið teknar ákvarðanir um jafn miklar kjarabætur til handa öldruðum og öryrkjum á eins stuttum tíma. Þegar kjarabæturnar verða að fullu komnar til framkvæmda í lok árs hafa greiðslur ríkisins til lífeyrisþega hækkað um 9 milljarða króna, eða um ríflega 17% miðað við síðasta ár.

**Afnám makatenginga, frítekjumark og hækkun dagpeninga**

Í dag verður skerðing bóta vegna tekna maka að fullu afnumin í almannatryggingakerfinu. Alls munu um 5.800 lífeyrisþegar uppskera hærri bætur við þessa breytingu, þ.e. um 3.900 öryrkjar og um 1.900 ellilífeyrisþegar. Hér er um mikið réttlætismál að ræða og þess hefur lengi verið beðið af samtökum eldri borgara og öryrkja.

Í dag verður skerðingarhlutfall ellilífeyris lækkað úr 30% í 25% og frítekjumark hækkað til samræmis við örorkulífeyri. Þessi breyting er til hagsbóta fyrir um 460 ellilífeyrisþega.

Í dag hækka einnig vasapeningar til tekjulausra vistmanna um tæplega 30%, en frá desember hefur fjárhæðin hækkað úr 28.600 í 38.225 krónur.

Í dag tekur einnig gildi sérstakt 90.000 króna frítekjumark á fjármagnstekjur til að draga úr hættunni á of- og vangreiðslum tekjutengdra bóta og þeim óþægindum sem þær hafa haft í för með sér. Ef horft er til reynslu undanfarinna ára má reikna með að þessar aðgerðir komi í veg fyrir skerðingu bóta hjá 7–8.000 lífeyrisþegum, en um 90% ellilífeyrisþega og um 95% örorkulífeyrisþega hafa fjármagnstekjur undir þessum mörkum á hverju ári.

**Hækkun lífeyris um 7,4%**

Í dag er einnig greidd í fyrsta sinn 4% hækkun lífeyris sem ákveðin var í kjölfar samninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins og gilda mun frá og með 1. febrúar síðastliðnum. Hækkunin kemur til viðbótar fyrri hækkunum en um áramótin hækkaði lífeyrir aldraðra og öryrkja um 3,3%. Lífeyrisgreiðslur almannatrygginga hafa því hækkað um 7,4% á þessu ári eða um 9.400 krónur til þeirra sem aðeins fá óskertar greiðslur úr almannatryggingum.

Til samanburðar er rétt að hafa í huga samkvæmt útreikningum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins er reiknað með að meðaltalshækkun lægstu launa í grundvelli nýgerðs kjarasamnings þeirra verði um það bil 7% á árinu. Engar hækkanir urðu hjá þessum hópum um síðustu áramót.

**Næstu skref 1. júlí**

Dagurinn í dag er vissulega stór dagur í málefnum lífeyrisþega en breytingarnar sem við sjáum eru aðeins fyrstu skrefin á vegferð ríkisstjórnarinnar í að bæta kjör aldraðra og öryrkja. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í tengslum við samninga Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins var einnig kveðið á um mótun lágmarksframfærsluviðmiðs vegna lífeyrisþega. Í samráði við forsætisráðherra ákvað ég að fela nefnd sem vinnur nú að endurskoðun almannatrygginga að móta tillögur að þessu lágmarksframfærsluviðmiði og flýta þeirri vinnu þannig að það liggi fyrir eigi síðar en 1. júlí í stað 1. nóvember 2008. Lágmarksframfærsluviðmiðið á meðal annars að taka tillit til hækkunar lægstu launa í nýgerðum kjarasamningum sem er afar mikilvægt og hagsmunasamtök lífeyrisþega hafa lengi barist fyrir.

Í júlí mun einnig frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega 67–70 ára hækkað í 100.000 krónur á mánuði. Munu þá greiðslur til um 700 ellilífeyrisþega hækka og getur hækkunin numið allt að 46.000 krónum mánuði. Framkvæmdanefnd forsætisráðherra um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar vinnur að tillögum um framkvæmd sem stuðla að sams konar kjarabótum fyrir öryrkja og koma til framkvæmda 1. júlí næstkomandi.

Þá verður sett 300.000 króna frítekjumark á lífeyrisgreiðslur örorkulífeyrisþega. Um helmingur allra örorkulífeyrisþega, eða um 7.000 manns, mun fá hærri bætur vegna þessa.

Aldurstengd örorkuuppbót mun einnig hækka 1. júlí og aldursviðmið þeirra sem fá 100% uppbót vegna mats á örorku í fyrsta sinn verður fært úr 19 ára aldri í 24 ár. Bætur þeirra sem fá 100% uppbót munu hækka um 58.600 krónur á ári en alls munu um 12.000 örorku- og endurhæfingarlífeyrisþegar njóta hækkunarinnar, þótt mismikil sé.

**Þeir verst settu hækka um 24.400**

Þessu til viðbótar verður öllum öldruðum, sem ekki njóta a.m.k. 25.000 króna greiðslu úr lífeyrissjóði nú þegar, tryggð sérstök kjarabót sem jafngildir 25.000 króna greiðslu úr lífeyrissjóði á mánuði. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að fjárhæðin skerðir aðrar bætur jafngildir þessi fjárhæð ríflega 15.000 krónum fyrir skatta. Þessi kjarabót skilar sér beint til þeirra sem búa við lökust kjörin meðal ellilífeyrisþega og hafa hingað til nær aðeins fengið lífeyri frá Tryggingastofnun. Lífeyristryggingin kemur til viðbótar þeim 9.400 krónum sem 7,4% hækkun lífeyrisgreiðslna skilar til þessa hóps og því hækka tekjur hans um ríflega 24.400 krónur fyrir skatta á mánuði. Til samanburðar hækkuðu þeir lægst launuðu í kjarasamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um 18.000 krónur á mánuði.

Í dag er sannarlega merkisdagur í lífeyrismálum aldraðra og öryrkja í Íslandi. Framundan eru hins vegar ærin verkefni í að bæta hag þessara hópa og einfalda almannatryggingakerfið. Í dag voru aðeins stigin fyrstu skrefin.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*




SKAPANDI SKRIF
með Þorvaldi Þorsteinssyni
**10.- 21. apríl**

Langar þig að kynnast sagnameistaranum sem í þér býr?
Vantar þig leiðsögn og hvatningu?
Hvort sem þú ert að feta þín fyrstu skref eða hefur reynslu af skrifum, þá er þetta námskeið sem nýtist þér.

Leiðbeinandi er Þorvaldur Þorsteinsson leikskáld og barnabókahöfundur (Skilaboðaskjóðan, Blíðfinnsbækurnar, And Björk, of course..., Vasaleikhúsið)

**Nokkrar umsagnir þátttakenda:**
*„Frábært námskeið sem opnar nýja sýn á lífið og tilveruna.“*
*„Fær mann til að hugsa upp á nýtt!“*
*„Ófyrirgefanlega gaman og nærandi fyrir sálina, hugann og ekki síst hugmyndaflugið.“*
*„Frábærlega uppbyggjandi.“*

Námskeiðið fer fram í **Rope Yoga setrinu** í Laugardal
Nánari upplýsingar á **kennsla.is** og í síma 8223699

Skráðu þig núna á kennsla.is!




**Við stöndum upp úr**
Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára




Atvinna í boði... ...alla daga

Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!

SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 19.980,-
eða 6.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR
ALLTAF BESTA VERÐIÐ
BORÐSTOFU-HÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
ATH . verðið kemur á óvart
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16



Aðalsteinn tekur vel á því í ræktinni fimm daga vikunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Æfir líka á nóttunni

***Aðalsteinn Bernharðsson lögreglumaður er í góðu formi og segist verða alveg ómögulegur ef hann missir úr æfingu.***

Aðalsteinn þarf að vera í góðu formi vegna vinnu sinnar í lögreglunni en einnig þjálfar hann nýliða í Lögregluskólanum.

„Ég hef gaman af þessu og finnst gott að halda mér í formi," segir Aðalsteinn. „Ég fer yfirleitt í ræktina seinnipartinn en ég er að þjálfa í Lögregluskólanum. Þar tekur maður þátt í æfingunum líka svo maður er á fullu allan daginn."

Aðalsteinn á sér langan feril í íþróttum og stundaði frjálsar íþróttir í mörg ár áður en hann fór ræktina.

„Ég byrjaði með ungmennafélaginu í Eyjafjarðarsveitinni fyrir norðan eins og menn gerðu í gamla daga og stundaði frjálsar íþróttir í tuttugu ár. Svo þegar ég fór að eldast hætti ég því. Ég var mikið í blaki en síðan hef ég bara verið í almennri líkamsrækt, lyfti lóðum, hleyp og syndi. Ég er búinn að vera í lögreglunni síðan 1980 og hef kennt í Lögregluskólanum í átta ár. Þegar maður hefur æft svona lengi þá er maður alveg orðinn háður þessu og mér líður bara illa ef ég missi af æfingu þrjá daga í röð."

Aðalsteinn segir það enga afsökun þegar fólk ber fyrir sig að hafa ekki tíma fyrir íþróttir. Fimmtán til tuttugu mínútur á dag séu alveg nóg til að halda sér í ágætis formi og einungis þurfi að skipuleggja sig vel.

„Tímaleysi er bara fyrirsláttur. Ég æfi oft á skrítnum tímum vegna vaktavinnunnar og fer jafnvel á nóttunni ef því er að skipta. Ég æfi yfirleitt einn. Maður þarf oft að vera einn með sjálfum sér og í frjálsíþróttunum æfa menn mikið einir. Svo passar ekkert að æfa með öðru fólki þegar maður vinnur á vöktum. Þetta er ekkert mál, ég er búinn að standa í þessu í þrjátíu ár og þetta er bara orðið mitt lífsmunstur."

Aðalsteinn er enginn nammigrís og langaði ekkert í súkkulaðiegg um páskana. Hann segist þó ekki lifa neinu meinlætalífi og fá sér súkkulaði af og til.

„Ég þarf að borða mikið því ég hreyfi mig mikið og reyni að borða hollan mat. Ég er ekki mikið í súkkulaðinu en ef mig langar í nammi þá læt ég það eftir mér. Mig langar nú ekki oft í nammi. Ég borða bara hæfilega hollan mat og passa að borða reglulega og er duglegur í ávöxtunum og skyrinu. finnst Kea-skyr sérstaklega gott því ég er nú að norðan."

*heida@frettabladid.is*


APRÍL
Kafbátur mánaðarins
Krabbabátur
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í apríl 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

SUBWAY
17
Subway staðir um allt land

**Vogin** segir ekki allt um ástandið á heilsufarinu. Leggðu áherslu á hollt mataræði og létta hreyfingu á hverjum degi og ýttu voginni undir rúm.




## Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

**03. apríl kl. 18:00 - 21:00**
**Heilsukostur - Matreiðslunámskeið**
*Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur*

**10. apríl kl. 17:30 - 19:00**
**Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*

**12. apríl kl 11:00 - 14:00**
**Hláturjóga með jákvæðu ívafi**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*

**15. apríl kl. 17:30 - 19:00**
**Viltu Hugar-far að betri stað í lífinu?**
*Matti Ósvald heilsuráðgjafi*



# Betri heilsa

**Ert þú í líkamlegu eða andlegu ójafnvægi ?**
svæðanudd gæti hjálpað þér

***Ásta svæðanuddari***
upplýsingar og pantanir í síma 848-7367




Skordýraeitur getur verið mjög hættulegt mönnum.

# Skaðleg dýraeitrun

***Ný rannsókn hefur leitt í ljós að meindýraeitur eykur verulega hættu á Parkinson-veiki.***

Niðurstöður rannsóknarinnar birtast í vísindaritinu BMC Neurology Journal. Þar kemur fram að þeir sem eru berskjaldaðir fyrir meindýraeitri eru 1,6 sinnum líklegri til að fá sjúkdóminn síðar á lífsleiðinni og að líklega eigi meindýraeitur stóran þátt í þróun sjúkdómsins þótt einnig komi aðrir umhverfis- og erfðafræðilegir þættir við sögu.

Það voru vísindamenn við Duke- og Miami-háskólana og Udall Parkinson‘s-rannsóknarsetrið í Bandaríkjunum sem stóðu að rannsókninni og lögðu spurningar fyrir 319 sjúklinga um notkun á meindýraeitri. Svör þeirra voru svo borin saman við svör fleiri en 200 fjölskyldumeðlima sem ekki voru veikir af Parkinsons.

Þess má geta að í flokki meindýraeiturs virtust illgresiseyðir og skordýraeitur hafa mest áhrif á að menn fengju Parkinsons-veiki.

*- þlg*

## Eiga erfiðara með að eignast börn

BÖRN SEM FÆÐAST FYRIR TÍMANN EIGA FREKAR Í ERFIÐLEIKUM SEINNA Á LÍFSLEIÐINNI.

Fyrirburar eru ekki bara í hættu fyrstu vikurnar og mánuðina eftir fæðingu. Norsk rannsókn sýnir fram á að afleiðingarnar fylgja fólki í gegnum allt lífið, að því er fram kemur í Berlingske tidende.
Í rannsókninni var fylgst með 1,2 milljónum manna frá árinu 1967 til 1988 og samkvæmt henni eiga fyrirburar frekar á hættu að ná ekki fullorðinsaldri. Konur sem hafa fæðst fyrir tímann eignast oftar fyrirbura sjálfar og sjötíu og sex prósent karlmanna sem fæðast á tuttugustu og annarri til tuttugustu og sjöundu viku, eiga í erfiðleikum með að eignast börn. *- rat*



## Stundum gott að rífast við makann

AÐ TALA ÚT UM ÓÞÆGILEGA HLUTI Í HJÓNABANDINU OG JAFNVEL RÍFAST ER LÍKLEGT TIL AÐ LENGJA LÍFIÐ.

Stór rannsókn sem unnin var í Michigan sýnir að það er heilsusamlegt fyrir hjón að ræða bæði stór og smá vandamál sem upp koma í sambandinu. Þögn og þykkja eru nefnilega lífshættuleg fyrirbrigði. „Við viljum lifa lengi og því reynum við að borða hollt og halda líkamanum í þjálfun. En við þurfum líka að gefa neikvæðum tilfinningum útrás í stað þess að byrgja þær inni,“ er haft eftir sálfræðidoktornum Ernest Harburg sem sá um rannsóknina. Fyrsta skrefið í rétta átt segir hann vera að láta hinn aðilann strax vita ef óánægja dúkkar upp. *- gun*




# HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA



Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound . . . . . . . . . . .

Dot er góður punktur
fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound



**HEYRNARMÆLINGAR**
**HEYRNARVERND**
**HEYRNARTÆKI**
**RÁÐGJÖF**

**Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600**

**Heyrnarþjónustan Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is**



*„Aldrei verið hressari!“*




## *Original Arctic Root*

**Ein vinsælasta lækningajurt heims**
Original Arctic Root öðru nafni Burnirót er ein vinsælasta lækningajurtin í heiminum í dag. Klínískar rannsóknir hafa leitt í ljós að hún eflir einbeitingu, úthald og vinnur gegn streitu og álagi.

**Vinnur gegn streitu og álagi**
Original Arctic Root er fljótverkandi og þeir sem nota hana finna jákvæða breytingu á einbeitingu og úthaldi á skömmum tíma. Original Arctic Root hefur svo sannarlega slegið í gegn á Íslandi og nýtur nú mikilla vinsælda.

*Heilsuvara ársins í Svíþjóð 2003, 2004 og 2005*

*Fæst í apótekum og heilsubúðum.*

Original Arctic Extract

heilsa –hafðu það gott



# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílasalan Bílfang
www.bilfang.is



Subaru Legacy 3/2001 ekinn 139 þ.km fínt ástand. Þjónustubók frá upphafi. Áhv. 690 þús verð 790 þús.



Chevrolet Trailblazer LTZ T10 árg. 2002 ek. 130 þ.km. Leður, lúga ofl. Flott verð aðeins 1290 þús.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

100 bílar.is bílasala



Jeep Grand Cherokee Limited 4X4, árg. 2002, ek.111þús.km, Sjálfsk. Verð 1890þús.kr.

**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

-PRO
www.protrade.is
897 9599 & 897 7571

**Innflutningur og sala**



Triton álkerrur með sturtu til sölu, festingar fyrir tvo sleða. Léttar og sterkar kerrur með sturtu og bremsum. Eigum nokkrar á lager. Verð 395 þús. Uppl. í síma 897 9599 & 897 7571.

**PRO ehf**
**Sími: 897 9599**
**http://www.protrade.is**

## Bílar til sölu



Honda CRV Árg. '99. sjálfskiptur, Ek. 157 þ. Nýr rafgeymir, toppgrind, dráttarbeisli, silsakrómrör, álfelgur 8 stk., þjófavörn, húddhlíf og geyslaspilari. Tengdamömmubox getur fylgt. s: 692 4400



Fæst gegn yfirtöku! Suzuki Ignis 1500, skr. 09/'06. Ek. 19.000. 18 km/l. Afb. 23.500,- Sími 452 2664 & 823 2871.



Golf GTI Edition 30 árg. '07 ek.13 þ., DSG, ssk., 230 hö. Með öllu. V. 4.2m. Brandur í S. 897 1401.



Til sölu Renault Megané Opera '99 ek. 145 þús., ssk., sk. '09. Litur þokkalega út. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 150 þús. Uppl. í s. 898 8835.



MMC Colt árg. '97-'98. Ek. 172 þ. Ný heilsársdekk. 3 dyra. bsk. Sk '09. Verð 170 þ. Uppl. í s. 659 3459.



Benz C230 árg. '03, ek. 45 þús. Ásett verð 2.3, áhv. 1720, 33 þús. á mán. Gott stgr verði! S. 845 3663.



Corolla XLi árg '94. Nýskoðaður '09. Verð 160 þús. S. 659 3459.



**Tilboð Tilboð 1690 þús. 100% lán ekkert út 31 þús. á mán.**

500.000 - Þúsund í afslátt og ekkert út Citroen C5 2.0 16V. Árgerð 2005, ekinn 28 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.190.000.- Bílabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is



Toyota Rav4 diesel. Árg. 2006, 6 gíra. Ek. 65.000 km. Verð. 2.600.000. Uppl. í síma 862 8196.



Til sölu Renault Cangoo '03 ek. 67 þ. 1.4 B5 farþega, listav. 1160 þ. Ásett 960 þ. S. 892 7852.

BÍLAR TIL SÖLU

# Ekki leita lengra. Komdu við hjá okkur!
# Bílaland Selfossi



**Ford F250 Crew Cab diesel**
Nýskr. 21.11.03, ekinn 112.þ km
Sjálfskiptur
Verð: 2.350.000.-



**Hyundai Getz Sport**
Nýskr. 29.06.04, ekinn 48.þ km
Beinskiptur
Verð: 1.180.000.-



**Hyundai Santa Fe**
Nýskr. 26.07.04, ekinn 96.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 2.410.000.-



**Hyundai Santa Fe II Lúx**
Nýskr. 04.01.07, ekinn 55.þ km
Sjálfskiptur
Verð: 4.690.000.-



**Hyundai Tucson Diesel**
Nýskr. 02.11.05, ekinn 44.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 2.980.þ



**Nissan Patrol Elegance**
Nýskr. 26.10.06, ekinn 16.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 5.680.000.-



**Renault Kangoo Express**
Nýskr. 15.12.04, ekinn 72.þ km.
Beinskiptur
Verð: 1.140.þ



**Renault Megane II**
Nýskr. 01.06.05, ekinn 56.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 1.730.þ



**Renault Megane Sport Tourer**
Nýskr. 30.05.05, ekinn 74.þ km.
Beinskiptur
Verð: 1.620.þ



**Subaru Impreza**
Nýskr. 13.03.00, ekinn 127.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 730.þ
Tilboð: 430.þ



**Nissan Double Cab Diesel**
Nýskr. 02.03.06, ekinn 30.þ km.
Beinskiptur
Verð: 2.230.000.-
Tilboð: 1.720.000.-



**Land Rover Freelander HSE**
Nýskr. 30.04.07, ekinn 16.þ km.
Sjálfskiptur
Verð: 5.400.000.-



**BMW X5 diesel**
Nýskr. 02.01.04, ekinn 100.þ km
Sjálfskiptur
Verð: 4.520.þ

bíla land
**bilaland.is**
**Hrísmýri 2a Selfoss**
**575 1460**



Útsala 350 þ. Subaru Legacy árg. '99 ssk., station, ek. 200 þ., í toppstandi. Verð 650 tilboð 350 þús. Uppl. í s. 770 7022.



Útsala 250 þús. Toyota Corola G6 sport-týpan árg. 1998 ek. 180 þús. Ný skoðaður í toppstandi. Verð 450 þús. Tilboð 250 þús. Uppl. í s. 770 7022.



Polaris Sprtsman 800 X2 árg. '07 ekið, svo til ekkert spil ofl., topphjól. Verð 1450 áhv. 1250. Uppl. í s. 770 7022.



Útsala 180 þ.kr. Honda Prelude árg. '91, ek. 180 þ., ssk., töff sportari. Frábært verð fyrir fínan bíl. Tilboð 180 þús. Uppl. í s. 770 7022.



Útsala Toyota Avensis 2.0 ssk., ek. 180 þ. Toppbíll. Ásett 890 þ. tilboð 570 þ.kr. Uppl. í s. 770 7022.

Til leigu er lítið hús í Hnífsdal. Húsið er fullbúið húsbúnaði og húsgögnum og leigist ýmist viku eða helgarleigu. Þó kemur til greina að leigja mánaðarleigu fyrir apríl og maí. Uppl. gefur Erna Stefánsdóttir í s. 844 1259. Geymið auglýsinguna

MMC Colt árg. '89 ek. 130 þ. Rauður, gott lakk, m. bilaðan bensíntank. Til sýnis að Gullsmára 10 Kóp. Verðh. 50 þ. S. 554 2422.

**Ódýr!**
Ford Taurus í góðu lagi til sölu. '96 Ek. 112 þ. S. 846 3733.

Honda Accord Comfort '03, 2,0 ek. 69 þús. Ljósgrár, ssk. Álf. sumar + vetrardekk. Góður bíll. Ásett v. 1.5 m. áhv. 600 þús. Uppl. í s. 699 5451.

## 0-250 þús.



Til sölu Subaru Legacy '96/'97. Dráttarkúla. '09 skoðun. Ekinn 216 þ.km. Verð 250þ. Arnór S. 891 7389.



Skoda Octavia 1998, keyrður 65 þ.km. Negldur aukagangur. 300 þkr. Uppl. í s. 824 7979.



Subaru Legacy '95 nýtt púst og ný dekk, bíll í góðu lagi verð 140.þ s.8603747

Opel Astra árg. '97 station sk. út árið. Verð 95 þús. Sími 699 7068.

## 500-999 þús.



VW Bora árg. 2000, ekinn 130.000. Ný tímareim, bremsur ofl. Verð 590.00 Uppl. í s. 894 2044.

Skoda Fabia '00, ek. 81 þ.km, fæst gegn yfirtöku, áhv. 600 þ. Uppl. í s. 662 2883.

## 1-2 milljónir



Toyota Rav4 '01, ek. 154 þ. Leður, toppl., krókur. Verð 1400 þ. Lán 800 þ. Stefán S. 860 9402.



MMC L200 skráður 09/2003. Ekinn 27000 km. Ssk., m/pallhúsi og dráttarkr. Vel með farinn. Enginn skipti. Verð kr.1.920.000. Uppl. í síma 822 2081.

## Bílar óskast

Námsmaður óskar eftir bíl/jeppa. 0-100 þús. Skoða allt. 866-3838.

Óska eftir ódýrum bíl sem fæst undir listaverði 50 - 300 þ. staðgreitt , allt kemur til greina uppl. í síma 857 7245 og laekjamot@simnet.is

## Jeppar



Volvo XC90 2,5T árg. 2005 til sölu, ekinn 75.000. Skipti möguleg á ódýrari og dýrari jeppa. Upplýsingar í síma 894 9290.



Galloper '99, ekinn 190 þ. 32", 7manna, dísel ssk. Verð 350þ. Uppl. í s. 898 4041.



Nissan Patrol Gr 8/2000 diesel ssk. Mjög gott eintak. Ek. 130 þ. V. 1.880 þ. Toppþjónustaður bíll S. 864 8338.



Til sölu Toyota LC80 árg. 1994, 38", ekinn 300 þús. Verð 2.2 mil. S. 892 8340.



Toyota Hilux Double Cab. '92 bensín. Vel með farinn. Vertilboð óskast. S. 867 0927.

## Sendibílar

**Hellulist**
Óskum eftir vélamönnun, vörubílstjórum og verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Umsóknir sendist á gisli@hellulist.is eða í s. 698 5222.

## Húsbílar




**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**
Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhysi.is JS Campers ehf.

## Mótorhjól



Yamaha R1 árg. 2005. Verð 990 þús. Eins og nýtt ekki ekið nema 134 mílur. Yfir 100 notuð hjól til sölu á verðum sem ekki hafa sést áður á Íslandi sjá www.motorhjol.net Uppl. í s. 824 6600.

**Mótorkross Enduro hjól**
Til sölu Yamaha 250 cc. Í toppstandi. Verð 250 þ. Uppl. í s. 845 2321.

BÍLAR TIL SÖLU

Sæktu um lánsvilyrði strax á www.lifiderlan.is

Nýtt á Íslandi - Þýska fjármögnunarfyrirtækið Brabus Invest kynnir.




Hvernig fjármagnar þú þína bifreið ?

www.lifiderlan.is

BRABUS
BÍLAFJÁRMÖGNUN

Lífið er lán - Ábyrgðarmannslaus lán.
Við erum einu skrefi á undan öðrum fjármögnunarfyrirtækjum. Brabus fjármögnun lánar allt að 100% í draumabílnum þínum á aðeins 4,15% þýskum vöxtum. Þar sem við erum Þýskt fyrirtæki förum við eftir þýskum reglum og krefjumst þess vegna ekki ábyrgðarmanns á lánum okkar heldur tökum aðeins veð í bílnum þínum.

Við tökum gamla lánið uppí.
Viltu koma yfir til Brabus fjármögnun ? Við tökum gamla lánið þitt, greiðum það upp og látum þig hafa nýjan bílasamning hjá okkur á 4,15% þýskum vöxtum.

Fyrstu 300 sem sækja um lánsvilyrði á www.lifiderlan.is fá frí lántökugjöld.

O&K
Þjónusta

Þjónustuaðili:
Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.
Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi
RAUÐHELLA 16 · 220 HAFNARFIRÐI · SÍMI 555 6670 · FAX 555 6671 · velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.
Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.
Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# verktakar

ÞRIÐJUDAGUR 1. APRÍL 2008

## Árni Jóhannsson hjá SI

**Betra að menn tryggi sig gegn óvönduðum vinnubrögðum.**

BLS. 4






FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Öflug
## í grunnvinnunni

*„Við hjá Arnarverki þurfum öflug tæki sem eru í fremstu röð í jarðvegsvinnu. Lýsing hefur ávallt verið fyrsti kosturinn þegar við höfum þurft á fjármögnun að halda. Hjá Lýsingu er unnið hratt og vel úr okkar málum af einstöku starfsfólki sem hefur skilning á þörfum okkar."*

**Ágústa Einarsdóttir fjármálastjóri, Arnarverk ehf**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500



Nú eru margir farnir að huga að vorverkum. Vorverk ehf. aðstoðar við garðverkin.

## Verk að vinna

Nú þegar grænkar grund fara garðeigendur margir hverjir að huga að vorverkunum. Það getur stundum verið erfitt að koma sér að verki enda ekki allir fæddir með græna fingur. Þar fyrir utan eru sum verkin þess eðlis að þau er ekki hægt að leysa með berum höndum og þá getur verið gott að kalla vana menn með góðar vélar til.

Fyrirtækið Vorverk ehf. aðstoðar við ýmislegt sem til fellur í garðinum og víðar. Fólk getur fengið til sín jarðefni, látið fella tré og fjarlægja runna. Þá er hægt að láta fjarlægja garðaúrgang, gera grjóthleðslur, leggja rotþrær og margt fleira sem ekki endilega er á valdi hvers sem er.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.vorverk.is

- ve





Steiger 485 er nýjasta viðbótin í Steiger-fjölskylduna.

## Steiger með snertiskjá

Case vinnuvélaframleiðandinn hefur kynnt nýja dráttarvél í Steiger-línuna, Steiger 485.

Nýja dráttarvélin er með 12,5 lítra túrbóvél sem gefur átta prósenta meiri afkastagetu án meira eldsneytis. Í nýju vélinni hefur beygjuhringur dráttarbúnaðar einnig verið aukinn um 29 prósent. Togkraftur Steiger-vélanna er í sérflokki og frábærar til jarðvinnslu en þær hafa verið framleiddar af Case IH í fimmtíu ár. Allar vélarnar í Steigerlínunni geta gengið fyrir lífrænni díselolíu og hafa allar AFS 600 PRO snertiskjá.

- rat

# Réttindi og skyldur vertaka

**Að mörgu þarf að huga þegar menn ráða sig sem verktaka sem meðal annars njóta ekki sömu réttinda og launþegar.**



Að sögn Tryggva Marteinssonar, hjá Eflingu, hafa verktakar og launþegar síður en svo sömu réttindi og eins gott að hafa það hugfast ætli menn að gerast verktakar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Á síðari árum hafa margir freistast til að vinna sem verktakar án þess að vita almennilega í hverju það felst og hverjir kostirnir og gallarnir eru. Þeim sem ekki hafa til dæmis réttindi og skyldur verktaka á hreinu er hættara en öðrum við að fara illa út úr slíkum viðskiptum.

Fréttablaðið hafði samband við Tryggva Marteinsson hjá Eflingu stéttarfélagi og bað hann að skýra í hverju það felst að vera verktaki: „Verktaki er maður sem býður í verk, stjórnar verki og ræður jafnvel menn í vinnu til sín eða fyrir sig til að vinna verkið,“ útskýrir Tryggvi, en bætir við: „Gerviverktaki er hins vegar sá kallaður sem er í raun og veru launamaður en er kallaður verktaki. Hann hefur mætingaskyldu, fær ákveðna upphæð í laun á klukkustund, ræður engu um hvernig eða hvenær verkið er unnið og vinnur undir stjórn einhvers annars.“

Bókhald verktakans getur verið ansi slungið. Verstu hryllingssögur sem heyrast af hrakförum ungs og óreynds fólks sem gerist gerviverktakar er þegar virðisaukaskatti er ekki haldið til haga. Þá bankar skatturinn upp á í febrúarmánuði og krefst greiðslu án tafar: 24,5% af allri „útseldri vinnu“ undanfarins árs. Þar að auki þarf gerviverktaki að telja fram fé, sem hann aflar, sem laun á venjulegri skattskýrslu, borga af því staðgreiðslu, reikna þar inn í skattaafslátt og svo framvegis. Hér er ekki rúm til að rekja allt ferlið, en í stuttu máli sagt eru reikningarnir og framtalsreitirnir margir sem geta mögulega komið í bakið á fólki.

Að sögn Tryggva er líka sá munur á að á meðan launamenn eru í eðli sínu sjálfstæðir, þá eru gerviverktakar aðallega sjálfs sín herrar, eins og sannast af því þegar eitthvað kemur upp á. „Launamaður fær greidd laun að minnsta kosti tvo daga í mánuði ef hann veikist en verktakinn ekki. Launamaður á þriggja mánaða slysarétt ef um vinnuslys er að ræða strax á fyrsta degi en verktaki á engan slíkan rétt,“ bendir hann á máli sínu til stuðnings. Tryggvi nefnir fleiri atriði „Launamaður á líka rétt vegna veikinda barna sinna en verktakinn ekki. Launamaður fær svo greitt í lífeyrissjóð af launum sínum og atvinnurekandi greiðir á móti í lífeyrissjóð launamanns en verktakinn borgar sjálfur. Launamaður á orlof 10,17% á öll laun sín en verktaki ekki. Launþegi getur leitað aðstoðar stéttarfélags ef hann fær ekki greidd laun sín en verktakinn verður að ráða sér lögfræðing.“ Hann bætir við að launamaður fá greidda desemberuppbót, orlofsuppbót og rauða daga en verktaki ekki.

Ekki er þar með sagt að óhagkvæmt sé að ráða sem sig sem verktaka. En þá er líka mikilvægt að hafa réttindi sín og skyldur á hreinu áður en menn ráða sem sig til vinnu á þeim forsendum.

- nrg

# Sandur og svolítið af súráli

**Steinull hf. framleiðir verulegt magn af steinull en þriðjungur framleiðslunnar er fluttur út.**

Sígildur íslenskur þjóðvegabrandari segir að steinull komi af kindum sem vappa um í hrjóstrugu landslagi þar sem ekki sé stingandi strá að finna og lifi á grjóti. Þetta er auðvitað skáldskapur. Sannleikurinn er sá að steinull er búin til úr bráðnum svörtum fjörusandi, skeljasandi og dálitlu af súráli. Íslensk steinull á uppruna sinn að rekja til Sauðárkróks. Þar hefur verksmiðja Steinullar hf. verið starfrækt frá 1985.

Mikil þróun hefur orðið á framleiðslu fyrirtækisins og vöruframboð hefur aukist verulega í takt við þróun á byggingamarkaði. Þriðjungur framleiðslunnar er fluttur út. Mest er selt til Færeyja, Bretlands, Þýskalands og Tyrklands. Velta síðustu ára hefur verið um 600 milljónir og framleiðslan um 170 þúsund rúmmetrar.

„Steinullin sem við framleiðum hefur rúmþyngd alveg frá 22 kílóum upp í 200 kíló á rúmmetra,“ segir Magnús Sigfússon, sölustjóri hjá Steinull hf. „Í upphafi voru aðallega framleiddar léttullarrúllur, en svo breyttum við yfir í plötur. Á síðari árum hefur komið þilull sem notuð er í innveggi og svo erum við með sökkulplötur utan á sökkla. Töluverð aukning hefur orðið á síðustu árum á enn stífari plötum, svokölluðum undir- og yfirlagsplötum sem eru settar á þök.“




Magnús Sigfússon, sölustjóri hjá Steinull hf., segir stórt stökk hafa verið tekið þegar farið var að einangra að utan en ekki innan. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Steinull hf. hefur að sögn Magnúsar ætíð lagað sig að breyttum aðstæðum á markaðnum. Hann segir það hafa verið stórt stökk þegar menn fóru að einangra húsin að utan og telur það mun skynsamari leið þar sem hitaeinangrunin verður jafnari en ella.

„Það hefur líka sýnt sig að byggingatíminn er í sumum tilfellum styttri þegar menn beita þessum aðferðum,“ segir hann. „Stundum er ekki búið að steypa upp alla bygginguna þegar byrjað er að einangra veggina að utan, það er jafnvel verið að klæða húsið á meðan verið er að vinna steypuvinnu efst. Það eru fleiri verkþættir í gangi og menn geta unnið að pípulögnum, rafmagni og öllu sem því fylgir í beinu framhaldi.“

Magnús mest eftirspurn sé eftir einangrun sem er þrjátíu kíló að rúmþyngd og eru þær plötur notaðar í innveggi, útveggi og þök. Undir álklæðningar á steyptum húsum er hins vegar notuð þyngri einangrun sem er 80 kíló á rúmmetra en á sökklana fara 185 kílóa plötur.

„Það besta sem við framleiðum með tilliti til hitaeinangrunar er 80 kíló að rúmþyngd en það lakasta 22 kíló,“ segir Magnús. „Það vill henda að menn noti of stífa ull þegar léttari einangrun dygði og ófugt. Úrvalið af steinull sem við bjóðum upp á er mikið og við höfum gefið út marga bæklinga til þess að leiðbeina mönnum um hvar hver og ein gerð henti best,“ segir hann.

- nrg




Álklæðning frá Sindra á húsnæði Hjartaverndar að Holtasmára 1 Kópavogi

Byggingadeild Sindra aðstoðar verktaka, arkitekta og hönnuði við val á sértækum byggingalausnum. Álklæðningar, flóttastigar og iðnaðarhurðir eru meðal þeirra vöruflokka sem finna má hjá byggingadeildinni ásamt fjölmörgum öðrum lausnum.
Komið og skoðið sýningarsal byggingadeildarinnar að Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði

**Hafðu samband við sölusérfræðinga Sindra.**

Guðmundur Jónsson
Deildarstjóri Byggingadeild
Beinn sími 575 0121

Sigurður Gíslason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0125

Halldór Jónason
Sölusérfræðingur
Beinn sími 575 0122


**Klæðningar**


**Undirbyggingarkerfi**


**Iðnaðarhurðir**


**Stigar**


**Handrið**


**Svalir**


**Öryggislokanir**


**Hleðslulyftur**


**Girðingar**


**Hliðslár**


**Vöruhúsakerfi**


**Stálristar**

# SINDRI

**BYGGINGADEILD**

**www.sindri.is    sindri@sindri.is    Bæjarhraun 12 Hafnarfirði    Sími: 575 0000**

**Vinnustaðir - íþróttahús**
Eigum fyrirliggjandi ódýra, læsanlega skápa fyrir föt eða persónulega muni.
**Verðdæmi: 5 skápar í röð kr.50.053+vsk.**

MECALUX
STRAUMUR HRAÐBERG
Gjótuhraun 1, 220 Hafnarfjörður • Sími 544 5330
Fax 544 5355 • straumur@straumur.is

# Trygging gegn fúski

**Mikilvægt er að ráða til sín fagaðila þegar staðið er í framkvæmdum og fá gæðatryggingu frá viðkomandi aðila.**


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Árni Jóhannsson hjá Samtökum iðnaðarins segir að verktaki þurfi að sýna verkáætlun og lýsingu á því hvernig hann hyggst vinna helstu þætti.

Hvort sem byggja á garðhýsi, hús, skip, veg, brú eða vatnsaflsvirkjun þarf að fá einhvern til að útfæra hugmyndina á blaði í formi verklýsinga og teikninga. Að því loknu þarf að finna einhvern til að byggja eða framleiða samkvæmt teikningum. Til að tryggja sig gegn fúski og vanefndum loforðum þarf að gera kröfu um að verktakinn leggi fram svokallaða gæðatryggingu.

„Tryggingin felst í því að verktaki leggur fram gögn úr gæðakerfi sínu til að kynna hvernig hann hyggst tryggja gæðin við framgang verksins,“ segir Árni Jóhannsson hjá Samtökum iðnaðarins. „Við þurfum að spyrja okkur eftirfarandi spurninga og fá svör við þeim í gæðatryggingunni sem lögð er fram: tekst hönnuðinum að túlka hugmyndir okkar og koma þeim með skilvirkum og áreiðanlegum hætti niður á blað á tilskildum tíma og umsömdu verði? Ræður framleiðandinn við verkið? Lýkur hann því á umsömdum tíma? Býr hann yfir nægilegri þekkingu og ræður hann yfir réttum tækjum og tólum, svo fátt eitt sé nefnt.“

Einnig þarf verktaki að sýna verkáætlun og lýsingu á því hvernig hann hyggst vinna helstu þætti, hvernig haldið verður utan um verðlagningu vegna óska um aukaverk og breytingar og hvað gert verður ef mistök koma í ljós. „Meðan á verkinu stendur notar verkkaupandi gögnin til að herma loforð um tiltekið verklag upp á verktakann ef honum hættir til að fara út af sporinu,“ segir Árni. „Gögnin sem verktakinn leggur fram er tilboð um gæðatryggingu. Verklagið sem hann kynnir á að tryggja góða stjórnun á verkinu: gæðastjórnun.“

Reglur er varða framkvæmdir bygginga skipta þúsundum. Þar er kveðið á um allt milli himins og jarðar, allt frá því hvernig póstkassar og bréfalúgur skulu hafðar til þess hversu langt niður fyrir frostfrítt dýpi undirstöður byggingarinnar skulu ná. „Biblía byggingamannsins er byggingareglugerðin, sem tekur á þessum viðkvæmu þáttum sem snúa að ábyrgðarsviði og hæfniskröfum,“ segir Árni. „Byggingareglugerðin er númer fjögur hundruð fjörutíu og eitt og frá árinu 1998 og hún er engin skemmtilesning. En þar er meðal annars kveðið á um á hvaða verki hver iðnmeistari getur borið ábyrgð á.“

Orðrétt segir í byggingareglugerðinni í grein 37.3: „Einungis þeir iðnmeistarar sem hlotið hafa löggildingu eða staðbundna viðurkenningu geta tekið að sér verkþætti og borið ábyrgð á, gagnvart borgaryfirvöldum og byggjanda, að þeir séu unnir í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykkta uppdrætti, verklýsingar og lög og reglugerðir.“ Pípulagningameistari má þannig ekki bera ábyrgð á múrhúðun og múrarameistari má sömuleiðis ekki bera ábyrgð á raflögnum og rafvirkjameistari ekki á málningarvinnu og svo framvegis. En iðnmeistarar eru ómissandi fyrir hvern þann sem ætlar að byggja eitthvað og standa keikur með öll skjöl í lagi fyrir byggingayfirvöldum. *-nrg*

MIKIÐ ÚRVAL AF PERU OG DÍÓÐULJÓSUM

Mbl 914097
ÓSAL
VÖRUR - ÞJÓNUSTA - UPPLÝSINGAR
TANGARHÖFÐA 4, SÍMI 515 7200

*Ert þú leið(ur) á að skipta um perur?*
**DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:**


ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA
et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

**TRUCK - LITE**
**Ljósasamlokurnar frá okkur eru:**
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*

**Rafhitarar**
**í skip, hús og sumarhús**
**Neysluvatnshitarar**
**Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.**
Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.

**Rafhitun**
Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

JCB

## Setur nýja staðla sem aðrir fylgja!

**JCB er stærsti vinnuvéla framleiðandi heims í einkaeigu og hafa JCB vinnuvélar verið vinsælustu vinnuvélarnar á Íslandi s.l. 45 ár.**




## Ný lína 2,5 - 5,7 tonna ZTS véla!

AFKÖST
*Til að komast á staðinn þar sem grafa á eða ýta á jarðvegi eru 27 - 46 hestafla mótorar.*

ÞJÓNUSTA
*Frábær aðkoma að mótor og öðru sem þarf að sinna reglubundið leiðir til styttri stopp tíma.*

ÞÆGINDI
*Rúmgott ökumannshús, skilvirk miðstöð og lúxus sæti tryggir stjórnandanum minni áreynslu og þreytu.*

ZTS HÖNNUN
*Vélarnar fara ekki út fyrir beltin og henta því vel í verk þar sem rými takmarkar vinnuaðstæður.*

VÉLAVER HF

VÉLAVER HF 1963 JCB 2008 45 ÁR Á ÍSLANDI

**Krókhálsi 16, Reykjavík - Gleráreyrar 2, Akureyri - Sími 588 2600 - www.velaver.is**

# Enn bætum við í blómlegan hóp



**Gangsetning álversins við Reyðarfjörð er á lokastigi. Starfsmenn Fjarðaáls eru nú orðnir rúmlega 400 en engu að síður eru enn spennandi atvinnutækifæri í boði hjá fyrirtækinu.**

**Framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn**
Enn eru í boði nokkur framtíðarstörf fyrir framleiðslustarfsmenn og iðnaðarmenn.

**Sumarstörf**
Fjarðaál leitar einnig að duglegu fólki í fjölbreytt sumarstörf bæði í framleiðslu og á skrifstofu.

capacent RÁÐNINGAR

Ef þú hefur áhuga á starfi hjá Fjarðaáli hafðu þá samband við Sigurlaugu Þorsteinsdóttur eða Tómas Odd Hrafnsson hjá Capacent, í síma 540 1000 eða á netföngin sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is / tomas.hrafnsson@capacent.is eða skráðu umsókn þína á www.capacent.is og haft verður samband við þig.

www.alcoa.is

**Alcoa Fjarðaál**

ALCOA

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 41721 03.2008






Hnit hf. aðstoðar nú JB Byggingafélag og fer með starfsmönnum fyrirtækisins í gegnum verklagsferla og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar.

# Jákvæð áhrif á starfsandann

**Ný ákvæði í vinnuverndarlögum og reglur um innra starf fyrirtækja leggja aukna áherslu á öryggi og heilbrigði starfsmanna.**

Undanfarin ár hafa íslensk fyrirtæki verið að vakna til vitundar um mannauð og gildi þess að hlúa vel að starfsfólki sínu. Ný ákvæði í vinnuverndarlögum og reglur um innra starf fyrirtækja leggja einnig auknar skyldur á herðar þeirra um innra starf að öryggi og heilbrigði starfsmanna.

Mörg fyrirtæki starfa nú þegar eftir viðurkenndu gæðakerfi sem tekur til þjónustu og framleiðslu þeirra. En hvað er til ráða ef fyrirtæki vilja bæta öryggi sitt og innra starf? Fréttablaðið leitaði ráða hjá verkfræðifyrirtæki, Hnit hf., sem sérhæfir sig í vinnuvernd.

„Það er tiltölulega auðvelt að byggja upp innra starf varðandi vinnuvernd í fyrirtækjum sem hafa reynslu af gæðakerfum," segir Steinar Harðarson, vinnuverndarráðgjafi hjá Hniti. „Við bjóðum fyrirtækjum aðstoð við gerð áhættumats og áætlunar um öryggi og heilbrigði og höfum unnið sérstaklega fyrir vinnustaði í kringum byggingaframkvæmdir og mannvirkjagerð."

Að sögn Steinars fara eftirlitsmenn frá Hniti reglulega á viðkomandi staði, þar sem þeir fara yfir öryggis- og heilbrigðisþætti eftir sérstökum gátlista í samvinnu við verkefnastjóra og eða öryggistrúnaðarmenn á hverjum stað. Eftir hverja heimsókn er síðan gerð aðgerðaskýrsla sem send er verkefnastjórum samdægurs.



„Um þessar mundir erum við að aðstoða JB Byggingafélag við að byggja upp innra starf," segir Stefán.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Slíkt mat, sem betra væri að kalla vinnuumhverfismat, eiga öll fyrirtæki á Íslandi, stór sem smá, að gera á næstu misserum," segir Steinar sem álítur að gott vinnuumhverfi komi í veg fyrir slys og atvinnusjúkdóma og hafi góð áhrif á starfsanda og dragi úr starfsmannaveltu.

„Slíkt mat leiðir oft til styrkari stöðu fyrirtækja og betri ímyndar. Það hefur sýnt sig að innan fyrirtækja er aukin áhersla á alhliða gæðakerfi sem spannar alla starfsemi þeirra," segir hann.

„Í okkar starfi höfum við orðið vör við aukinn áhuga fyrirtækja á góðu vinnuumhverfi," bendir Steinar á. Krafan um að öryggi og heilbrigði á vinnustöðum verði eins gott og tæknilegir möguleikar leyfa verður æ sterkari og innan samfélagsins fer skilningur vaxandi ." - vaj



# Gúmmíbelti undir allar vélar

LINSER INDUSTRIE SERVISE



impex EHF

Viðurkend vara - gott verð

Sími 534 5300 · impex@impex.is · www.impex.is

# SANY VINNUVÉLAR

**Komdu og kynntu þér beltagröfur og veghefla frá SANY. Einnig fleygar frá FRANK og skóflur smíðaðar hjá Vélsmiðju Guðmundar.**




Vélsmiðja Guðmundar // Íshellu 10 // Hafnarfjörður // Sími 564-1539 // www.sany.is



# Forskot til framtíðar!

## *Hydrema hönnun og hátækni*

Vélin er á litaðri olíu og má vera á öllum götum og vegum
Vélin er skráð sem vinnuvél í IF flokki

- Vélin má bera 14 til 15 tonn á vegi.
- Vélin getur sturtað í 180°frá sér.
- Vélin er með veltibremsu og fjöðrun á lið.
- Vélin er útbúin fyrir snjótönn, sóp, krana, saltara og sandara ofl. ofl.
- Vélin útheimtir aðeins vinnuvélaréttindi til stjórnunar.
- Vélin hefur allstaðar slegið í gegn.

HYDREMA

**Til afgreiðslu strax**

Hydrema 912D flutningstæki/fjölnotatæki

VÉLAR & ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is


SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Smiðir geta bætt á sig verkum í almennri innivinnu. Upp í síma. 898 4516.

**Flöt þök**
þakpappalagnir og Dúkþök. Nýlagnir - viðgerðir- viðhald. Hamraborg ehf Þakpappaþjónusta. S. 896 4947- hamraborg@simnet.is

**- Verkatakar -**
Tökuð okkur flísalögn - múrverk, - setjum upp mót - smíðavinnu - þakskipti. Tilboð/ tímavinna. S. 869 1573 & 844 0502.

**Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - gólf. Smíðalausnir. S. 899 3011.**

## Stífluþjónusta




## Tölvur

Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

Tek að mér allar tölvuviðgerðir og ísetningar. 8 ára reynsla. Kenni einnig á notkun tölvunnar. Kem í heimahús ef óskað er. Nánari uppl. í s. 868 0899.

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar




**Alspá
445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Iðnaður



Járnsmíði VÁS sérhæfum okkur í stigum og handriðum, úti og inni. www.jarnsmidi.com S. 534 0910.

## Rafvirkjun




# KEYPT & SELT

## Til sölu




**-Viðskiptatækifæri -**
Sumarið nálgast. Hvert á land sem er 2 hringekjur, parísarhjól, kaffibollar, hoppukastali og candyflos vél. Ath skipti. Uppl. í s. 893 0096.

Hágæða Hanak innréttingar til sölu. Fást á mjög góðu verði. Málningarvinna frítt með. S. 697 4008.

Til sölu Römer Lord barnabílstóll, 9-18 kg. notaður af einu barni. Vel með farinn. Verð: 10.000. S: 662 6601

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Stál ísskápur 2m á 45þ. Frystikista á 10þ. Eldavél á 5þ. Nýr Eldavélaháfur á 10þ. Þurrkari á 10þ. Ný eldhúsvifta á 5þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerskápur á 3þ. Uppþvottavél á 10 þ. S. 896 8568.

**Þvottavélar**
Til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og TV. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

Óska eftir fristiskáp, helst lítið notaðann. Uppl. í S. 567 6518 & 659 8343.

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Tölvur




## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m2, mótatimbur 1x6 og 2x4, 135 kr og 195 kr/m, H-20 I-bitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

## Verslun






Spiral 2008 og Alchemy 1977 Margt fleira í boði: http://www.123.is/natturulist/




# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !
Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský
Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.
Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.
Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.
Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




Villtu missa 5-7 kíló? 9 daga hreinsiprógram frá Aloe Vera 14.690kr S. 6978928



LR kúrinn er ótrúlega auðveldur. Léttist um 22 kg á aðeins 6 mánuðum. Dóra í s.869 2024 www.dietkur.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríanprufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**- ATH! Nudd fyrir heilsuna -
Punkta og svæðanudd - Sogæðanudd - Grennigarnudd - Losun á vöðvafestinum - Upplyfting í Doing cleaning - Upphitun í Japan Sauna
Afsláttur fyrir Elli og öryrkjaþega - Fyrirbæn og slökun - Tímapantanir í síma 863 2261.**

Whole body massage Telepone 862 0283.

Nudd! Heilnudd, íþróttanudd. Nudd gegn vöðvabólgu. Ódýrt og gott Uppl. í síma 690 8876.

Whole body massage Telepone 862 0283.

## Námskeið

Jóga & Velliðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ



Leirkrúsin. Ný námskeið í leirmótun Uppl. á www.leir.is - S. 564 0607 & 661 2179.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Íssk. 165 cm 10 þús. Frystik. 65x65 cm 10 þús. Stórt svart horn - leðursófasett 30 þús. S. 860 7013.

## Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Gullfallegir ljósir Chihuahua hvolpar til sölu. Uppl. í s. 863 4028.

Hreinræktaðir Labradorhvolpar til sölu. Uppl. í síma 476 0011.

Japanskur Chin fæst gefins vegna breyttra heimilisaðstæðna. Hann er 2 1/2 árs líflegur og barngóður, yndislegur. Upplýsingar: email: gilsbakki@internet.is

Góður köttur óskast gefins eða ódýr til góðrar fjölskyldu í 108 S. 820 8214 Alfreð.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Tökumúll kr. 1.889 kr. Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði




Glæsileg og nýleg 63fm (+geymsla) 2ja herb. íbúð til leigu á 2. hæð með læstum bílakj í Þverholti. Verð 126þ. Laus strax, grj2@hi.is

**Kaupmannahöfn**
Herb. f. einn til leigu á Amager með húsgögnum. Laus frá 1 apríl, einn mánuð eða lengur. Uppl. í s. 0045 2820 2880 & 0045 4333 6072.

Herbergi í 104 Rvk til leigu. 55 þús./mán. öll aðstaða, engin gjöld. S. 662 8459.

Einstæð móðir með barn óskar eftir heiðarlegum, reglusömum og reyklausum meðleigjanda í 3 herb. íbúð í hverfi 203 á aldrinum 18-30 ára. Svör sendist á maggaosk6@hotmail.com

UM 100 fm 4 herb. íbúð á 4 h. í 200 Kóp. bílskúr getur fylgt. Eingöngu reglusamir og traustir leigendur koma til greina. V. 130-160 þ. Laus strax, áhugasamir sendi fyrirspurn á johannsson.johann@gmail.com

2 herb. íbúð til leigu 101 rvk. Sér inngangur. S. 820 7282 f. hád. og e. kl. 16

Til leigu 81 fm 2ja herb. íbúð með stæði í bílageymslu í Lómasölum Kóp. Innifalið í leigu hússj., rafm., net ofl. Leiga 150 þ. á mán. S. 699 4407.

# FASTEIGNIR



## Húsnæði óskast

Reglusamur maður óskar eftir einstaklings íbúð á Reykjavíkursvæðinu, helst í Vesturbænum eða Hafnarfirði. Uppl. í s. 899 9696 eftir kl. 16.

26 ára karlmaður óskar eftir íbúð á leigu í miðbænum (101,107,105). Er helst að leita að 2ja herb. eða stúdíó. Verðhugmynd 60-70 þús. Uppl. í s. 867 0185.

## Atvinnuhúsnæði

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu, 50-500fm. Upplýsingar í síma 695 7045 eða 570 7010.

3ja herb.íbúð 100 fm með bílskýli í Baugakór í Kópavogi til leigu. Laus frá 1.apríl. 170.000 kr. með öllu. Þrír mán.fyrirfram og bankatrygging. Sími: 6612007

2 stæði í góðu iðnaðarhúsnæði í Kópavogi verð 40 þús. með hita og rafmagni. s. 692 2609.

## Geymsluhúsnæði

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695-7045 og 570-7010

## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kvöld- og helgarþjónusta.**
**Óskum eftir starfsfólki til að sinna kvöld- og helgarþjónustu í félagslegri heimaþjónustu í Laugardalshverfi. Unnið aðra hvora viku.**
**Nánari upplýsingar gefa María Þórarinsdóttir í síma 411 2500, netfang: maria.thorarinsdottir@reykjavik.is og Guðbjörg Vignisdóttir í síma 422 2500, netfang: gudbjorg.vignisdottir@reykjavik.is**

**miðlun**

**Aukavinna við sölu um kvöld og helgar**
**Miðlun leitar að sölufólki á kvöldin og um helgar. Verkefnin felast í að hringja til almennings, kynna vörur, selja þjónustu, bóka söluheimsóknir o.fl. Fjölbreytt verkefni sem henta öllum sem hafa gaman af að selja. Við leitum að fólk sem hefur ánægju af mannlegum samskiptum. Reynsla er kostur en ekki skilyrði. Lámarksaldur er 18 ár en við leitum ekki síður af fullorðnu fólki með fjölbreytta reynslu að baki.**
**Nánari upplýsingar hjá andri@midlun.is (Reykjavík) og andrea@midlun.is (Akureyri).**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir starfskrafti í fullt starf. Unnið er á 15 daga vöktum. Starfsmaðurinn þarf að eiga auðvelt með að vinna með öðrum, hafa góða þjónustulund og vera íslenskumælandi. Möguleiki á að byrja strax eða í lok sumars.**
**——————————————**
**Einnig eru að losna kvöld- og helgarstörf, bæði bílstjórar og afgreiðslufólk.**
**Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

**Bónstöð - Smurstöð - Hjólbarðaþjónusta**
**Vanir menn óskast strax.**
**Upplýsingar í síma 562 6066.**

**Veitingahús**
**Íslenskumælandi starfsfólk óskast. Æskilegur aldur 30+.**
**Upplýsingar í síma 894 0292.**

**N1**

**Smurstöð**
N1 óskar eftir áreiðanlegum og duglegum starfsmanni til starfa á smurstöð félagsins við Fellsmúla. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af smurþjónustu og bílaviðgerðum. Nánari upplýsingar veitir Sigmar Gíslason í síma 530 5710. Áhugasamir sæki um á www.n1.is

**Helgarvinna**
**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga.**
**Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

**NK Kaffi Kringlunni**
**Óskum eftir að ráða starfsfólk til afgreiðslustarfa og í sal í fullt starf. Einnig vantar fólk um helgar.**
**Uppl. á staðnum og síma 568 9040 & 693 9091.**

**Oddur Bakari**
**Oddur bakari óskar eftir starfsfólki virka daga í bakarí okkar í Hafnarfirði. Einnig vantar okkur helgarfólk á Grensásveg.**
**Upplýsingar gefur Oddur í síma 699 3677.**

**Gullnesti Grafavogi**
**Óskar eftir íslenskumælandi starfsmanni í fullt starf.**
**Upplýsingar í síma 699 4100 Jón Þór.**

GG. flutningar ehf. óska eftir að ráða vana bílstjóra til starfa nú þegar. Umsóknir og uppl. í síma 581 4410 milli kl 9:30-11:30 og milli 13:00-16:00 Einnig í tölvupósti rakel@melar.is

Starfsfólk óskast í gjafavöruversl. Nici og barnafataverslunina Polarn O. Pyret. Dagv. og helgarv. í boði. Uppl. veitir Íris S. 822 0492. Umsóknareyðubl. einnig á stöðunum.

Vélamaður vanur hjólaskóflum óskast. Stundvísi og sjálfstæði nauðsynlegt. Mikil og stöðug vinna framundan. Góð laun fyrir réttan mann. Uppl. í síma 567 4988

Óskum eftir dugmiklu starfsfólki á þjónustustöðvar okkar á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík. Umsóknir skal senda á elin@dekkjahollin.is eða koma á staðinn. Dekkjahöllin, s. 462 3002.

Óska eftir að ráða vanan sendibílstjóra strax, góðir tekjumöguleikar fyrir duglegan mann. Uppl. í s. 867 5948 Gunnar og 844 1725 Guðlaugur.

PILNIE POTRZEBNY KIEROWCA CIEZAROWKI Z NACZEPA I Z DOSWIADCZENIEM. WYMAGANA NIE WIELKA ZNAJOMOSC JEZYKA ANGIELSKIEGO LUB ISLANCKIEGO. INFORMACJA POD NUM. 6934705

**Hjólagrafa**
Vélamaður óskast á hjólagröfu á höfuðborgarsvæðinu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

**Verkamenn**
Vantar duglega menn í röralagnir og almenna jarðvinnu. Næg vinna í boði. Uppl. í s. 896 6676.

Barngóðrar, duglegrar og viðkunnalegrar ömmu er leitað af hálfu 5 manna fjölskyldu í Hafnarfirði. Nánari upplýsingar í síma 553 8333.

**Hjólbarðaverkstæðið Nýbarði**
Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæðið Nýbarða í Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600 & 692 6669.

**Kvikk Þjónustan**
Óskum eftir bifvélavirkja eða mann vanan viðgerðum, sem er vandvirkur fagmaður. Uppl. í síma 562 1075 & 895 2260.

## Atvinna óskast

Trésmið vantar aukaverkefni á kvöldin og um helgar, tekur allt að sér. S. 844 0615 Ísabella e. kl. 16.

Sjálfstætt starfandi smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.



**Sölufulltrúi Hive & Sko**
**Mjög góð laun**

Spennandi fjarskiptafyrirtæki óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga í störf sölufulltrúa Hive - Sko.

Starfið felur í sér að bjóða Íslendingum að lækka GSM-, ADSL- og heimasímareikninga sína um a.m.k. 20%.

**Vinnutími:**
Að minnnsta kosti tvö kvöld í viku frá kl. 18 til 22. Unnið er alla daga nema laugardaga og þú velur hvaða dagar henta þér best.

**Laun:**
Fast tímakaup + virkilega góðir sölubónusar. Raunhæf laun fyrir góða starfsmenn 20 – 30 þúsund á kvöldi.

**Fríðindi:**
Eftir vissan tíma í starfi njóta starfsmenn sérkjara á GSM og ADSL þjónustu.

**Æskilegir eiginleikar:**
Reynsla af sölu- og kynningum
Stundvísi
Áhugi á að standa sig vel í starfi
Þjónustulund, metnaður og heiðarleiki

Umsóknir sendist á **atvinna@hive.is** merktar „Sölufulltrúi".

Hive SKO

**Hringdu í síma**
**512 50 60**


**ef blaðið berst ekki**



# Starfsfólk óskast!

Kaffitería Perlunnar óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Við bjóðum upp á gott vinnuumhverfi og jákvæðan anda.

Hafið samband í síma 898-3804 eða perlan@perlan.is.

The Pearls cafeteria is looking for full time and part time staff. We offer you a good and positive work environment.

Contact us by tel. 898-3804 or perlan@perlan.is.

PERLAN

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

SAMTÖK LUNGNASJÚKLINGA

# Aðalfundur

**samtaka lungnasjúklinga**

verður haldinn fimmtudaginn 17 apríl næstkomandi kl. 20 í SÍBS húsinu, síðumúla 6 (gengið inn baka til).

**Dagskrá:**
Venjulega aðalfundarstörf samkvæmt lögum samtakanna.
Önnur mál.

Vonumst til að sjá sem flesta.

*Stjórnin*

## FASTEIGNIR

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

**Sími 588 9090 • Síðumúla 21 • www.eignamidlun.is**

### SKÓLAGERÐI 20 KÓPAVOGUR – EFRI SÉRHÆÐ



Falleg efri 159,9 fm (þ.a. bílsk 29,8 fm) efri sérhæð í tvíbýli með sér inngangi. Eignin skiptist í 4 svefnh., stóra stofu, eldh., bítibúr og baðh. Að ytra byrði eignarinnar er nýtt járn á þaki og nýtt gler. Að innan er eignin að mestu upprunaleg. **Verð 32,0 millj.**

*EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 17:00-17:30.*

### HJALTABAKKI 12, 3. HÆÐ





Um er að ræða 80,2 fm 2ja herb. íbúð á 3.hæð. Eignin skiptist í forst., baðh., eldh., stofu og svefnh. Sér geymsla er í kjallara. Einnig er í kjallara sameiginlegt þvottahús og sameiginlegt hjóla/vagnageymsla. Góð eign sem getur verið laus fljótlega.
**Verð 18,5 millj.**

*EIGNIN VERÐUR TIL SÝNIS Í DAG FRÁ KL. 18:30-19:00.*

Frum

# ATVINNUTÆKIFÆRI

Til sölu fyrirtæki í innflutningi, heildsölu og smásölu.
Góð álagning. Falleg, hrífandi og auðseljanleg vara.
Verð ca. 12 m.
Svar merkt: „Uppgrip" sendist á netfangið: galle@isl.is

VDO Offroad Line

**Óskum eftir duglegum, stundvísum og heiðarlegum starfsmönnum í eftirtalin störf:**

- **Hjólbarða- og jeppabreytingaverkstæði**
- **Reiðhjóla- og grillsamsetningar**
- **Verslun**

**Upplýsingar í síma: 892-0902**

# Vélstjóri óskast

Förgun ehf óskar eftir að ráða vélstjóra eða iðnmentaðan starfsmann

Vinnutími er morgunvakt þriðjudaga til laugardags. Reynsla af rekstri vélbúnaðar og snyrtimennska áskilin.

Förgun ehf. rekur kjötmjölsverksmiðju 10 km fyrir utan Selfoss. Frekari upplýsingar veitir Þórarinn í síma 482 3553

Umsóknir sendist á kjotmjol@sudurland.is



**Byggingarfélag Gylfa og Gunnars**

# auglýsir eftir rafvirkjum til starfa.

Nánari upplýsingar veitir Sölvi í síma 693-7329

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

**Hefur þú brennandi áhuga á góðri menntun barna og vellíðan?**

# Áhugaverð störf í grunnskólum Garðabæjar næsta skólaár

Grunnskólar Garðabæjar eru eftirsóknarverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku kennara og annarra starfsmanna. Í skólastefnu Garðabæjar koma fram áherslur bæjarins í skólastarfi. Þar má meðal annars nefna að taka skuli mið af þörfum hvers og eins nemanda , ýta undir skapandi hugsun og sjálfstæði sem og stuðla að góðri félags- og samskiptafærni og síðast en ekki síst að laða að vel menntað og hæft starfsfólk.

Garðabær hefur á undanförnum árum lagt sig fram við að bæta kjör og aðstöðu kennara og annarra starfsmanna.
Í grunnskólunum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi með þátttöku í markvissri símenntun. Þar má nefna að Garðabær styður kennara sem hyggjast stunda framhaldsnám.

**Flataskóli** sími 565 8560, sigurveig@flataskoli.is
- Umsjónarkennari á miðstigi
- Sérkennari
- Íþróttakennari 50% staða
- Þroskaþjálfi
- Stuðningfulltrúar í 75% starf
- Matráður í mötuneyti kennara 75% starf

**Hofsstaðaskóli** sími 556 7033, margreth@hofsstadaskoli.is
- Umsjónarkennarar á yngra stig
- Umsjónarkennarar á miðstig
- Tónmenntakennari
- Námsráðgjafi
- Þroskaþjálfi
- Skólaliðar

**Sjálandsskóli** sími 590 3100, helgi@sjalandsskoli.is
- Umsjónarkennarar á mið- og efsta stigi
- Sérkennari
- Kennari í náttúrufræði
- Kennari í smíði
- Þroskaþjálfi
- Skólaliðar

Umsóknir berist skólastjóra hvers skóla sem veitir nánari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar www.gardabaer.is.

**Umsóknarfrestur er til 20. apríl nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við hlutaðeigandi stéttarfélög.



AUGLÝSINGAST. F. BACKMAN

**Garðabær – þjónusta til þín** **Fræðslu- og menningarsvið**

ellefu ellefu

# Atvinna í boði

## fyrir fólk á öllum aldri

**Starfsfólk óskast í 11-11 Kirkjustétt á dagvaktir og kvöld og helgarvaktir.**

**Nánari upplýsingar veitir Ólafía verslunarstjóri í síma 822 7052. Einnig er hægt að fylla út umsókn á vefsíðu okkar www.11-11.is**



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
5.051 **+2,47%**

**Fjöldi viðskipta:** 696
**Velta:** 42.539 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **KAUPÞING** | 5,38% | **ICELANDIC GROUP** | 9,66% |
| **EXISTA** | 1,76% | **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | 5,89% |
| **ICELANDAIR** | 1,63% | **EIK BANKI** | 2,06% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 7,36 +0,68% ... Bakkavör 41,30 +1,23% ... Eimskipafélagið 23,15 -5,89% ... Exista 10,40 +1,76% ... FL Group 6,34 +1,44% ... Glitnir 17,25 +0,58% ... Icelandair 25,00 +1,63% ... Kaupþing 803,00 5,38% ... Landsbankinn 29,60 +0,85% ... Marel 92,50 +1,31% ... SPRON 4,29 +0,47% ... Straumur-Burðarás 11,74 +1,12% ... Teymi 4,29 -0,69% ... Össur 92,70 +0,43%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# FME eitt með rannsóknina


JÓNAS FR. JÓNSSON

„Við höfum kallað eftir upplýsingum um hvort skipulegur neikvæður orðrómur í því skyni að hagnast sé á ferðinni. Svo verður framhaldið ákveðið," segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Eftirlitið hóf í síðustu viku rannsókn á því hvort atlaga hafi verið gerð á íslenskt fjármálakerfi, með því að röngum upplýsingum hafi verið komið á framfæri. Sé um slíkt að ræða gæti það tengst hlutabréfaverði, afleiðustöðum í skuldabréfum eða stöðum í krónunni.

Jón segir að rannsóknin sé á frumstigi og vill lítið tjá sig um hana. Til að mynda vill hann ekkert um það segja hverja Fjármálaeftirlitið rukkar um gögn, að öðru leyti en því að erlendar systurstofnanir hafi enn sem komið er ekki verið beðnar um aðstoð. Eitthvað af gögnum hafi þegar borist Fjármálaeftirlitinu. Engar ályktanir verði dregnar af þeim að svo stöddu. „Það þarf að hafa í huga að þetta er alls ekki einfalt mál," segir Jónas.

Davíð Oddsson seðlabankastjóri sagði í ræðu á ársfundi Seðlabankans á föstudag, að til álita hlyti að koma að gera „alþjóðlega opinbera rannsókn á slíku tilræði við heilbrigð fjármálakerfi". Þar vísaði hann meðal annars til rógsherferðar á hendur breska HBOS-bankanum og þess að á föstudag hefði tryggingaálag á ríkið hækkað um 400 punkta „sem er fráleitt, lyktar óþægilega af því að óprúttnir miðlarar hafi ákveðið að gera úrslitatilraun til að brjóta niður íslenska fjármálakerfið," sagði Davíð. **- ikh**

# Landic Property hagnast minna

Fasteignafélagið Landic Property hagnaðist um 2,5 milljarða króna í fyrra. Árið áður nam hagnaðurinn 11,4 milljörðum króna.

Greiningardeild Kaupþings bendir á að samanburður á milli ára sé erfiður þar sem félagið hafi tekið miklum stakkaskiptum í fyrra með yfirtöku á norræna fasteignafélaginu Keops. Haft er eftir Skarphéðni Berg Steinarssyni forstjóra í tilkynningu að samþætting félaganna sé á lokastigi.

Undir eignir Landic Property, sem er eitt stærsta fasteignafélag Norðurlands, falla 500 eignir í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi og hér á landi. **- jab**




**FÓLK TEKUR FÉ ÚT ÚR NORTHERN ROCK BANKANUM** Times fullyrðir að fólk taki fé út úr íslenskum bönkum í Bretlandi. Bankarnir segja aðra sögu. Erlendir blaðamenn spyrjast fyrir um Tryggingasjóð innstæðueigenda.

**FYRIRTÆKJAFRÉTTIR**

### Össur selur sáraumbúðalínu

Össur hf. hefur selt sáraumbúðavörulínu félagsins til BSN medical GmbH á sem nemur ellefu milljónum Bandaríkjadala, eða rúmar 800 milljónir króna. Hagnaður upp á 5,5 milljónir dala verður bókfærður á fyrsta ársfjórðungi vegna sölunnar. Andvirði sölunnar getur hins vegar hækkað um allt að 6 milljónum dala að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, en þar ræður nokkru niðurstaða málaferla vegna einkaleyfa fyrir vörulínuna. Össur rekur þau mál áfram. „Hluti af söluandvirðinu verður notaður til þess að koma á móti kostnaði vegna málaferlanna," segir kauphallartilkynningu.

Ertu að leita þér að aukavinnu?
Hive SKO

# Spyrjast fyrir um tryggingar innlána

**Erlendir blaðamenn spyrjast fyrir um stöðu Tryggingasjóðs innstæðueigenda. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir að ábyrgðir hafi verið lagðar fram.**

„Við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir um fjárhagsstöðu sjóðsins, einkum frá erlendum blaðamönnum," segir Jónas Þórðarson, framkvæmdastjóri Tryggingasjóðs innstæðueigenda.

Fram kom í breska blaðinu Times í fyrradag að breskir innistæðueigendur tækju fé unnvörpum út af Edge-reikningum Kaupþings og Icesave-reikningum Landsbanka. Fram kemur í fréttinni að breski tryggingasjóðurinn ábyrgist innistæður á reikningum Kaupþings upp að 35 þúsund pundum. Hins vegar séu innistæður Icesave tryggðar hjá íslenska sjóðnum.

Sigurjón Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir að einhverjir hafi tekið út af reikningum sínum, en aðrir lagt inn í staðinn. „Hafa þarf í huga að miklar breytingar hafa orðið á markaðnum. Viðskiptavinum hefur fjölgað mikið, en hver og einn leggur inn lægri fjárhæð."

Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi Kaupþings, segir það ekki rétt að fólk hafi tekið fé út af reikningum sínum.

Tryggingasjóður innstæðueigenda veitir þeim sem eiga fé í bönkum lágmarksvernd, lendi fjármálastofnun í greiðsluerfiðleikum. Sjóðurinn ábyrgist að greiða innistæðueigendum allt að tvær milljónir króna, komi til slíks. Bankar og sparisjóðir þurfa á hverjum tíma að geyma í sjóðnum eitt prósent af öllum innistæðum.

Fram kemur í ársreikningi sjóðsins fyrir síðasta ár að í hann vanti átta og hálfan milljarð króna.

Jónas Þórisson segir að bankar og sparisjóðir hafi greitt sjóðnum tvo og hálfan milljarð króna og reitt fram ábyrgðir fyrir sex milljörðum. Þetta hafi gerst í mars. **ingimar@frettabladid.is**

Fjárhagsleg heilsa
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA
NET12
Notaðu vextina strax
// Hleyptu vexti í reksturinn
// Fáðu háa ávöxtun
// Reiknaðu dæmið til enda
Þú færð vaxtavexti af þeim vöxtum sem ekki eru greiddir jafnóðum út.
BYR SPARISJÓÐUR
Sími 575 4000 | www.byr.is
Net12 er rakin leið fyrir þau fyrirtæki og félög sem vilja fara í alvöru vaxtarækt með Byr.

FYRIRTÆKI OG FRAMTÍÐIN
Ávinningur af samfélagslega ábyrgum viðskiptum

Útflutningsráð Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða til morgunverðarfundar um markaðslegan ávinning fyrirtækja af samfélagslegri ábyrgð, miðvikudaginn 2. apríl 2008 á Grand Hótel kl. 08.30-10.00.

Dagskrá:
Opnun - Hvað er samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (CSR)?
Páll Ásgeir Davíðsson, sérfræðingur hjá Háskólanum í Reykjavík.
Corporate Responsibility – from challenges to opportunities.
Elin Myrmel-Johansen, framkvæmdastjóri , Storebrand, Noregi.
Can CSR and commercial opportunities go hand in hand?
Henrik Marstrand, framkvæmdastjóri, Mater a/s, Danmörku. Vinningshafi Wallpaper tímaritsins í Bretlandi - "Best Debut Design Brand 2007."
Nordic Business Outreach.
Ragna Sara Jónsdóttir, sérfræðingur hjá utanríkisráðuneytinu / UNDP.

Fundarstjóri:
Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

PIPAR • SÍA • 80629



Fundurinn er öllum opinn en skráning fer fram í s. 511 4000 eða með tölvupósti á netfangið utflutningsrad@utflutningsrad.is.
Nánari upplýsingar um fundinn gefur Inga Hlín Pálsdóttir hjá Útflutningsráði, inga@utflutningsrad.is.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK REYKJAVIK UNIVERSITY
UNDP
ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS TRADE COUNCIL OF ICELAND



*Hjartans ástkæri sonur okkar, bróðir, mágur og barnabarn,*

**Huginn Heiðar Guðmundsson**
Greniteigi 49, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju miðvikudaginn 2. apríl kl 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á einhver af eftirtöldum samtökum: Einstök börn, Umhyggja eða Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Guðmundur B. Guðbergsson Fjóla Ævarsdóttir**
**Natan Freyr Guðmundsson Sóley Ásgeirsdóttir**
**Hafrún Eva Kristjánsdóttir**
**Guðjón Örn Kristjánsson**
**Ásdís Rán Kristjánsdóttir**
**Guðbergur Ólafsson Esther Jósefsdóttir**
**Ævar Þorsteinsson Ingibjörg Jósefsdóttir**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tómas Tómasson,**
fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Sparisjóði Keflavíkur, Langholti 14, Keflavík ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja föstudaginn 28. mars. Útför hans verður gerð frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 4. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Halldís Bergþórsdóttir**
**Ásgerður Kormáksdóttir Jón R. Jóhannsson**
**Jórunn Tómasdóttir Skúli Thoroddsen**
**Halla Tómasdóttir Pálmi B. Einarsson**
**Bergþóra Tómasdóttir Stefán Eyjólfsson**
**Tómas Tómasson Svala B. Reynisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*



**Sigurlaugar Sigrúnar Björnsdóttur**
Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi, áður Sólvallagötu 41, Reykjavík.

**Stefanía Drew, Arnold Drew, Elín Kristinsdóttir**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Fríðu Guðbjartsdóttur,**
Kjartansgötu 15, Borgarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Dvalarheimilis aldraðra, Borgarnesi og heimahjúkrunar Borgarnesi.

**Valur Thoroddsen**
**Haukur Valsson Kristín Einarsdóttir**
**Hildur Valsdóttir**
**Snædís Valsdóttir Ólafur Sigurðsson**
**Anna Valsdóttir Árni Magnússon**
**Magnús Valsson Guðrún Ásgeirsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



**Sigurjón Ingvason**
til heimilis að Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést 17. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**börn, barnabörn og barnabarnabörn.**



**TÉKKNESKI RITHÖFUNURINN MILAN KUNDERA ER 79 ÁRA Í DAG**

*„Það eru engin lítil hlutverk til. Bara litlir leikarar."*

***Kundera er þekktastur fyrir bók sína Óbærilegur léttleiki tilverunnar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 1. APRÍL 2001**

## Samkynhneigðir gefnir saman í Hollandi



Þennan dag árið 2001 var samkynhneigðum í Hollandi leyft að gifta sig. Holland varð þar með fyrsta landið til að leiða slík lög í gildi.

Um miðjan níunda áratuginn hófu stjórnvöld að kanna þennan möguleika að undirlagi þrýstihóps samkynhneigðra með Henk Krol í fararbroddi. Árið 1998 gátu samkynhneigðir staðfest samvist sína og fengu þar með sömu lagalegu réttindi og hjón.

Giftingarfrumvarpið var samþykkt hinn 19. desember árið 2000 en lögin gengu í gildi 1. apríl árið eftir. Þann dag voru fjögur samkynhneigð pör gefin saman af Job Cohen, borgarstjóra Amsterdam.

**ÞRÓUNARSAMVINNUSTOFNUN:** OPNAR FIMMTA MÆÐRAHÚSIÐ Á SÍNUM VEGUM

# Mæðravernd utan þéttbýlis

Þróunarsamvinnustofnun Íslands hóf störf í Níkaragva fyrir tveimur árum. Hún vinnur að uppbyggingu jarðvarmanýtingar en sinnir auk þess félagslegum verkefnum og hefur staðið fyrir byggingu fimm mæðrahúsa. Það fimmta var opnað í þorpinu La Cruz de Rio Grande á dögunum en húsin fimm hafa öll verið reist á síðasta eina og hálfa ári.

Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri hjá ÞSSÍ, segir mæðra- og ungbarnadauða umtalsvert meiri í strjálbýlum héruðum landsins en í þéttbýli, en mæðrahúsin hafa átt þátt í því að draga úr slíkum dauðsföllum.

„Við einbeitum okkur aðallega að Atlantshafsströndinni sem liggur út að Karíbahafi. Þetta svæði er gífurlega einangrað og mikil fátækt. Þar býr annað fólk en Kyrrahafsmegin, þar sem stærsti hluti þjóðarinnar býr, og þar eru töluð önnur tungumál," lýsir Gerður. Engir vegir liggja að þessum svæðum og til að komast á sjúkrastofnun þarf að sigla langar leiðir. Það getur tekið þungaðar konur marga daga að komast á leiðarenda og því hefur mæðrahúsunum verið komið á fót en þau eru um sextíu á landsvísu. Þau eru ávallt reist við heilsugæslu eða spítala en þangað koma konur sem eru í einhverri hættu á meðgöngu.

Konurnar koma á heimilin um tveimur vikum fyrir áætlaðan fæðingardag. Þar fara þær í reglulega læknisskoðun og fá fræðslu um meðgöngu, næringu, umönnun ungbarna, lagaleg réttindi og heimilisofbeldi þegar þess gerist þörf. Þær fæða síðan á sjúkrastofnuninni og liggja sængurleguna í mæðrahúsinu. Gerður segir fjölmargar kornungar mæður á þessu svæði og töluvert um heimilisofbeldi.



**MÆÐRAHÚSIN HAFA SANNAÐ GILDI SITT** Gerður Gestsdóttir, verkefnastjóri hjá ÞSSÍ, opnaði fimmta mæðrahúsið í Níkaragva á dögunum. Hér er hún ásamt syni sínum Gesti Diriangen.

Þegar húsunum hefur verið komið á fót eru sterk félagasamtök fengin til að reka þau. „Það er mikilvægt að tryggja eignarhald samfélagsins á húsunum til þess að konurnar fáist til þess að mæta. Þær þurfa að geta treyst því að þetta sé eitthvað fyrir þær en í sveitum er oft tortryggni í garð heilbrigðiskerfisins.

vera@frettabladid.is



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristín Jónsdóttir**
Ásabyggð 14, Akureyri,

andaðist á dvalarheimilinu Hlíð 29. mars. Jarðsett verður í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Okkar innilegustu þakkir til starfsfólks Hlíðar og annarra sem auðsýndu henni hlýju og umönnun síðustu árin.

**Jónína Jónsdóttir**
**Marteinn Jónsson Hólmfríður Hólmgeirsdóttir**
**Hermann Jónsson Sveinfríður Jóhannsdóttir**
**Vigdís Jónsdóttir Guðmundur Olsen**
**Þorsteinn Jónsson Lydía Helgadóttir**
**Jóhann Jónsson Heiðrún Árnadóttir**
**Friðrik Jónsson Jófríður Jóhannesdóttir**
**Anna Jónsdóttir Sigurbjörn Vilbergsson**
**ömmu og langömmubörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,*

**Kristín Björk Aðalsteinsdóttir**
fyrrverandi leigubílstjóri, Fífusundi 11, Hvammstanga,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut á deild 11. G, föstudaginn 28. mars sl. Útförin auglýst síðar.

**Hafþór Jóhannsson Þórunn Grétarsdóttir**
**Rósa Jóhannsdóttir Guðjón Hildibrandsson**
**Ágústa B. Jóhannsdóttir Einar J. Gunnþórsson**
**Aðalsteinn Jóhannsson**
**Jóhann Gunnar, Alexandra Sif, Hrannar Már, Telma Rut,**
**Hjördís, Eydís Birna, Kristín Björk, Þórdís Lilja,**
**Valdís Anja og Bjarndís Júlía**
**Aðalsteinn Björnsson Jóhanna S. Árnadóttir**
**Árný R. Aðalsteinsdóttir Jóhannes S. Stefánsson**
**Björn Á. Aðalsteinsson**



## 80 ára afmæli

**Í dag, 1. apríl, er**

**Þóra Karítas Árnadóttir,**

**Melabraut 6, Seltjarnarnesi, 80 ára. Í tilefni dagsins tekur hún á móti ættingjum og vinum að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, í dag kl. 17 til 19.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Ágústsson,**
Urðartjörn 5, Selfossi,

varð bráðkvaddur laugardaginn 29. mars. Útförin verður auglýst síðar.

**Erla Eyjólfsdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Maðurinn minn,*

**Gímur Kristinn Jóhannesson**
frá Þórisstöðum, Aðalstræti 76, Akureyri,

lést 28. mars sl. á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Útförin verður auglýst síðar.

**Guðbjörg Júlía Kortsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.** Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

# 2ára afmæli


Frelsið ódýrast hjá SKO

VERÐSAMANBURÐUR Á FARSÍMAÞJÓNUSTU

Verðkönnun Fréttablaðsins 14. febrúar 2008



# Þú hringir frítt í dag

Sko er 2 ára í dag og í tilefni dagsins hringja allir viðskiptavinir okkar frítt í öll númer innanlands.

## ATH: Þetta er ekki aprílgabb.

SKO, tala meira og borga ekkert í dag.

SKO

Tala meira. Borga minna.

# Áhugavert starf á atvinnusíðu.

Hive SKO








## Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér ?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.
Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakklætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér **frímiða í bíó.**

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

pósthúsið

Pósthúsið ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is



MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

Menntaskólinn við Hamrahlíð

# Opið hús

fyrir grunnskólanemendur

og forráðamenn þeirra verður miðvikudaginn 2. apríl frá kl. 18:00-21:00. Kynnt verður námsframboð, inntökuskilyrði og félagslíf nemenda. Kl. 19:00 syngur Kór Menntaskólans við Hamrahlíð nokkur lög.

Allir velkomnir.

***Rektor***





# STUÐ MILLI STRÍÐA Lengsta aprílgabb sögunnar

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** LÆTUR EKKERT KOMA SÉR Á ÓVART



Sá dagur er nú runnin upp að láta fólk hlaupa yfir þröskuld algjöraerindisleysu vegna græskulauss gríns náungans. Fjölmiðlar hafa undanfarin ár reynt að kokka upp hverja grínfréttina á fætur annarri í þeirri von að hafa náungann að háð og spotti. Stórstjarna sem á að árita afurð sína er pottþétt uppskrift að góðu gabbi og þá helst frægan rithöfund eða neðanjarðar-poppstjörnu því menningarvitar eru ginnkeyptari fyrir aprílgöbbum en hinn venjulegi „bolur“. Sem hefur auðvitað eytt mörgum klukkustundum kvöldinu áður í að skipuleggja sinn eigin hrekk.

En í dag þyrfti einhvern stórkostlegan og útpældan hrekk til að þjóðin myndi hendast í bókabúð eða plötuverslun. Hún er nefnilega orðin öllu vön. Hún vaknar við að búið er að handtaka Idol-stjörnu og sér það í sjónvarpsfréttum að pólskar og litháískar mafíur hafa tekið sér bólfestu í næsta nágrenni. Miðbær höfuðborgarinnar er í niðurníðslu og sami meirihlutinn og var baulaður niður á hveitibrauðsdögunum sínum er enn við völd. Þegar hún ætlar svo að fjárfesta í bensíni á neyslugranna bílinn sinn uppgötvar hún að kostnaðurinn sprengir heimilisbókhaldið og hún neyðist til að dusta rykið af gamla reiðhjólinu eða kaupir jafnvel „græna kortið“ og kemst leiðar sinnar í gufuknúnum strætisvagni – ef vörubílstjórar og stórvirkar vinnuvélar standa ekki í vegi fyrir henni. Ekki skánar ástandið þegar þjóðin ætlar að fá salt í grautinn. Því vængjalaus fiðurfénaðurinn útheimtir fleiri krónur úr buddunni en dýrindis nautasteik og það er hagstæðara að kaupa sér volgan öllara í Ríkinu en kúamjólk úr kælinum.

Hrekkjalómar landsins hafa því væntanlega lagt öll plön um skammarstrik til hliðar. Íslenska þjóðin hefur lifað í stöðugu aprílgabbi frá því nýtt ár gekk í garð og hún kippir sér ekki upp við það þótt Paris Hilton sé í Laugardalslauginni: hún hefur hvort eð er ekki efni á sundmiðanum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli



## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



## NÝJAR BÆKUR

Ekkjan, ný saga eftir Stephen King er komin út. Í henni segir frá Lisey Landon sem stóð í djúpu og stundum ógnvekjandi sambandi við eiginmann sinn, Scott, frægan og dáðan metsöluhöfund – og mann sem átti sér mörg leyndarmál. Eitt þeirra var staðurinn þar sem sköpunargáfa hans átti sér rætur, staður sem gat bæði veitt honum styrk og innblástur og lagt hann að velli. Tveimur árum eftir dauða Scotts er komið að Lisey að mæta þeim illu öflum, sem Scott átti í höggi við, í lífshættulegum leiðangri hennar inn í myrkrið sem umlukti hann. Folagið gefur út í kilju.




Danska skáldsagan Sá sem blikkar er hræddur við dauðann er komin út í íslenskri þýðingu á vegum Forlagsins. Sagan vakti verulega athygli og úlfúð í heimalandi höfundarins þegar hún kom út, enda byggir hann söguþráðinn á eigin uppvexti í litlu þorpi nálægt þýsku landamærunum og þykir afar óvæginn gagnvart því umhverfi sem hann er sprottinn úr. Drengurinn Knud á ekki sjö dagana sæla á bernskuárum sínum; þýsk móðir hans verður fyrir ofsóknum bæjarbúa vegna þjóðernis síns og Knud má þola gegndarlaust einelti annarra barna. Saga fjölskyldunnar er samofin tíðarandanum og fortíðin fylgir fólkinu eins og dimmur skuggi. Þetta er kaldhæðin og eftirminnileg frásögn af einkennilegum dreng og áhugamálum hans en um leið nístingsköld lýsing á útskúfun og höfnun. Hér segir af fásinni, fordómum og harðýðgi í garð þeirra sem skera sig úr fjöldanum í litlu samfélagi á sjöunda áratugnum – en atburðirnir gætu eins gerst á öðrum stað og tíma. Hún var verðlaunuð í heimalandi höfundar og vakti mikla athygli og aðdáun. Halla Sverrisdóttir þýddi.



Út er komin, hjá bókaforlaginu Bjarti, ný bók eftir verðlaunahöfundinn D.B.C. Pierre: Bjöguð enska Lúdmílu. Bókin er 49da bókin í neon-bókaflokkinum, sem er besti bókaklúbbur í heimi. London á þriðjudegi eftir hryðjuverkaárás sumarsins: Blair og Bunny eru fyrstu símastvíburar heimsins sem tekist hefur að aðskilja á fullorðinsárum – þeir eru 33 ára. Fram til þessa dags hafa þeir verið samvaxnir og búið innan stofnanaveggja. Á sama degi í hinu stríðshrjáða Kákasus verður hin fagra og kjaftfora Lúdmíla Derev fyrir því óláni að drepa afa sinn. Þegar desembermánuður rennur upp eiga þau öll þrjú ýmislegt merkilegt sameiginlegt. D.B.C. Pierre hlaut, flestum að óvörum, Booker-verðlaunin fyrir Vernon G. Little árið 2003, en sú bók kom einmitt út í neon-bókaflokki Bjarts. Skáldskapur D.B.C. Pierre er gegnsýrður af kolsvörtum húmor og nístandi kaldhæðni en birtir jafnframt nýstárlega sýn á veruleika almennings á Vesturlöndum. Árni Óskarsson þýddi.




Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Danskt sjónvarpsefni greint

Í dag kl. 16.30 halda tveir danskir fræðimenn fyrirlestra á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur um danska sjóvarpsframleiðslu, bæði framhaldsþætti og heimildarmyndir. Fyrirlestrarnir verða í aðalbyggingu Háskólans, stofu 222.

Danskir sjónvarpsþættir hafa notið mikilla vinsælda á Íslandi um langa hríð, bæði á vegum Ríkissjónvarpsins og Stöðvar 2. Er skemmst að minnast Forbrydelsen sem hélt landsmönnum límdum við skjáinn á sunnudagskvöldum í vetur. Dönsku fræðimennirnir Gunhild Agger og Ib Bondebjerg munu fjalla um danska sjónvarpsþáttagerð í víðu samhengi og ljóstra upp hver galdurinn er á bak við vinsældir þeirra. Gunhild Agger, sem er lektor í samskiptafræðum við Álaborgarháskóla, mun fjalla um einkenni danskra sjónvarpsþátta og að hve miklu leyti þeir endurspegla danskan veruleika. Studst verður við marga af vinsælustu þáttunum, allt frá Matador til Forbrydelsen.

Ib Bondebjerg mun í fyrirlestri sínum fjalla sérstaklega um heimildarmyndir, vinsældir þeirra í Danmörku og hvernig styðjast má við þær til að lesa í danskt samfélag. Miðlar eins og kvikmyndir og sjónvarp hafa haft gríðarlega mikil áhrif á samfélagsþróun og átt stóran þátt í að skapa svokallað „ímyndað samfélag“ samkvæmt kenningum Benedict Anderson. Bondebjerg staðhæfir að heimildarmyndir gegni þar ekki síður veigamiklu hlutverki. Hann mun fjalla um myndir ýmissa danskra leikstjóra, s.s. Christian Kryger, Poul Martinsen og Christoffer Guldbrandsen. Ib Bondebjerg er prófessor í kvikmynda- og fjölmiðlafræðum við Kaupmannahafnarháskóla og hefur gefið út fjölmargar bækur sem tengjast þessu efni.

Gunhild Agger og Ib Bondebjerg eru gestakennarar við dönskuskor hugvísindadeildar Háskóla Íslands. Fyrirlestrarnir eru haldnir í tengslum við alþjóðlegt tungumálaár.- pbb



**SJÓNVARP** Sofie Gråböl í Glæpnum.
MYND/TINE HARDEN/DR




Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ




# Fólk

folk@frettabladid.is



*„Ég vil að fólk kunni að meta þessa föt fyrir það sem þau eru, og líti ekki bara á þau sem enn eina línuna frá enn einni stjörnunni."*

**RACHEL BILSON sem er að senda frá sér nýja fatalínu, er greinilega mjög bjartsýn.**



*„Ég er búinn að gera of marga heimskulega hluti til þess að það verði ekki gerðar myndir um mig þegar ég er dauður, svo ég get alveg eins skrifað handritið sjálfur."*

**GEORGE MICHAEL um væntanlega ævisögu sína.**



*„Ég var hvorki hippi né hasshaus í menntaskóla, svo ég endaði á því að vera fríkið. Ég hafði áhuga á klassískum ballett og tónlist og krakkarnir voru ansi vondir ef maður var öðruvísi."*

**MADONNA um menntaskólaárin.**

# MH og MR lýsa yfir stríði

**MH og MR eiga í stríði um þessar mundir og hefur þegar verið gripið til óvenjulegra aðgerða. Næturvaktir hafa verið skipulagðar í báðum skólum til að klekkja á andstæðingnum og hvorugur hyggst skrifa undir friðarsamninga fyrr en það hefur verið til lykta leitt hvor skólinn sigrar í ræðukeppni Morfís.**

Stríðsátökin brutust út á föstudaginn þegar forseta nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð, Berglindi Sunnu Stefánsdóttur, var rænt af MR-ingum um hábjartan dag í miðborg Reykjavíkur. Mannræningjarnir hugðust fara fram á það við forsetann að hún skrifaði undir plagg þar sem ósigur væri viðurkenndur og að MH-ingar væru ómerkilegri en nemendur Menntaskólans í Reykjavík. „Ég reif nú bara plaggið," segir Berglind, sem lét svartklæddu menntskælingjana ekki hræða sig til illra verka. Upphófst smá múgæsing í kjölfar aðgerða hennar en hún segir mannræningjanna þó hafa komið vel fram við sig og fékk meðal annars gos á meðan á gíslingunni stóð. Búast má við miklum erjum þangað til úrslitaviðureignin fer fram en umræðuefni hennar er „áróður".

Að sögn Ara Guðjónssonar, liðsstjóra ræðuliðs MR, hefur verið stofnuð skófludeild innan Menntaskólans sem á að sjá um skæruhernað. Hún kom meðal annars upp fána skólans á lóð MH sem var skilað aftur í gærmorgun. Og þá höfðu MH-ingar tekið sig til og kastað af sér vatni yfir hann. Þeir mættu einnig með níðstöng og blys á lóð gamla skólans og sú aðgerð gerði ekki neitt annað en að hella olíu á eldinn. „Við erum búnir að skipuleggja næturvakt til að hafa hendur í hári þeirra sem ætla að skaða skólann okkar," segir Ari. „Menn verða að verja sitt svæði," bætir hann við en vill ekki upplýsa hver næsta aðgerð „skófludeildarinnar" verði.

Lárus Jón Björnsson, liðstjóri ræðuliðs MH, var nýkominn af fundi í MH þar sem sjö manna herdeild var stofnuð en hún fær það hlutverk að koma höggi á andstæðingana. „Þeir verða svona hálfgerð yfirstjórn og munu sjá um skipulagningu skæruhernaðarins næstu daga," segir Lárus. Hann upplýsir að MH-ingar hafi einnig skipulagt næturvakt í skólanum þannig að hægt verði að afstýra öllum „skemmdarverkum" á skólalóðinni. „Þetta er mikið stuð og okkur líður vel enda vel stemmdir fyrir keppnina."

freyrgigja@frettabladid.is



**Í VÍGAHUG** Lið MR er skipað þeim Ara Guðjónssyni, Jóni Benediktssyni, Arnari Má Ólafssyni og Guðmundi Agli Árnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**STRÍÐSMENN MH** Lárus Jón, Hugi Leifsson, Birkir Blær Ingólfsson og Arnmundur Ernst Bachman eru stríðsmenn MH.

# Tyrkneskt hetjurokk

Í ár veðja Tyrkir á dramatískt hetjurokklag í flutningi hljómsveitarinnar Mor ve ötesi. Lagið heitir Deli og er sungið á tyrknesku. Hljómsveitin var valin í keppnina af tyrkneska ríkissjónvarpinu.

Mor ve ötesi var stofnuð árið 1995 og hefur gert fimm breiðskífur. Fjórða platan sem kom út 2004 varð metsöluplata sveitarinnar og seldist í yfir 250.000 eintökum í Tyrklandi. Margir gamlir aðdáendur töldu að platan væri svik við „hinn rétta tón" sveitarinnar, og því varð fimmta platan sem kom út 2006 afturhvarf í „gamla sándið" og seldist ekki nema í rétt yfir 50.000 eintökum.



**TYRKNESKAR STÓRSTJÖRNUR** Rokkbandið Mor ve ötesi.

Hljómsveitin hefur látið til sín taka á pólitíska sviðinu, meðal annars mótmælt kjarnorkuverum og Íraksstríðinu. Sem áhrifavalda nefna þeir hljómsveitir eins og New Model Army, Radiohead, King Crimson og Tool.

Tyrkir hafa keppt síðan 1975 og oft gengið ágætlega, unnu meira að segja árið 2003 og urðu í fjórða sæti í fyrra. Hvort hetjurokk eigi einhvern séns í sætsúpunni í ár kemur í ljós, en Tyrkir keppa á sama tíma og við í undankeppninni.

EUROVISION 53 DAGAR TIL STEFNU

# Spacey beint á toppinn

Nýjasta kvikmynd Kevins Spacey, 21, fór beint á toppinn á aðsóknarlistanum vestanhafs um síðustu helgi. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og fjallar um hóp háskólanema sem eru sérfræðingar í fjárhættuspilum og nýta sér það til hins ítrasta í Las Vegas. Með önnur helstu hlutverk fara Kate Bosworth og Laurence Fishburne. Leikstjóri myndarinnar er Robert Luketic sem áður hefur sent frá sér gamanmyndirnar Legally Blonde og Monster- In-Law. Í öðru sæti á aðsóknarlistanum lenti teiknimyndin Horton Hears A Who! og í því þriðja Superhero Movie þar sem gert er grín að ofurhetjumyndum.



**KEVIN SPACEY**




SVÖRT EIK, eik natur, hvíttuð eik, blá eik, græn eik, gul eik, rauð eik, grá eik...

...Hvað má bjóða þér? Eikin okkar fæst í 25 mismunandi litum!

Innréttingarnar eru frá Schmidt sem er einn af stærstu framleiðendum innréttinga í Evrópu.
Innréttingadeildin er á 2. hæð, Ármúla 8. Tímapantanir í síma 595 0520 eða 595 0528.

Egill Árnason hf

Ármúli 8, 108 Reykjavík, 595 0500 - Baldursnes 6, 603 Akureyri, 595 0590 - www.egillarnason.is

SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS






**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D - 10:10D | 10 |
| LARS AND THE REAL GIRL | | kl. 8 - 10:10 | L |
| 10.000 BC | | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | DIGITAL | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | | kl. 10:30 | 16 |
| STEP UP 2 | | kl. 5:50 - 8 | 7 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 6D - 8D - 8:30D - 10D - 10:30D | 10 |
| HANNA MONTANA | 3-D DIGITAL | kl. 6 (3D) | L |
| JUNO | | kl. 8 - 10 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN | M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

**SAMBÍÓIN SELFOSS**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10:10 | 10 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 8 | 7 |
| 10.000 BC | kl. 10:20 | 12 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| 10.000 BC | kl. 8 | 12 |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| STÓRA PLANIÐ | kl. 8 - 10 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10 | 16 |

DIGITAL

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus







**LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR**

| | | |
|---|---|---|
| THE EYE - POWER | kl. 6, 8 og 10.15 | 16 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 og 8 | 7 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 6 | L |
| SEMI-PRO | kl. 10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ!




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000 — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| VANTAGE POINT LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 8 - 10.10 | 12 |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000 — 600 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

AUKAKRÓNUR 5%

**HÁSKÓLABÍÓ** SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| THE EYE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 10 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | 7 |

AUKAKRÓNUR 5%

**BORGARBÍÓ** SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10 | 16 |
| LOVEWRECKED | kl. 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR — FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI — AUKAKRÓNUR

# Borat verður Bruno

Þriðja fígúran úr sarpi breska grínleikarans Sacha Baron Cohen er nú á leið á hvíta tjaldið. Sacha hefur þegar fært okkur Ali G og Borat, en nú er verið að taka upp næstu bíómynd. Þar verður litríka austurríska samkynhneigða tískulöggan Bruno í aðalhlutverki. Bruno lifnaði fyrst við í sjónvarpsþætti Sacha líkt og Ali G og Borat.

Bruno gerir nú usla víða í Bandaríkjunum. Kvikmyndaliðið gerði allt vitlaust á flugvelli í Kansas þar sem Bruno dansaði um gangana í bláum silkistuttbuxum og böggaði fólk.

Þá féll leikarinn Ben Affleck fyrir gríninu og fór grunlaus í viðtal við „mjög frægan samkynhneigðan tískublaðamann". Hann fattaði ekkert þótt fyrsta spurning Brunos hafi verið „How do you like niggers?"



**MJÖG FRÆG TÍSKULÖGGA** Bruno, sprenghlægileg staðalímynd Sacha Baron Cohen.

Seinna sagði hann vinum sínum að hann hafi verið í viðtali við „hálfvita".

Myndin mun einfaldlega heita Bruno. Samkvæmt imdb.com er áætlað að hún komi í kvikmyndahús í október.

# Einn af sjö samúræjum

Tónlistarmanninum Sigtryggi Baldurssyni hefur verið boðið að taka þátt í listrænu vali á dagskrá fyrir Womex, sem er þekkasta heimstónlistarhátíð í heimi. Fer hún fram í Sevilla á Spáni í lok október.

Sigtryggur tekur þátt í sjö manna nefnd sem tekur ákvarðanir um hverjir verða með tónleika, umræður og kvikmyndir á Womex og eru dómnefndarmenn kallaðir samurai. Þátttaka í nefndinni er viðurkenning á yfirgripsmikilli þekkingu Sigtryggs á heimstónlist. Boðið kom í kjölfar kynnisferðar sem Iceland Music Export stóð fyrir á hátíðinni í fyrra.

# Hvanndalsbræður hneyklsla húsmæður í Vesturbænum

**Hvanndalsbræður halda upp á fimm ára afmæli sitt um þessar mundir og eru með ýmislegt á afmælisprjónunum.**



**HVANNDALSBRÆÐUR Í NÝJU FÖTUNUM** Knúsast um stund á nýrri plötu. Rögnvaldur er með skegg.

Fimmta plata Hvanndalsbræðra er langt komin og Rögnvaldur „gáfaði" Hvanndal á von á að upptökur á henni klárist um næstu helgi. „Þetta verður rokkaðasti diskurinn okkar, meiri músik og minna grín," segir hann. „Við erum að auka vægi hljómlistarinnar á kostnað fíflalátanna, reyna svona að þróast eitthvað smá."

Hluti af þróuninni er að nú eru bræðurnir orðnir fimm, en ekki þrír eins og hingað til. „Pétur Hvanndal hjálpaði okkur eftir að „Ríða feitum hesti" kom út og hefur ekki hætt síðan. Valmar Hvanndal frá Eistlandi kom í bandið fyrir hálfu ári síðan. Þetta eru mjög fjölhæfir og góðir hljóðfæraleikarar. Það er mjög fínt að það séu loksins komnir hljóðfæraleikarar í hljómsveitina."

Nýr hljómsveitabúningur hefur einnig verið tekinn upp enda var sá gamli úr þykkri ull og óheppilegur á böllum. „Það stefndi nú satt að segja bara í andlát hjá okkur í lopanum, þetta var oft mjög heitt og gríðarlega óþægilegt. Nýju fötin eru létt og þægileg."

Eftir stutt stopp hjá Senu hyggjast Hvanndalsbræður gefa nýju plötuna út sjálfir. Rögnvaldur segir að hún komi sennilegast út í maí. „Platan heitir Knúsumst um stund og fjallar að mestu um ástina í öllum sínum óteljandi myndum og þá helst þeim myndum sem fáir vilja tjá sig um. Meðal laga á plötunni eru „Heimilisofbeldi", „Jafnréttisbaráttan" og „Greddan". Það getur vel verið að þessi plata muni ganga fram af húsmæðrum í Vesturbænum."

gunnarh@frettabladid.is




orkusalan
HÚSAKAUP
HÆÐIN
Dómarar
ELÍSABET & HREIÐAR
BRYNJAR & STEINUNN
PACAS & BEGGI
HITTUMST Á HÆÐINNI
Þrjú pör keppast um að hanna
og innrétta þrjú hús frá grunni
FIMMTUDAG KL. 20:20
skemmtilegri
STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Einvígi KR og Keflavíkur heldur áfram



KR og Keflavík mætast í öðrum leik liðanna í úrslitarimmunni um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Express-deild kvenna í DHL-höllinni í kvöld kl. 19.15. Keflavík vann fyrsta leik liðanna naumlega 82-81 í jöfnum og spennandi leik á Suðurnesjum þar sem Takesha Watson var aðeins einu frákasti frá því að ná þrefaldri tvennu en hún var með 21 stig, 12 stoðsendingar og 9 fráköst fyrir Keflavík og var valin maður leiksins. Búast má við hörkuleik í kvöld og fólk því hvatt til þess að mæta á völlinn.

# sport

sport@frettabladid.is

ÚRVALSLIÐ UMFERÐA 15-21 Í N1-DEILD KARLA: VALSARAR FJÖLMENNIR EN HAUKAR TÓKU STÓRU VERÐLAUNIN

# Haukamennirnir Sigurbergur og Aron bestir



Úrvalslið N1-deildar karla í handbolta fyrir umferðir 15-21 var tilkynnt í gær. Valsmenn voru fjölmennir í liðinu að þessu sinni með þá Ólaf Hauk Gíslason, Ingvar Árnason, Baldvin Þorsteinsson og Arnór Gunnarsson og Valur fékk einnig viðurkenningu fyrir bestu umgjörð. Þá voru Ólafur Bjarki Ragnarsson úr HK, Rúnar Kárason úr Fram og Sigurbergur Sveinsson úr Haukum einnig í liðinu en Sigurbergur var svo valinn besti leikmaður umferðanna og þjálfari hans hjá Haukum, Aron Kristjánsson, valinn besti þjálfarinn. Gunnar Jarl Jónsson og Hörður Aðalsteinsson voru valdir besta dómaraparið.

Sigurbergur var hæstánægður með viðurkenninguna, sem og gengi Haukaliðsins í deildinni í vetur.

„Ég er mjög sáttur og það er gaman að fá viðurkenningu sem þessa. Þetta er búið að vera frábært tímabil hjá Haukum og þó svo að ég hafi vissulega reiknað með því að við yrðum í toppbaráttunni átti ég alls ekki von á því að liðið yrði í svona góðri stöðu á þessum tímapunkti. Þó svo að þetta sé ekki enn í höfn hjá okkur má alveg fullyrða að við séum komnir með aðra höndina á bikarinn," sagði Sigurbergur, sem er bjartsýnn á framhaldið.

„Við Haukamenn erum náttúrlega harðákveðnir í að klára þetta dæmi og það opnar dyrnar fyrir spennandi verkefnum næsta haust. Ég stefni á að taka annað tímabil með Haukum og svo er draumurinn óneitanlega að reyna að komast út í atvinnumennsku," sagði Sigurbergur.

Aron var að sama skapi sáttur með viðurkenninguna og gengi Haukaliðsins.

„Það er mikill heiður að fá svona viðurkenningu og ég er mjög sáttur með tímabilið hjá okkur. Þetta er samt ekki búið og við tökum bara einn leik fyrir í einu," sagði Aron ákveðinn.




**VONBRIGÐI** Francesco Totti verður sárt saknað í kvöld þegar United mætir á Ólympíuleikvanginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Luciano Spalletti, Roma:

## United er með besta lið heims

**FÓTBOLTI** Roma og Manchester United mætast á Ólympíuleikvanginum í Róm í kvöld.

Rómverjar hyggja væntanlega á hefndir eftir að United slátraði ítalska liðinu 7-1 á Old Trafford í fyrra en ítalska liðið varð fyrir blóðtöku þegar ljóst varð að Francesco Totti gæti ekki leikið vegna meiðsla. Knattspyrnustjórinn Luciano Spalletti kvað lið sitt þó verða að komast yfir það.

„Manchester United er að mínu mati með besta lið heimsins í dag á pappírunum en ég tel samt að lið mitt hafi þroskast mikið síðan við töpuðum 7-1 á Old Trafford. Það er auðvitað erfitt að vera ekki með Totti innanborðs en liðið verður að læra að komast af án hans," sagði Spalletti. - óþ



**Í HÓPNUM** Eiður Smári er í hópi Barcelona og fær vonandi tækifæri gegn Schalke í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

Manuel Neuer, Schalke:

## Vona að Barca vanmeti okkur

**FÓTBOLTI** Barcelona er klárlega talið sigurstranglegra fyrir einvígi sitt gegn Schalke sem hefst á Veltins-leikvanginum í Gelsenkirchen í kvöld en þýska liðið kom nokkuð á óvart með því að slá Porto út úr sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar.

Manuel Neuer, 22 ára gamall markvörður Schalke, sló rækilega í gegn í einvígi liðsins gegn Porto. Hann telur Barcelona vissulega vera sigurstranglegra og vonast í því samhengi til þess að Spánverjarnir geri sig seka um vanmat.

„Ég heyrði að Samuel Eto'o hefði verið mjög ánægður með að Barcelona léki gegn okkur þar sem við værum ekki svo sterkt lið og ég vona að þetta sé satt, þar sem vanmat sem þetta myndi bara verða okkur til góðs," sagði Neuer í viðtali á opinberri heimasíðu UEFA. - óþ

# Meistararnir rétt héldu lífi

## KR marði ÍR í framlengdum háspennuleik 80-86 og knúðu þar með fram oddaleik sem fram fer í DHL-höllinni. Staðan var 73-73 eftir venjulegan leiktíma.

**KÖRFUBOLTI** KR lagði ÍR, 86-80, eftir framlengingu í öðrum leik liðanna í fyrstu umferð úrslitakeppni Iceland Express. Því þurfa liðin að mætast þriðja sinni á morgun miðvikudag.

KR-ingar mættu mjög ákveðnir til leiks og náðu fljótt undirtökunum í leiknum. KR náði níu stiga forystu þegar 15 sekúndur voru til loka fyrsta leikhluta, 23-14, en Nate Brown kom ÍR aftur inn í leikinn með þriggja stiga körfu þegar fimm sekúndur voru eftir á leikklukkunni. Brown bætti um betur, stal boltanum og minnkaði muninn í fjögur stig, 19-23 um leið og lokaflautið gall.

KR-ingar léku af sömu ákefð framan af öðrum leikhluta og náðu aftur níu stiga forystu, 32-23. Hægt og rólega komust ÍR-ingar aftur inn í leikinn og botninn virtist detta úr leik KR. Um miðbik leikhlutans skoraði ÍR níu stig gegn engu og komst yfir, 35-33. Þegar flautað var til leikhlés var ÍR einu stigi yfir, 39-38.

ÍR-ingar náðu 10 stiga forystu snemma í þriðja leikhluta, 55-45. KR-ingar náðu aðeins að klóra í bakkann undir lok þriðja leikhluta þegar Hreggviður Magnússon sat á bekknum með þrjár villur. KR-ingar virtust þá öðlast trú á verkefnið á ný. Þeir fóru að leika betri vörn og aðeins munaði fimm stigum þegar fjórði leikhluti hófst, 60-55.

Hreggviður kom ÍR sjö stigum yfir, 64-57, en nældi sér í sína fjórðu villu þegar tæpar þrjár mínútur voru liðnar af fjórða fjórðungnum. Það nýttu KR-ingar sér og minnkuðu muninn jafnt og þétt þar til staðan var orðin jöfn, 68-68.

Gríðarleg spenna var á lokamínútunum en ÍR-ingar voru jafnan fyrri til að skora. Þegar sex sekúndur voru eftir af leiknum jafnaði Andrew Fogel metin, 73-73, þannig að framlengja þurfti leikinn.

Taugar leikmanna voru þandar til hins ýtrasta í framlengingunni. Reynsla KR-ingar vó þungt undir lok framlengingarinnar. Pálmi Sigurgeirsson skoraði þriggja stiga körfu þegar tæp mínúta var eftir og kom KR þremur stigum yfir, 79-82. KR náði fjögurra stiga forystu þegar sjö sekúndur voru eftir með góðri körfu frá Joshua Helm. ÍR náði hins vegar ekki að skora í næstu sókn og KR vann vægast sagt mikilvægan sex stiga sigur, 86-80, í gríðarlega spennandi leik. -gmi



**BJARGVÆTTUR** Avi Fogel jafnaði leikinn fyrir KR 73-73 og tryggði framlengingu, þar sem Íslandsmeistararnir höfðu betur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## ÚRSLITIN Í GÆR

### Iceland Express deild karla

ÍR-KR 80-86 (73-73) (39-38)

**Stig ÍR:** Nate Brown 25 (10 stoðsendingar, 6 fráköst), Tahirou Sani 18, Sveinbjörn Clasessen 16, Hreggviður Magnússon 15, Ómar Sævarsson 3, Ólafur J. Sigurðsson 3.

**Stig KR:** Avi Fogel 23 (7 fráköst, 7 stoðsendingar), Joshua Helm 14 (8 fráköst), Pálmi Sigurgeirsson 12 (8 fráköst), Fannar Ólafsson 12, J. J. Sola 8, Helgi Már Magnússon 6, Skarphéðinn Ingason 5, Brynjar Þór Björnsson 4, Darri Hilmarsson 2.

Snæfell-Njarðvík 80-66 (37-32)

**Stig Snæfells:** Justin Shouse 21, Slobodan Subasic 14, Sigurður Þorvaldsson 12, Hlynur Bæringsson 12, Mani Hafsteinsson 8, Anders Katholm 8, Jón Ólafur Jónsson 5.

**Stig Njarðvíkur:** Damon Bailey 21, Brenton Birmingham 12, Egill Jónasson 11, Guðmundur Jónsson 11, Sverrir Þór Sverrisson 4, Jóhann Árni Ólafsson 4, Hörður Axel Vilhjálmsson 3.

### Sænska úrvalsdeildin

Sundsvall-Helsingborg 0-3

0-1 Isaac Chansa (9.), 0-2 Christoffer Andersson (23.), 0-3 Christoffer Andersson (63.). Ólafur Ingi Skúlason lék í 78 mínútur fyrir Helsingborg og Sverrir Garðarsson, Ari Freyr Skúlason og Hannes Þ. Sigurðsson léku allan leikinn fyrir Sundsvall.

Malmö-IFK Gautaborg 1-1

0-1 Jonas Wallerstedt (57.), 1-1 Gabriel (62.). Ragnar Sigurðsson og Hjálmar Jónsson léku allan leikinn fyrir IFK Gautaborg.

### Norska úrvalsdeildin

Rosenborg-Lyn 2-1

0-1 Espen Hoff (45.), 1-1 Abdou R. Traoré (68.), 2-1 Yssouf Koné (81.). Indriði Sigurðsson og Theodór Elmar Bjarnason léku allan leikinn fyrir Lyn.

Rúnar Kárason, Fram:

## Samdi til ársins 2011 við Fram

**HANDBOLTI** Rúnar Kárason, hægri skyttan efnilega hjá Fram, hefur framlengt samning sinn við Safamýrarliðið til ársins 2011 en þetta var tilkynnt á heimasíðu Fram í gær.

Rúnar, sem verður tvítugur í sumar og er uppalinn Framari, hefur stimplað sig vel inn í N1-deildinni í vetur og samkvæmt heimasíðu Fram hefur hann vakið áhuga erlendra liða, m.a. í Frakklandi og Þýskalandi. Rúnar var enn fremur valinn til æfinga með A-landsliði Íslands fyrr í vetur og lék á Posten-Cup í Noregi með B-landsliðinu. - óþ

Snæfell er komið í undanúrslit í Iceland Express-deildarinnar eftir sannfærandi 80-66 sigur á Njarðvík í gær:

# Njarðvíkingum mokað út úr Fjárhúsinu

**KÖRFUBOLTI** Snæfell tryggði sér í gær farseðilinn í undanúrslit Iceland Express-deildarinnar með sigri á Njarðvík í Fjárhúsinu í Stykkishólmi, 80-66.

„Þetta eru alltaf erfiðir leikir en við vorum samt betri. Einvígið var í okkar höndum og aðeins við sjálfur gátum klúðrað því," sagði sveittur Hlynur Bæringsson í áhaldageymslunni eftir leik.

Heimamenn tóku frumkvæðið strax í byrjun og gáfu það aldrei eftir. Þeir voru mikið grimmari, tóku fleiri fráköst og spiluðu markvissari sóknarleik.



**FRÁBÆR** Justin Shouse skoraði 21 stig fyrir Snæfell í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Njarðvíkurliðið byrjaði í raun ekki að spila fyrr en Egill Jónasson kom af bekknum og hann skoraði góð stig og hirti fín fráköst.

Með mikilli baráttu tókst Njarðvík að minnka muninn í fimm stig fyrir hlé, 37-32. Lengi vel leit út fyrir að Snæfell ætlaði að ganga frá leiknum í þriðja leikhluta en þrír þristar frá Guðmundi Jónssyni héldu þeim inn í leiknum. 56-49 þegar 10 mínútur lifðu leiks.

Njarðvík komst aðeins nær en líkt og fyrr í leiknum voru gestirnir einstakir klaufar þegar þeir komust á skrið. Köstuðu boltanum frá sér hvað eftir annað á klaufalegan hátt og var síðan refsað grimmilega. Öruggur sigur heimamanna staðreynd og þeir eru líklegir til afreka í framhaldinu.

„Við teljum okkur geta farið alla leið. Sjálfstraustið í liðinu er svakalegt og aldrei verið meira held ég. Við höfum trú á okkar kerfi og teljum að lið eigi að lendi í vandræðum með okkur ef við spilum okkar leik. Ef við gerum það getum við unnið alla," sagði Hlynur Bæringsson.

Teitur Örlygsson, þjálfari Njarðvíkur, var eðlilega svekktur þegar blaðamaður dró hann í viðtal inn í áhaldageymslu.

„Sigurinn er sanngjarn hjá Snæfelli. Við klóruðum aðeins í þá en gerðum svo alveg svakaleg mistök. Það er ekki hægt gegn svona liði og við áttum bara ekki meira skilið. Við vorum sjálfum okkur verstir," sagði Teitur sem vill vera áfram með liðið og gerir ráð fyrir breytingum á leikmannahópnum.

„Það væri æðislega gaman og ég hef mikinn áhuga á því. Það er samt ljóst að það verða einhverjar breytingar á okkar hópi," sagði Teitur að lokum. - hbg

SPORT

UEFA CHAMPIONS LEAGUE

# 8 LIÐA ÚRSLIT
## MEISTARADEILDIN



ÍKVÖLD KL. 18:30
SPORT ROMA – MAN. UTD.

ÍKVÖLD KL. 18:30
SPORT 3 SCHALKE – BARCELONA

ÍKVÖLD KL. 20:40
SPORT MEISTARAMÖRK
– Allt það helsta úr leikjum kvöldsins

Á MORGUN KL. 18:30
SPORT ARSENAL – LIVERPOOL

Á MORGUN KL. 18:30
SPORT 3 CHELSEA – FENERBAÇHE

Á MORGUN KL. 20:40
SPORT MEISTARAMÖRK
– Allt það helsta úr leikjum kvöldsins

512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > James Woods

James Woods talar opinskátt um pólitískar skoðanir sínar og er alls ekki feiminn við að segja sitt álit í fjölmiðlum. Hann segist elska Georg W. Bush Bandaríkjaforseta og sagði stoltur í viðtali eitt sinn að hann hefði trúlega verið eini aðilinn í Los Angeles sem kaus Bush. James Woods leikur í þáttaröðinni Shark sem er sýnd á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HEFUR EKKI HÚMOR FYRIR NÚTÍMANUM**

## *Því eldra, því betra, því fyndnara*



Fyrir nokkru velti ágætur maður upp þeirri spurningu í sjónvarpsþætti hvort grín væri geymsluþolin vara, eða hvort það fuðri upp eins og flugeldur og skilji ekkert eftir sig. Þátturinn leiddi það einna helst í ljós að grín er eins og vín; það batnar með aldrinum. Það sem þykir einna fyndnast á hverjum tíma er að hlæja að fortíðinni þar sem það er vitað að allir voru ótrúlega bjánalegir fyrir tíu, fimmtán eða tuttugu árum. Nútíminn er aftur á móti lítið sem ekkert fyndinn. Við þurfum því væntanlega að bíða til ársins 2017 til þess að finnast seinasta áramótaskaup óborganlega fyndið. Grín er virkilega vandmeðfarið efni og því engin furða að það virki oft betur á mann þegar viss fjarlægð er komin á viðfangsefni þess. Í íslensku sjónvarpsgríni er nokkur hefð fyrir því að taka fyrir málefni líðandi stundar í þáttum eins og Spaugstofunni eða Áramótaskaupinu. Minna hefur verið um að íslenskir grínarar geri grín að tímalausum hversdegi almúgans, en slíkir brandarar hafa reynst nokkuð drjúg útflutningsvara stórra sjónvarpsþjóða. Hversdagurinn er grátbroslega svipaður hvarvetna í hinum vestræna heimi og því er vel hægt að hlæja að óförum einhvers lúða sem vinnur skrifstofustarf í New York. Aftur á móti er ólíklegt að skrifstofulúða í New York þyki Örn Árnason í gervi Geirs H. Haarde sérlega fyndinn. Og þó.

En aftur að gamla gríninu. Sjónvarpið á sannarlega lof skilið fyrir að sýna okkur þjóðþekkta leikara eins og þeir voru fyrir nokkrum áratugum. Meðan á sýningu þáttarins stóð mátti heyra sjónvarpsáhorfendur segja á innsoginu „Gvöð, sjáið hvað hann var mjór!“ eða „Jiiii, á ég að trúa því að hún hafi einhvern tímann verið svona ung!“ Þátturinn var sem sagt áhugaverður einkum fyrir það að sýna okkur framrás tímans; hann var skemmtilegur eins og það er gaman að fletta í gömlu ljósmyndaalbúmi. Voru brandararnir fyndnir? Kannski sumir þeirra, en það er alveg víst að hárgreiðslurnar voru flestar fyndnar.

## EKKI MISSA AF



▶ **16.10 Napoleon Dynamite** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.30 Roma-Man. Utd.** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Skólahreysti** SKJÁREINN



▶ **20.10 Veronica Mars** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.25 60 mínútur** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Meistaradeild VÍS í hestaíþróttum**

**16.05 Sportið**

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka**

**17.51 Hrúturinn Hreinn**

**18.00 Geirharður bojng bojng**

**18.25 Undir ítalskri sól** (2:5)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Veronica Mars (11:20)** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.

**20.55 Finni segir frá - Í landi vættanna** Finnskur þáttur um Marjöttu Päivätie, finnska konu sem kom til Íslands fyrir 30 árum til að stunda nám. Hún kynntist Íslendingi, giftist honum, settist að í landinu og á nú þrjú uppkomin börn. Í þættinum segir Marjatta meðal annars frá íslenskri náttúru og landvættunum.

**21.25 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Jóannes Eidesgaard, lögmann Færeyja.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Rannsókn málsins - Syndir föðurins** (1:2) Bresk spennumynd frá 2006 í tveimur hlutum.

**23.35 Mannaveiðar** (2:4)

**00.15 Kastljós**

**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 American Pie Presents Band Camp**

**08.00 The Producers**

**10.10 Napoleon Dynamite**

**12.00 Must love dogs**

**14.00 The Producers**

▶**16.10 Napoleon Dynamite** Bráðhlægileg gamanmynd með Jon Heder..

**18.00 Must love dogs**

**20.00 American Pie Presents Band Camp**

**22.00 Dirty Deeds**

**00.00 Air Force One**

**02.00 Control**

**04.00 Dirty Deeds**

## STÖÐ 2

**07.00 Camp Lazlo**

**07.25 Ofurhundurinn Krypto**

**07.50 Kalli kanína og félagar**

**08.00 Kalli kanína og félagar**

**08.05 Kalli kanína og félagar**

**08.10 Oprah** (Face Behind The Name)

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (4:32)

**11.15 60 minutes** (60 mínútur)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours** (Nágrannar)

**13.10 Corkscrewed** (1:8)

**13.35 A Cinderella Story**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Ginger segir frá**

**16.18 Justice League Unlimited**

**16.43 Kringlukast**

**17.08 Shin Chan**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons**

**19.55 Friends** (2:24) (Vinir 7)

**20.20 Hell´s Kitchen** (2:11)

**21.05 Shark** (4:16)

**21.50 Kompás** Skemmtilegur og fræðandi fréttaskýringaþáttur sem markaði tímamót í íslensku sjónvarpi.

▶**22.25 60 minutes** (60 mínútur) Glænýr þáttur virtasta og vinsælasta fréttaskýringaþáttar í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk. 2007.

**23.10 Medium** (1:16)

**23.55 Nip/Tuck** (10:14)

**00.45 ReGenesis** (4:13)

**01.35 Dead Awake**

**03.10 A Cinderella Story**

**04.45 Shark** (4:16)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Expressdeildin 2008** (ÍR - KR)

**14.35 Inside Sport** (Steve McClaren / Ben Ainslie)

**15.05 World Supercross GP**

**16.00 Iceland Expressdeildin 2008** (ÍR - KR)

**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**18.00 Meistaradeildin** (Upphitun) Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.

▶**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Man. Utd.) Bein útsending frá leik Roma og Man. Utd. í Meistaradeild Evrópu. Sport 3. Schalke - Barcelona

**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk) Sparkspekingar fara yfir alla leiki kvöldsins í Meistaradeildinni. Öll mörkin og öll umdeildu atvikin.

**21.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Schalke og Barcelona í Meistaradeild Evrópu.

**22.50 PGA Tour 2008 - Hápunktar (Zurich Classic Of New Orleans)**

**23.45 Meistaradeild Evrópu** (Roma - Man. Utd.)

**01.25 Meistaradeildin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Portsmouth - Wigan**

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**18.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.00 Tottenham - Newcastle**

**20.40 Liverpool - Everton**

**22.20 English Premier League** (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**23.15 Bolton - Arsenal**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Fyrstu skrefin** (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**15.55 Vörutorg**

**16.55 All of Us**

**17.20 Everybody Hates Chris** (e)

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.15 Psych** (e)

▶**20.10 Skólahreysti** (9:12) Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Kynnir er Jón Jósep Snæbjörnsson, betur þekktur sem Jónsi úr hljómsveitinni Í svörtum fötum. Fjörið heldur áfram og nú erum við á Akranesi þar sem skólakrakkar af Vesturlandi taka á öllu sem þeir eiga.

**21.00 Innlit / útlit** (7:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

**21.50 Cane** (5:13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Alex verður fyrir áfalli þegar Barnes þingmaður lendir í kynlífshneyksli og það setur framtíðaráform fyrirtækisins í hættu. Lögreglan þjarmar að Alex vegna morðsins á Quinones.

**22.40 Jay Leno**

**23.25 C.S.I.** (e)

**00.15 Jericho** (e)

**01.05 C.S.I.**

**01.55 Vörutorg**

**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12:15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20

### Hells' Kitchen



Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Hell's Kitchen; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðina til þessa. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir taka þátt í einstaklega harðri keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramseys sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Viðtalið

### Sjónvarpið kl. 21.25

Í þessum þætti verður fjallað um Færeyjar og rætt við Jóannes Eidesgaard, lögmann Færeyinga og Elinu Heinesen ferðamálastjóra. Eidesgaard hefur verið lögmaður frá því 2004 en hefur setið á þingi frá 1990 og gegndi ýmsum ráðherraembættum áður en hann varð lögmaður. Forvitnilegur þáttur um nágranna okkar í austri.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 George Lopez Show, The** (18:18)
**17.30 Comedy Inc.** (9:22) Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
**18.00 American Dad** (6:23)
**18.30 Kenny vs. Spenny 2** (1:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 George Lopez Show, The** (18:18)
**20.30 Comedy Inc. (9.22)**
**21.00 American Dad** (6:23)
**21.30 Kenny vs. Spenny 2** (1:13) Kenny vs. Spenny er frábær þáttur um æskufélagana Kenny og Spencer þar sem þeir etja kappi í hinum ýmsu atburðum, íþróttum, greinum og í raun hverju sem er. Sá sem tapar þarf að gera eitthvað hræðilega niðurlægjandi og vandræðalegt.
**22.00 American Idol** (24:42) Bandaríska útgáfan af Idol-Stjörnuleit er vinsælasti sjónvarpsviðburður í heimi. Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna en fram að þessu hafa sigurvegarar keppninnar og reyndar fleiri til slegið rækilega í gegn og selt milljónir platna. Dómararnir Simon Cowell, Paula Abdul og Randy Jackson eru á sínum stað, rétt eins og kynnirinn Ryan Seacrest.
**23.00 American Idol** (25:42)
**23.45 Crossing Jordan** (15:17)
**00.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Kristinn H.** Umsjónarmaður er Kristinn H. Gunnarsson formaður þingflokks Frjálslynda flokksins. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
**21.30 Úrval úr Mér finnst...** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

**Dagsskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** De gratis glæder **11.50** Søren og Søren **12.20** Kom igen - der er mere at lære **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Pucca **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Kender du typen? **18.30** Med andre øjne **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Kriminalkommissær Clare Blake: Dødedans **21.10** Dødens Detektiver **21.30** Seinfeld **21.55** Album

## NRK 1

**10.10** Fantastiske fortellinger **10.40** Det svenske sviket **11.40** Faktor: Utmattet **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Supermusikk **13.30** Den utvalgte **14.05** H2O **14.30** Utfordringen **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Solens mat **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.15** Den vesle bilen Brum **16.25** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen: Magasin **17.55** Landeplage: Noen ganger er det all right **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Anklaget **22.55** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.25** Kulturnytt

## SVT 1

**10.05** Debatt **12.05** Maria **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Krokomax **16.00** Kipper **16.10** Minimyror i Kenya **16.15** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.25** Räkna med skägg **16.30** Fiska med Anders **16.45** Seaside hotell **17.00** Lilla Aktuellt **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Andra Avenyn **18.30** Naturnollorna **19.00** Plus **19.30** Klass 9A **20.00** Down With Love **21.40** Rapport **21.50** Kulturnyheterna **22.05** Brottet **23.05** Stressad, rädd och förbannad





www.renault.is

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is

**RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU!** Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneytni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýtist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneytni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

**B&L ATVINNUBÍLAR**

GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

RENAULT

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Það mun vera Salatbarinn hjá Ingvari í Faxafeninu. Það er gott að detta þangað inn í hádeginu og ekki skemmir fyrir að hitta karlinn sjálfan sem er alltaf eiturhress.“*

Sigurjón Brink tónlistarmaður.

# Dagvaktarstjörnur tengdar umheiminum

„Stjörnurnar verða auðvitað að vera með gsm-samband,“ segir Mikael Jóhann Traustason, staðarhaldari Hótel Bjarkarlunds, en farsímasambandi hefur nú verið komið á við þennan „dauða“ blett farsímanna vinsælu. Eins og kunnugt er verður Dagvaktin, framhald hinnar vinsælu þáttaraðar Næturvaktarinnar, tekin upp á Hótel Bjarkarlundi.

Mikael segir að íbúarnir í nágrenni við hótelið séu himinlifandi með þetta og upplýsir jafnframt að ADSL-netsamband sé komið á. „Þá lækkar vonandi símakostnaðurinn vonandi niður úr valdi og það hættir að vera á tali alltaf,“ segir Mikael en netsamband hótelsins var eingöngu í gegnum símalínur.



**SAMBANDI NÁÐ** Árni, hótelstjóri Bjarkalundar, tengir sveitina við net og síma.

„Þetta er svona súrsæt tilfinning, ég var annars farinn að gæla við það að geta verið bæði net-og símalaus í heilan mánuð. En þeir voru víst búnir að lofa þessu og það er því ágætt að þetta er komið í gegn,“ segir Ragnar Bragason, leikstjóri Dagvaktarinnar, en hún verður að mestu leyti tekin upp á hótelinu. Ragnari skildist reyndar að einhverjir leikarar hafi haft miklar áhyggjur af símaleysinu og voru víst sjálfir farnir að þreifa fyrir sér hjá farsímafyrirtækjum í þeirri von að geta komið því á áður en tökur hæfust um miðjan næsta mánuð. „Borgarbörnin geta hvorki verið án síma né nets,“ segir Ragnar og hlær. „En þetta auðveldar náttúrlega framleiðsluna til muna því framleiðandinn þarf meira eða minna að vera í símanum á meðan á tökum stendur,“ bætir Ragnar við.

-fgg



**SAMBANDI, VERÐ AÐ VERA Í SAMBANDI** Ragnar Bragason og Dagvaktarstjörnurnar verða í góðu gsm-og netsambandi á meðan tökur fara fram á Hótel Bjarkarlundi.



**LÁRÉTT**
**2.** himinn **6.** líka **8.** nudda **9.** tilvist **11.** tónlistarmaður **12.** æxlunarfæri blóms **14.** yfirstéttar **16.** frá **17.** gagn **18.** þakbrún **20.** peninga **21.** köttur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt **3.** öfug röð **4.** pensillín **5.** hald **7.** afríku dýr **10.** óvild **13.** of lítið **15.** bakhluti **16.** umfram **19.** vörumerki.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. loft, 6. og, 8. núa, 9. líf, 11. kk, 12. fræva, 14. aðals, 16. af, 17. nyt, 18. ufs, 20. fé, 21. kisa.
**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. on, 4. fúkalyf, 5. tak, 7. gíraffi, 10. fæð, 13. van, 15. stél, 16. auk, 19. ss.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Sparisjóðurinn Byr
2. Pétur M. Jónasson prófessor
3. Hann er bifvélavirki

Auglýsingasími
512 50 50
- Mest lesið

HUGLEIKUR DAGSSON: SINN ER SIÐUR Í LANDI HVERJU

# Rekinn úr skóla fyrir að stela brandara Hugleiks

„Já, hann sendi mér póst þessi strákur. Baðst afsökunar á því að hafa stolið brandaranum mínum. Og spurði hvort ég gæti reddað honum úr þessari klípu. En ég veit svo sem ekki alveg hvernig ég á að snúa mér í því,“ segir Hugleikur Dagsson, rithöfundur og teiknari.

Fyrir skömmu barst Hugleiki sem sagt tölvupóstur þar sem nemandi nokkur í Kaliforníu, nánar til tekið í California Polytechnic State University, sagði farir sínar ekki sléttar. Hann á hálft ár eftir af BS-námi sínu, hafði verið að lesa Hugleik og efnið höfðaði sterkt til hans. Hann freistaðist til þess að endurteikna einn brandara Hugleiks, gera að sínum og birta í skólablaðinu. Upp komst um strákinn Tuma og ekki nóg með það: Honum var umsvifalaust vikið úr skólanum fyrir ritstuld. Hugleikur veit ekki alveg hvað honum á að finnast um þetta.

„Ég veit ekki hvernig ég á að geta bjargað honum úr klípunni.





**TEIKNINGIN** Þessi teikning höfðaði svo til bandaríska háskólanemans að hann ákvað að gera hana að sinni - en hefði betur sleppt því.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Veltir því nú fyrir sér hvort hann eigi að fyrirgefa ritþjófnum og biðjast ásjár fyrir hans hönd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hugsanlega rita skólastjóranum og biðja hann ásjár. Ég er að vissu leyti snortinn. Ekki bara er verið að stela frá mér einhvers staðar í Kaliforníu heldur kemst upp um það líka. Maður er orðinn svona þekktur. En þetta er snúið. Kannski ætti að draga blóðugt líkið um allan bæ öðrum til varnaðar. En svo hef ég samúð með drengnum sérstaklega þar sem hann sendir þennan póst og biðst afsökunar,“ segir Hugleikur.

Um er að ræða teikningu úr fyrstu bók Hugleiks og fjallar um stúlku sem segir pabba sínum að þegar hann verði stór ætli hún að verða hóra. Og pabbinn svarar: Takk MTV!

Þetta mál er athyglisvert meðal annars í ljósi þess að það svo virðist sem sinn sé siður í landi hverju. Nemendum við bandaríska skóla er umsvifalaust vikið úr skóla ef þeir verða uppvísir af því að stela þó ekki sé nema brandara sem ættaður er úr annarri heimsálfu. Hér eru menn hins vegar að reyna að sjá í gegnum fingur sér við prófessora við sjálfa akademíuna sem dæmdir hafa verið af dómstólum fyrir ritstuld.

„Nákvæmlega. Þetta eru vissulega önnur viðhorf. Ef allir byrjuðu að herma eftir mér yrði ég ekki mjög sáttur. En heyrir maður af þessu dæmi lengst utan úr í heimi. Kannski ætti ég ekkert að vera of linur í garð hans og nota sem fordæmi?“

Hugleikur er búsettur úti í Amsterdam og hefur verið frá í október. Hann lætur vel af Hollandsdvöl sinni en er væntanlegur heim nú í maí.

jakob@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Grínarinn **Pétur Jóhann Sigfússon** er áberandi um þessar mundir. Fyrst var það Næturvaktin og nú Stóra planið og því næst eru að byrja tökur á Dagvaktinni. Pétur Jóhann ætlar þó ekki að láta þjóðina gleyma sér þangað til Dagvaktin fer í sýningar. Um miðjan apríl fer í loftið stór og mikil auglýsingaherferð fyrir Vodafone þar sem hann er í aðalhlutverki og þykir fara á kostum sem fyrr.





Stóra planið, í leikstjórn **Ólafs Jóhannessonar,** hefur fengið fínar viðtökur gagnrýnenda og kvikmyndahúsagesta. Fjöldi íslenskra leikara kemur fram í myndinni en ekki er víst að þeir hafi allir verið sáttir við endanlega útgáfu hennar. Leikstjórinn mun hafa þurft að klippa út ansi mörg bitastæð atriði og þar með heilu og hálfu persónurnar.

Meðal þeirra sem urðu eftir á klippiborðinu var **Steinn Ármann Magnússon**. Hlutverk þeirra **Sigurjóns Kjartanssonar** og **Þorsteins Guðmundssonar** urðu talsvert minni en þeir bjuggust við og sama átti við um **Ladda** og **Ísgerði Elfu Gunnarsdóttur**. Þá fékk fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmsdóttir** að kenna á niðurskurðinum; eina setning hennar var þegar hún kvartar undan því að **Ingvar E. Sigurðsson** klípi hana í rassinn.



- hdm

Spennandi starf inni í blaðinu.
Hive SKO

# Umferðarstofa bannar klám

Ekkert lát er á einkanúmeraútgáfu hjá Umferðarstofu þrátt fyrir meinta kreppu. Nú eru einkanúmer á Íslandi orðin 4.517 og ný bætast við í hverri viku.

Árni Johnsen er guðfaðir einkanúmeranna. Hann barðist fyrir því að þau væru tekin upp og var svo fyrsti maðurinn á Íslandi til að fá sér einkanúmer. Það var „ÍSLAND“ eins og frægt er orðið og fékk Árni það númer skráð 18. júní 1996. Upphaflega stóð til að gjald fyrir einkanúmer væri 50.000 krónur en Árna tókst með harðfylgi að fá það lækkað um helming. Í dag er réttindagjald ennþá 25.000 krónur fyrir einkanúmer – engin verðbólga þar – og rennur gjaldið til umferðaröryggismála. Þetta aukagjald bætist við hið hefðbundna 5.200 króna gjald fyrir númeraplötur sem allir þurfa að greiða.

Mörg skemmtileg einkanúmer hafa litið dagsins ljós á þessum tólf árum og létt öðrum ökumönnum lundina í umferðinni. Þar má nefna TÍHÍHÍ, JÁÓKEY, SURTUR, BLESS og ZZZZZZ. Aðdáendur aka meðal annars um göturnar á ZZ TOP, BUBBI, STONES, SÁLIN, LENNON, MANUTD og ELVIS og sumir vilja vera fyndir á ensku: til dæmis á UR2L8, RU OK, B9S2ME og UR2SLÓ. Albesta einkanúmerið er svo líklega BRUÐL.



**ENGIN HÆKKUN Á VERÐI Í 12 ÁR** ÍSLAND – Fyrsta einkanúmer Íslands.

Nokkur einkanúmer hafa verið bönnuð af Umferðarstofu. Sum eru talin geta ollið hneykslun eða haft í för með sér óþægindi fyrir aðra. Þar á meðal eru POLICE, KILLER, BAKKUS, FUCKU2, FÍKNÓ, STUNTS, DEVIL, Ó GUÐ, SATAN, NAZI og KLÁM. Önnur eru einfaldlega talin valda ruglingi, einkanúmer eins og 0000CO, 000000, 8B8B88 og ÖKUNÁM.

- glh

vísir.is
“...ég sá það á vísi”



# Söknuður
# Tónleikar
## í minningu Vilhjálms Vilhjálmssonar

**Vegna mikillar eftirspurnar hefur verið bætt við þrennum tónleikum í**

## Salnum Kópavogi

- Föstud. 4. apríl kl. 20.00 (laus sæti)
- Laugard. 5. apríl kl. 16.00 (örfá sæti laus)
- Laugard. 5. apríl kl. 20.00 (örfá sæti laus)

Miðasala á www.salurinn.is og einnig í miðasölu Salarins Hamraborg 6 Kópavogi sem er opin virka daga frá kl. 10.00 – 16.00 **Sími 5 700 400**

Miðaverð kr.4.900-

Fram koma söngvararnir:
Stefán Hilmarsson,
Pálmi Gunnarsson,
Friðrik Ómar og
Guðrún Gunnarsdóttir

**Hljómsveitarstjóri:**
**Kjartan Valdimarssonar píanóleikari**
**Stjórnandi strengjasveitar:**
**Roland Hartwell**







Tónleikarnir eru Samvinnuverkefni umboðsskrifstofunnar Rigg, Icelandair og N1

N1

ICELANDAIR

RIGG umboðsskrifstofa Sími 898 1010 rigg@simnet.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**vísir.is**
"...ég sá það á vísi"





**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur


## *Bjartsýni ríður húsum*

Bjartur í Sumarhúsum þurfti lengi að búa þröngt. Svo skall stríðið á með tilheyrandi þenslu og hækkandi verði á kindakjöti svo skyndilega gátu Bjartur og aðrir kotbændur keypt fínar skrautstyttur og byggt hús, já jafnvel þrílyft hús og steypu eins og Bjartur gerði. Þensla stríðsins fyllti hann bjartsýni og ákvað hann því einnig að styrkja fjárhóp sinn í von um að verða ríkari maður enda hækkaði kjötverð mikið með tilkomu hersins. En blessuðu stríðinu lauk um síðir, þenslan hjaðnaði og Bjartur komst að raun um að nýja húsið var illa byggður hjallur, verðið á kindakjöti hrundi og aftur tóku vandræðin við.

**ÓSJÁLFRÁTT** skýtur þessari sögu af Bjarti og húsnæðisvandræðum hans oftast upp í höfði mér þegar ég skoða fasteignavefina. Ég fylgist með verði lækka, sérstaklega þar sem stendur að fasteignin sé laus til afhendingar strax, því þá er auðsýnt að bjartsýnir fyrrverandi húsráðendur hafa keypt sér nýtt og betra húsnæði án þess að hafa selt hið fyrra og má því leiða að því líkur að þeir séu komnir í skelfileg vandræði. Hér hefur ríkt blessuð þenslan og alla langað til að ávaxta sitt pund eða stækka fjárhópinn eins og Bjartur forðum daga. Ansi margir fjárfestar samtímans hafa þó, eins og Bjartur, þurft að horfa upp á fé sitt og fjárfestingar falla í verði eins og gerist óhjákvæmilega oft á litla Íslandi þegar breytingar verða úti í hinum stóra heimi.

**VERKTAKAR** og bankar eru ef til vill skýr dæmi um þá bjartsýni sem ríkti í tengslum við fasteignamarkaðinn fyrir skemmstu. Gríðarlegur fjöldi nýrra húsa hefur risið á síðustu árum og um tíma töldu forsvarsmenn bankanna svo bjart í vændum á húsnæðismarkaðnum að þeir vildu að Íbúðalánasjóður yrði lagður niður.

**ÞÓTT** verulega hafi dregið úr veltu á fasteignamarkaði, lánamarkaðurinn sé nær frosinn og framboð á eignum hafi aukist gríðarlega að undanförnu virðast bankamenn og fasteignasalar ætla að halda áfram að reyna að sannfæra fólk um að fasteignaverð fari ekki að lækka. Hvers vegna í ósköpunum ætti það ekki að gera það? Ef lögmálið um framboð og eftirspurn stenst hlýtur það að falla verulega. Eða hefði Bjartur kannski bara getað selt hjallinn á okurprís eftir allt saman, nei, varla ekki, nema hjallurinn hefði verið reistur í miðbænum og hefði fengið að grotna svo niður að ekkert biði hans nema niðurrif með tilheyrandi gróða.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 1. apríl, 92. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.44 | 13.31 | 20.20 |
| Akureyri | 6.26 | 13.16 | 20.08 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


SIMPLY CLEVER




SKODA SCOUT 4x4
SEM EYÐIR EKKI 4xMEIRA

**Octavia Scout** nýi fjórhjóladrifsbíllinn frá Skoda er rúmgóður, með meiri veghæð en bílar í sama stærðarflokki og öfluga 140 hestafla 2.0 TDI dísilvél. Hann er er ríkulega búinn, á frábæru verði, með 17" álfelgur, fjarlægðarskynjara, Climatronic loftkælingu og ESP stöðugleikakerfi.

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss

HEKLA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA